


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn
Dælubúnaður








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
**7. mars 2012**
57. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




### Hönnuðu Lukku

*Elsa Nielsen og Þorbjörg Helga Ólafsdóttir unnu til verðlauna fyrir pappaklukkuna Lukku.*

**fólk** 30

### 110 ára Sögufélag

*Við erum stolt af verkum okkar segir Guðni Th. Jóhannesson forseti.*

**tímamót** 16



### Þráhyggja Romans

*Eigandi Chelsea hefur eytt formúu í leit sinni að Meistaradeildarbikarnum.*

**sport** 26

### veðrið í dag




**STREKKINGUR** víða en hvassviðri allra syðst. Éljagangur sunnan- og vestanlands en nokkuð bjart norðan og austan til. Hiti víða í kringum frostmark.

VEÐUR 4

# Vantar 211 konur í stjórnir á Íslandi

**Fyrirtæki og lífeyrissjóðir landsins þurfa að fjölga konum í stjórnum sínum mikið til að uppfylla skilyrði laga sem taka gildi haustið 2013. Hjá fyrirtækjum landsins vantar 192 konur og einn karlmann. Lífeyrissjóði vantar 19 konur.**

**VIÐSKIPTI** Fjölga þarf konum í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða um 211 fyrir byrjun september 2013. Þá tekur í gildi lagabreyting sem felur í sér að hlutfall hvors kyns í stjórnum fyrirtækja með fleiri en 50 starfsmenn og lífeyrisjóða má aldrei verða minna en 40%. Nú vantar 192 konur í stjórnir fyrirtækja sem falla undir löggjöfina og 19 konur í stjórnir lífeyrissjóða. Einungis vantar einn karlmann í eina stjórn. Þetta kemur fram í tölum frá Félagi kvenna í atvinnurekstri (FKA) sem byggja á upplýsingum frá Creditinfo og KPMG.

**55%** fyrirtækja sem lög um kynjahlutfall í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða ná yfir þurfa að fjölga konum í stjórnum sínum.

Alls falla 285 stjórnir og 32 lífeyrissjóðir undir löggjöfina. Það fyrirtæki sem uppfylla skilyrðin eru samtals 128 talsins en 157 þeirra gera það ekki sem stendur. Því þurfa um 55% fyrirtækja sem lögin ná til að fjölga konum í stjórnum sínum.

Hjá einu fyrirtæki þarf konunum að fjölga um þrjár, hjá 34 þeirra þarf að fjölga um tvær og 121 fyrirtæki þarf að bæta við einni konu. Þá vantar 19 konur í stjórnir 32 lífeyrissjóða sem lögin ná til.

Á morgun verður haldinn fundur til að fylgja eftir samstarfssamningi FKA, Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs, Creditinfo og allra stjórnmálaflokka á Íslandi sem undirritaður var 15. maí 2009 um að fjölga konum í forystu íslensks atvinnulífs til loka ársins 2013. Á fundinum stendur til að dreifa lista með nöfnum um 190 kvenna sem gefa kost á sér til stjórnarsetu í íslenskum fyrirtækjum og lífeyrissjóðum. - þsj /sjá Markaðinn

Fljótsdalshérað gæti grætt vel:

## Landsvirkjun gert að borga af vatnsréttindum

**DÓMSMÁL Landsvirkjun gæti þurft að greiða Fljótsdalshéraði háar fjárhæðir í fasteignagjöld af vatnsréttindum Jökulsár á Dal, sem fyrirtækið fékk framseld vegna gerðar Kárahnjúkavirkjunar.**

**Innanríkisráðuneytið hefur staðfest ákvörðun Þjóðskrár þess efnis að meta eigi vatnsréttindin til fasteignamats. Landsvirkjun kærði niðurstöðuna til ráðuneytisins.**

**Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir ekki einfalt að meta hverju fasteignamatið gæti skilað bæjarfélaginu í fasteignagjöldum.**

**Björn segir Fasteignamatið eiga að liggja fyrir innan tveggja mánaða og jafnvel þótt Landsvirkjun fari með málið fyrir dóm fresti það ekki álagningu gjaldanna.** - gar, sh / sjá síðu 4



**Í ÞUNGUM ÞÖNKUM** Hou Yifan, heimsmeistari kvenna, og Guðlaug Þorsteinsdóttir, margfaldur Íslandsmeistari kvenna, áttust við á fyrsta degi Reykjavíkurskákmótsins sem hófst í Hörpu í gær. Yifan vann skákina nokkuð örugglega. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Reykjavíkurskákmótið:

## Caruana sigurstranglegastur

**SKÁK** Reykjavíkurskákmótið í Hörpu hófst með glæsibrag í gær þegar Óttarr Proppé borgarfulltrúi lék fyrsta leikinn fyrir Hou Yifan, heimsmeistara kvenna, gegn Guðlaugu Þorsteinsdóttur, margföldum Íslandsmeistara kvenna.

Augu skákheimsins munu væntanlega beinast að Yifan, sem er átján ára og varð fyrst heimsmeistari aðeins fimmtán ára, og Fabiano Caruana, sem er 19 ára og í sjöunda sæti á heimslistanum í skák. Caruana er jafnframt stigahæsti skákmaður sem nokkru sinni hefur teflt á Reykjavíkurmótinu og búast flestir við að hann fari með sigur af hólmi.

Um tvö hundruð keppendur frá 36 löndum eru skráðir til leiks á mótinu. - shá

Tæpur helmingur aðstandenda neitar afhendingu líffæra eftir andlát:

# Þrettán líffæragjafar á fimm árum

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimmtíu líffæri úr þrettán látnum einstaklingum hafa nýst sjúklingum hér á landi frá árinu 2007. Aðstandendur synjuðu beiðnum um líffæragjafir átta sinnum á sama tímabili.

Samkvæmt skoðanakönnunum vilja 80 til 90 prósent Íslendinga gefa líffæri eftir andlát sitt. Þó neita aðstandendur líffæragjöfum í 40 prósentum tilfella. Þetta er meðal þess sem kom fram í erindi Runólfs Pálssonar, yfirlæknis nýrnalækninga á Landspítalanum, á málþinginu „Líffæri fyrir lífið" á Grand Hótel í gær.

Lög voru sett um ákvörðun dauða og brottnám líffæra til ígræðslu árið 1991 og gera þau ráð fyrir upplýstu samþykki, eða ætlaðri neitun. Nú liggur fyrir þingsályktunartillaga um að taka upp ætlað samþykki, það er að allir verði líffæragjafar við andlát nema þeir hafi tilgreint annað sérstaklega, líkt og tíðkast í Noregi og víðar. - sv

**Líffæragjafir***

- Hjörtu – 6
- Nýru – 26
- Lifrar – 11
- Lungu – 6
- Bris – 1

*úr látnum frá 2007

Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösum




Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

Mannvinir

Rauða krossins hjálpa börnum í neyð



Hjálpaðu núna
raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands



**SPURNING DAGSINS**



*Nanna, eru menn þá ekkert hræddir við ykkur?*

„Það er ekkert að óttast. Þótt við séum skrímsli þá erum við með stór hjörtu.“

Hljómsveitin Of Monsters and Men er á leið í tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada. Þegar er uppselt á flesta tónleikana. Nanna Bryndís Hilmarsdóttir er söngkona hljómsveitarinnar.

Björn Bjarnason dæmdur til að greiða Jóni Ásgeiri Jóhannessyni miskabætur vegna dóms í meiðyrðamáli:

# Björn áfrýjar dómnum til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Björn Bjarnason, fyrrverandi dómsmálaráðherra, ætlar að áfrýja dómi sem hann hlaut fyrir meiðyrði í garð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar athafnamanns í gær.

Héraðsdómur komst í gær að þeirri niðurstöðu að tvenn ummæli í bók Björns, Rosabaugur yfir Íslandi, hefðu falið í sér meiðyrði.

Birni var ekki gerð refsing vegna þessa, en hann var dæmdur til að greiða Jóni Ásgeiri 200 þúsund króna miskabætur, 200 þúsund krónur til að kosta birtingu dómsins í fjölmiðlum og til að greiða 500 þúsund króna málskostnað.

Björn segir á heimasíðu sinni að málinu verði áfrýjað: „Það er óhjákvæmilegt að fá niðurstöðu Hæstaréttar um það hvort héraðsdómur sé réttur. Reynist svo hafa dómstólar mótað nýja og þrönga málfrelsisreglu sem felst í því að menn eiga ekki lengur leiðréttingu orða sinna heldur geta setið uppi með mörg hundruð þúsundir króna í kostnað vegna ritvillu.“ Dómurinn taldi það Birni til tekna að hafa leiðrétt ummælin á áberandi hátt, en sagði slíkt ekki leiða til refsileysis.

Jón Ásgeir taldi þrenn ummæli í bókinni stangast á við lög. Í bókinni sagði Björn að Jón Ásgeir hafi verið dæmdur fyrir fjárdrátt, en ekki meiri háttar bókhaldsbrot eins og rétt er. Einnig að Jón Ásgeir hafi verið sakfelldur fyrir fleiri ákæruliði en hann var í raun sakfelldur fyrir. Hvort tveggja taldi dómurinn meiðyrði og ákvað að ummælin skyldu dæmd dauð og ómerk.

Dómurinn taldi það hins vegar ekki meiðyrði að Björn hafi ranglega sagt Jón Ásgeir ákærðan í ákærulið sem fjallaði um meint brot annars ákærða. **- bj**



BJÖRN BJARNASON JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON

Fundust látin um helgina:

## Þrjú talin myrt í Stokkhólmi

**SVÍÞJÓÐ** Tveir karlar og ein kona fundust látin í Stokkhólmi og nágrenni um helgina. Grunur leikur á að öll hafi þau verið myrt.

Maður á sjötugsaldri fannst látinn á heimili sínu suður af Stokkhólmi á föstudagskvöld. Eiginkona hans er í haldi lögreglu vegna málsins. Ekki er þó víst að nokkuð saknæmt hafi átt sér stað.

Þá fannst 44 ára kona látin á heimili sínu á laugardag. Sambýlismaður hennar hefur verið handtekinn auk þess sem annar hefur verið yfirheyrður.

Loks fannst karlmaður látinn fyrir utan íbúðarhús aðfaranótt sunnudags og hafa tveir verið handteknir grunaðir um að hafa ráðið honum bana. **- þeb**



**FLÓTTAFÓLK Í LÍBANON** Segir stjórnarherinn hafa elt fólk uppi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hörð átök í Sýrlandi:

## Flóttafólk lýsir grimmd hersins

**SÝRLAND, AP Sýrlenski herinn varpaði sprengjum á bæinn Hirak í sunnanverðu Sýrlandi í gær og átti í hörðum átökum við liðhlaupa úr hernum. Stjórnarandstæðingar fullyrða að sprengjum hafi jafnvel verið varpað á moskur. Flóttafólk frá Sýrlandi, sem kom til Líbanons á mánudag, segist hafa óttast að verða myrt á heimili sínu. Stjórnarherinn hafi elt fólk uppi af mikilli grimmd. Undanfarna daga hafa þúsundir manna flúið yfir landamærin til Líbanons. Átökin hafa kostað meira en sjö þúsund manns lífið frá því þau hófust.** **- gb**

# Hart deilt um sölu erlendra eigna OR

**Sala Orkuveitunnar á erlendum dótturfélögum án auglýsingar veldur titringi í borgarpólitíkinni. Stjórnendur OR verja ákvörðunina og vísa til gamals samkomulags. Minnihluti borgarstjórnar blæs á rökin og vísar í nýjar reglur á móti.**

**ORKUMÁL** Sala Orkuveitunnar í erlendum dótturfélögum, Enex-Kína og Envent Holding, sem var án auglýsingar, er orðin að sjóðheitu pólitísku þrætuepli. Í gær var salan gagnrýnd á fundi borgarstjórnar en í kjölfarið fylgdu föst skot sem bárust til fjölmiðla í gærkvöldi, bæði frá stjórnendum OR og fulltrúum minnihlutans í borgarstjórn.

Vegna umfjöllunar um söluna sendi Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, frá sér yfirlýsingu þar sem kemur fram að OR hafi átt engra annarra kosta völ en að selja hluti sína. Ástæðan var samkomulag REI við Geysir Green Energy (GGE) frá í marsmánuði árið 2010. Þar skuldbundu félögin sig gagnvart hvort öðru til að taka þátt í söluferli félaganna þegar og ef annar aðila krefðist þess. Sérstaklega er tekið fram að samkomulagið var samþykkt af stjórn REI í formannstíð Kjartans Magnússonar 23. mars 2010 og undirritað af framkvæmdastjóra félagsins, Hjörleifi Kvaran, sama dag.

Af samkomulaginu leiddi, segir Haraldur, að stjórn og stjórnendur REI stóðu frammi fyrir því vali í júní 2011 að gera annað tveggja; selja hlut sinn í Enex-Kína og Envent til Orku Energy (OE) sem GGE hafði samþykkt ellegar kaupa hlut GGE. „Sem sagt fá 300-400 milljónir í kassann eða leggja út 1.800 milljónir. Allar aðstæður í rekstri REI og ekki síður OR voru með þeim hætti að valið varð næsta einfalt.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sagði í borgarstjórn í gær að málið væri grafalvarlegt, en þar var það hart gagnrýnt að OR seldi eignirnar án auglýsingar. Hanna Birna sagðist undrast að meirihlutinn hafi ekki tekið á málinu og krafði borgarstjóra um svör. Haraldur svaraði í raun kallinu með því að blanda sér í málið með tilkynningunni, en þar er í raun sagt að salan hafi ekki lotið reglum um sölu eigna vegna samkomulagsins milli REI og GGE.

Í tilkynningu sjálfstæðismanna og Vinstri grænna til fjölmiðla í gærkvöldi segir að þessi skýring standist enga skoðun þar sem hvergi er minnst á slíkt í umræddu samkomulagi auk þess sem í millitíðinni höfðu verið samþykktar sérstakar verklagsreglur um fyrirkomulag á sölu eigna í stjórn OR.

„Ef meirihluti stjórnar eða forsvarsmenn fyrirtækisins töldu það þjóna betur hagsmunum fyrirtækisins að fara aðra leið en að auglýsa opinberlega, líkt og gera á, hefði stjórnarformaðurinn átt að fá til þess heimild í stjórn OR,“ segir í tilkynningu minnihlutans.

svavar@frettabladid.is



**STJÓRNARFORMAÐURINN** Haraldur Flosi Tryggvason, stjórnarformaður OR, segir söluna hafa verið óumflýjanlega vegna gamals samkomulags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Orka Energy kaupir af Orkuveitunni

Félagið Orka Energy Holding keypti erlend dótturfyrirtæki OR sem áður voru inni í útrásararmi hennar, Reykjavík Energy Invest (REI). Um er að ræða félagið Iceland America Energy, sem er í slitameðferð, 19,53% í Enex Kína og tæplega fjórðungshlut í Envent Holding. OR fékk 365 milljónir króna fyrir eignarhluti sína, samkvæmt aðgerðaáætlun fyrirtækisins og eigenda þess.

Orka Energy Holding er í eigu Orka Energy Pte. Ltd. Það félag er í eigu Hauks Harðarsonar, sem er kjölfestufjárfestir í félaginu, og starfsmanna Orku Energy Holding, eins og greint var frá í Fréttablaðinu 1. mars.

Samkeppni á Ingólfstorgi:

## Fimm áfram á seinna þrepið

**SKIPULAGSMÁL Fimm tillögur hafa verið valdar af dómnefnd í hugmyndasamkeppni um skipulag á Ingólfstorgi til að fara úr fyrra þrepi til frekari úrvinnslu í seinna þrepi samkeppninnar.**

**„Í seinna þrepi munu þátttakendur vinna frekar úr hugmyndum sínum um hönnun hótels og almenningsrýma innan reitsins ásamt því að útfæra nánar tengingar við borgarumhverfið,“ segir á vef Reykjavíkurborgar. Stefnt er að því í lok mars að álit og umsögn dómnefndar um tillögurnar ásamt keppnislýsingu verði send út til þeirra fimm sem voru valdar af dómnefnd til þátttöku í seinna þrepið sem er framkvæmdasamkeppni.** **- gar**

Norskur ráðherra segir af sér:

## Halvorsen styður hann áfram

**NOREGUR** Afsögn Auduns Lysbakken, ráðherra jafnréttismála í Noregi, virðist ætla að draga dilk á eftir sér. Hann heldur því fram að þau brot, sem hann er sakaður um, hafi almennt tíðkast í flestum ráðuneytum norsku ríkisstjórnarinnar.

Lysbakken sagði af sér þegar upp komst að hann hafi síðastliðið haust veitt ungliðahreyfingu síns eigin flokks styrk úr ríkissjóði. Brotið fólst í því að önnur sambærileg samtök höfðu ekki vitneskju um, að slíkur styrkur stæði til boða.

Norski ríkisendurskoðandinn segist hvorki sérlega hissa né sérlega hneykslaður á þessu, og staðfestir að sams konar brot hafi tíðkast árum saman. Lysbakken þótti fram á síðustu daga nokkuð öruggur um að taka við formennsku í Sósíalíska vinstriflokknum af Kristínu Halvorsen, á landsfundi flokksins um næstu helgi.

Í viðtali við norska ríkisútvarpið segist Halvorsen enn styðja Lysbakken til forystu. **- gb**




Skoda Octavia 4x4
Árgerð 2006, ekinn 98.000 km.
Verð 2.190.000 kr
Tilboð 1.990.000 kr.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
Krókháls 11 · Sími 590 2160 · askja.is/notadir-bilar
ASKJA


Aðalmeðferð stendur yfir í sakamáli vegna skotárásar í Bryggjuhverfi í haust:

# Lykilvitni mætti ekki fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Fresta varð til dagsins í dag aðalmeðferð í máli þriggja manna sem ákærðir eru fyrir manndrápstilraun í Bryggjuhverfinu í Reykjavík síðasta haust þegar lykilvitni í málinu mætti ekki fyrir dóm í gær. Málið er flutt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vitnið sem ekki mætti fyrir dóminn var í bílnum sem mennirnir skutu í tvígang á úr haglabyssu. Vitnið er það eina sem á eftir að yfirheyra fyrir dómi.

Við meðferð málsins á mánudag flutti réttargæslumaður vitnisins þau skilaboð að það hefði fallið frá 1,2 milljóna miskabótakröfu vegna málsins. Sá sem einnig var í bílnum hefur ekki fallið frá sinni kröfu.

Þegar vitnið, sem átti að mæta fyrir dóminn klukkan níu í gærmorgun, fannst ekki á heimili sínu var gefin út á hendur því handtökuskipun. Hafi lögregla uppi á vitninu er ráðgert að aðalmeðferð í málinu ljúki í dag.

Árásin sem ákært er fyrir er liður í fíkniefnauppgjöri. Sakborningarnir þrír bera því við að hafa ekki ætlað að meiða neinn með byssunni, bara hræða. **- óká**



**SAKBORNINGAR** Tómas Pálsson Eyþórsson, Axel Már Smith og Kristján Halldór Jensson í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ★ GULLTILBOÐ 1

# LONDON

3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI

Það er hvergi skemmtilegra að versla og fara út að borða en í London. Upplifðu vorstemninguna þegar hinir einstöku almenningsgarðar borgarinnar vakna til lífsins.

**3 nætur, 26.–29. apríl**

PUNKTAR GILDA x26

FULLT VERÐ 85.500 KR.

**59.500 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallarskattar og gisting á Central Park Hotel ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR



## ★ GULLTILBOÐ 2

# BARCELONA

3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI

Barcelona iðar alltaf af lífi á vorin. Þá er borgin sannkallaður suðupottur lista, menningar og matargerðar auk þess sem götulistamennirnir mæta út á Römbluna!

**4 nætur, 27. apríl–1. maí**

PUNKTAR GILDA x36

FULLT VERÐ 105.800 KR.

**69.800 KR.***

+ 1.000 N1 PUNKTAR

**Innifalið:** Flug, flugvallarskattar og gisting á Catalonia Atenas ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

Heimsferðir



# MÖGNUÐ MARSTILBOÐ FYRIR N1 KORTHAFA

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

Þú getur keypt gull- og silfurtilboðin með N1 appinu

**ATH!**
Vörur keyptar á silfurtilboði fást afhentar í völdum verslunum og þjónustustöðvum um allt land

## ★ SILFURTILBOÐ 1

# FARTÖLVA

**SONY VAIO**

- i5 örgjörvi, – 2,40GHz með Turbo Boost 3GHz
- 4GB vinnsluminni stækkanlegt í 8GB
- 640GB harður diskur
- NVIDIA GeForce 410 GPU skjákort
- DVD skrifari
- 15,5" 1366x768 LED skjár
- Þráðlaust netkort IEEE 802.11b/g/n
- Motion Eye, Innbyggð myndavél 640x480
- Lithium rafhlaða, allt að 4 klst. vinnslugeta
- Stýrikerfi: Original Windows7 Home Premium 64Bit
- Svört á litinn

FULLT VERÐ 179.990 KR.

**139.990 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x40





PUNKTAR GILDA x8

## ★ SILFURTILBOÐ 2

# GPS HLAUPAÚR

**GARMIN FORERUNNER 110**

- Mjög nett og einfalt í notkun
- Birtir upplýsingar um vegalengd, hraða og tíma
- Forerunner skráir æfingarnar sem einnig er hægt að flytja á Garmin Connect vefsíðuna með nánari upplýsingum
- Hleðslurafhlaða með 8 tíma endingu í æfingu
- Vatnshelt IPX7, 1 m í 30 mín.

FULLT VERÐ 29.900 KR.

**21.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

## ★ SILFURTILBOÐ 3

# SAUMAVÉL

**SINGER 9960**

- 103 saumar
- 13 hnappagöt
- 13 saumfætur fylgja
- Val um hvort nál endi uppi eða niðri
- Alsjálfvirkur hnappagatafótur
- Hægt að setja saman sauma
- Skjár sem sýnir upplýsingar um sauma
- Framlengingarborð fylgir
- 25 nálastöður
- Auka fótlyfta fyrir þykk efni
- Yfirflytjari fylgir
- Kennsla og íslenskur leiðarvísir

FULLT VERÐ 119.900 KR.

**99.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x20



PUNKTAR GILDA x7



## ★ SILFURTILBOÐ 4

# MYNDAVÉL

**CANON POWERSHOT A2200**

- Tekur hágæða 14,1MP myndir
- 28 mm gleiðlinsa og 4x aðdrátt
- Tekur HD myndskeið (720p)
- Háupplausna 2,7" LCD skjár
- Li-ion rafhlaða
- Silfurlituð

FULLT VERÐ 24.900 KR.

**17.900 KR.**

+ 1.000 N1 PUNKTAR

## ★ N1TILBOÐ

**MINI BLANDARI**

FULLT VERÐ 6.990 KR.

**3.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x3



## ★ N1TILBOÐ

**BRAUÐRIST**

FULLT VERÐ 4.990 KR.

**2.990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## ★ N1TILBOÐ

**LYKLABORÐ**

FULLT VERÐ 2.990 KR.

**990 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

## ★ N1TILBOÐ

**HEYRNARTÓL**

FULLT VERÐ 2.490 KR.

**490 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

## ★ N1TILBOÐ

**CD**
**VALGEIR GUÐJÓNSSON**

FULLT VERÐ 3.490 KR.

**1.490 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR

**POTTÞÉTT 56**

FULLT VERÐ 2.790 KR.

**790 KR.**

+1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2



PUNKTAR GILDA x2

## ★ N1TILBOÐ

**DVD**
**KUNG FU PANDA 2 EÐA HORRIBLE BOSSES**

FULLT VERÐ 2.790 KR. STK.

**790 KR. STK.**

+1.000 N1 PUNKTAR




**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í mars eða meðan birgðir endast.

Fíton/SÍA

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

## GENGIÐ 06.03.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,73 | 126,33 |
| Sterlingspund | 198,3 | 199,26 |
| Evra | 165,2 | 166,12 |
| Dönsk króna | 22,219 | 22,349 |
| Norsk króna | 22,173 | 22,303 |
| Sænsk króna | 18,594 | 18,702 |
| Japanskt jen | 1,5523 | 1,5613 |
| SDR | 193,57 | 194,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 227,6375

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ísraelar segja síðustu forvöð að fara að hefja árásir á Íran og Bandaríkjamenn útiloka ekki aðgerðir:

# Hafa fallist á nýjar viðræður við Írana

**ÍRAN** Sex áhrifamikil ríki, sem árum saman hafa átt í viðræðum við Írani um kjarnorkuáform þeirra og alþjóðlegt kjarnorkueftirlit, féllust í gær á frekari viðræður í von um lausn á deilunni, sem magnast hefur jafnt og þétt undanfarnar vikur og mánuði.

Það var Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, sem svaraði beiðni Írana um viðræðum fyrir hönd Bretlands, Frakklands, Þýskalands, Bandaríkjanna, Rússlands og Kína.

Síðustu viðræður við Írana, sem haldnar voru í ársbyrjun 2011, skiluðu þó afar litlum árangri.

Beinar og óbeinar hótanir, einkum frá Ísrael og Bandaríkjunum, um árásir á Íran hafa smám saman orðið æ háværari.

Á fundi þeirra Baracks Obama Bandaríkjaforseta og Benjamíns Netanjahús, forsætisráðherra Ísraels, í Washington um helgina sagði Netanajahú að nú væru síðustu forvöð að hefja árásir á Íran, áður en þeim tækist að koma sér upp kjarnorkuvopnum.

Obama hefur viljað fara hægar í sakirnar, en segir berum orðum að hernaður gegn Íran sé ekki útilokaður og lofar því að standa við bakið á Ísrael.

Sjálfir hafa Íranar jafnan neitað því að þeir séu að koma sér upp kjarnorkuvopnum, heldur sé stefna þeirra í kjarnorkumálum eingöngu sú að tryggja landsmönnum raforku.

Óvíst er enn hvaða áhrif úrslit þingkosninganna í Íran í lok síðustu viku munu hafa á þessar deilur.

Mahmoud Ahmadinejad forseti, sem enn á meira en ár eftir af sínu kjörtímabili, verður í minnihluta þegar nýkjörið þing kemur saman í maí. **- gb**



**Á FUNDI Í WASHINGTON** Hernaður gegn Íran var til umræðu á fundi þeirra Benjamíns Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, og Baracks Obama Bandaríkjaforseta. NORDICPHOTOS/AFP



**Á BJÖRGUNARÆFINGU** Öryggismál sjómanna hafa verið mikið í deiglunni að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ráðherra vill aukið öryggi:

## Björgunarbúninga í alla báta

**ÖRYGGISMÁL** Landssambandi smábátaeigenda (LS) hefur verið greint frá þeirri skoðun innanríkisráðherra að skylt verði að hafa björgunarbúninga um borð í smábátum. Nú er aðeins skylt að hafa vinnuflotgalla um borð í bátunum, en mikill munur er á þessum björgunartækjum.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, greindi frá þessu á félagsfundi í Kletti – félagi smábátaeigenda fyrir stuttu, eins og kemur fram á heimasíðu LS.

Erni var greint frá skoðun ráðherra á fundi í ráðuneytinu. Örn fékk þær upplýsingar á fundinum að fyrirhuguð breyting á reglum yrði unnin í nánu samráði við LS og sérfræðinga Siglingastofnunar. **- shá**

### MENNTAMÁL

**Skipað í stöðu prófessors**

Guðmundur Hálfdanarson sagnfræðingur hefur verið skipaður í prófessorsstöðu við Háskóla Íslands sem tengd er nafni Jóns Sigurðssonar. Alþingi samþykkti á hátíðarþingfundi 15. júní 2011 tillögu um að stofna stöðuna, en í fyrra voru 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Guðmundur tekur við starfinu 1. apríl.

# Gjöld á vatnsréttindi styggja Landsvirkjun

**Innanríkisráðuneytið staðfestir að vatnsréttindi Jökulsár á Dal eigi að taka til fasteignamats. Fljótsdalshérað vill að matinu sé hraðað svo hægt verði að leggja fasteignagjöld á vatnsréttindin. Úrskurðurinn hefur fordæmisgildi um allt land.**

**DÓMSMÁL** Orkuvinnslufyrirtæki gætu þurft að greiða háar fjárhæðir í fasteignagjöld af vatnsréttindum í kjölfar nýs úrskurðar innanríkisráðuneytisins.

Í desember 2009 ákvað Þjóðskrá Íslands að meta ætti til fasteignamats vatnsréttindi sem aðskilin voru frá jörðum við Jökulsá á Dal og framseld Landsvirkjun vegna gerðar Kárahnjúkavirkjunar. Landsvirkjun kærði þá ákvörðun til innanríkisráðuneytisins. Fyrirtækið sagði meðal annars að slíkir efnislegir annmarkar væru á úrskurði Þjóðskrár að ógilda ætti hann.



**BJÖRN INGIMARSSON**

„Fráleit er sú túlkun sem Þjóðskrá virðist leggja til grundvallar að miða beri við framsal eða sölu réttindanna. Slík réttindi geti svo áratugum skipti verið ónýtt og án nokkurs arðs fyrir rétthafa eftir að til sölu eða framsals vatnsréttinda hefur komið,“ segir um rök Landsvirkjunar í úrskurði innanríkisráðuneytisins sem fellst hvorki á þessa túlkun fyrirtækisins né kröfur þess. „Er eðlilegt í þessu sambandi að miða við það tímamark er nýting réttindanna hefst og þau geta þar með gefið af sér tekjur,“ segir ráðuneytið.

Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, segir ekki einfalt að meta hverju fasteignamatið muni skila Fljótsdalshéraði í fasteignagjöldum.

„Við viljum að fulltrúar Þjóðskrár komi til fundar við okkur svo menn geti glöggvað sig betur á þessu,“ segir Björn og bendir á að samkvæmt ákvörðun Þjóðskrár sjálfrar eigi fasteignamatið að liggja fyrir innan tveggja mánaða. Jafnvel þótt Landsvirkjun fari með málið fyrir dómstóla fresti það ekki álagningunni.

Þá segir Björn úrskurð ráðuneytisins hljóta að taka til annarra vatnsréttinda innan sveitarfélagsins sem og annars staðar á landinu. „Þetta er í raun úrskurður um að það sé eðlilegt að meta vatnsréttindi til fasteignamats þegar viðkomandi eign hefur verið nýtt. Í Lagarfossvirkjun og Grímsárvirkjun eru líka vatnsréttindi sem þá er eðlilegt að meta til fasteignamats,“ segir bæjarstjórinn.

Óljóst er í hvaða gjaldflokk vatnsréttindin verða sett. Björn telur þau hljóta að verða annað hvort í flokki með atvinnuhúsnæði þar sem álagningarhlutfallið er 0,5 prósent af fasteignamati eða þá í flokki með hlunnindum þar sem hlutfallið er 1,65 prósent.

Ekki náðist í Hörð Arnarson, forstjóra Landsvirkjunar í gær.

**gar@frettabladid.is**



**GERÐ KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR** Ágreiningur um verðmat vatnsréttinda við Jökulsá á Dal er nú til úrlausnar hjá Hæstarétti. Fljótsdalshérað vill hins vegar leggja fasteignagjöld á réttindin strax og miða þá við frummat frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓLABÆKUR** Neytendastofa segir fólk hafa verið blekkt fyrir jól með villandi upplýsingum um verð bóka. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fimm borga 500 þúsund:

## Sektað vegna jólabókatilboða

**VIÐSKIPTI** Neytendastofa hefur sektað Eymundsson, Krónuna, Nettó, Office 1 og Hagkaup um hálfa milljón króna hvern rekstraraðila vegna tilboða á bókum.

Neytendastofa fór fram á að fyrirtækin sönnuðu að tilboðsbækur sem seldar voru fyrir jól hafi verið seldar á því verði sem auglýst var sem fyrra verð.

Nettó, Office 1 og Krónan gátu ekki sýnt fram á að bækurnar hefðu verið seldar á fyrra verði. Og þótt Hagkaup og Eymundsson hafi getað það taldi Neytendastofa tilboð þeirra ekki fela í sér raunverulega verðlækkun og að fyrirtækin hafi blekkt neytendur með villandi upplýsingum um verðlækkunina. **- óká**

### SAMGÖNGUMÁL

**Meiri umferð en í fyrra**

Umferð á höfuðborgarsvæðinu var 2,5 prósentum meiri nú en í fyrra samkvæmt tölum Vegagerðarinnar. Mest jókst umferðin um Hafnarfjarðarveg, en þar jókst hún um 4,3 prósent milli ára.

### LÖGREGLUMÁL

**Ný lögreglustöð opnuð**

Lögreglan á Suðurnesjum hefur opnað nýja hverfislögreglustöð á Ásbrú. Viðvera verður þar eftir hádegi. Stöðin var opnuð formlega á laugardaginn og var íbúum í hverfinu boðið að kynna sér starfsemi lögreglunnar.




Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

**Heilsulausnir** henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki. **Hefst 12. mars**

**Kynningarfundur í kvöld**
**7. mars kl. 20:00**
**Allir velkomnir**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VINDASAMT** verður á landinu í dag og má búast við hvassviðri með suðurströndinni. Á morgun dregur úr vindi en áfram verður éljagangur sunnan- og vestanlands. Á föstudag bætir svo aftur í vind og lítur út fyrir rigningu allra syðst en éljum vestan til.





**Á MORGUN** 8-20 m/s Hægast austan til.



**FÖSTUDAGUR** Víða strekkingur, sums staðar allhvasst með ströndum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 10° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 14° |
| New York | 14° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

**skattur.is**

# Fljótlegt

## að skila framtali




**Veflyklar**

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

**Leiðbeiningar**

Leiðbeiningar er að finna á skattur.is. Auðvelt er að kalla fram skýringar við einstaka kafla eða reiti í vefframtali.

Prentaðar leiðbeiningar má fá á skattstofum.

**Aðstoð í síma 442-1414**

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 22., 26. og 27. mars verður þjónustan í boði til kl. 19:00.

**Opið er fyrir framtalsskil til 22.mars**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

**Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 2**

# Ingibjörg vildi slá lán og bjarga bönkunum

**Davíð Oddssyni fannst Geir H. Haarde ekki taka nægilegt mark á aðvörunarorðum hans í aðdraganda hrunsins. Þrátt fyrir það telur hann – eftir á að hyggja – að ómögulegt hafi verið að koma í veg fyrir bankahrunið. Rétt hafi verið af Geir að láta setja neyðarlög, frekar en að bjarga bönkunum með hundraða milljarða fjárveitingum eins og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi viljað.**



**VARAÐI ÍTREKAÐ VIÐ** Davíð segist hafa byrjað að vara við hættum sem steðjuðu að bankakerfinu löngu fyrir árið 2008. Á þær hafi lítið verið hlustað til að byrja með. Geir hefði samt ekkert getað gert til að afstýra hruninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri þegar íslenska bankakerfið féll, hafði áhyggjur af stöðu íslensku bankanna allt frá miðju ári 2007 og fram að hruni og lét þær áhyggjur reglulega í ljós við samstarfsmenn sína í bankanum og Geir H. Haarde forsætisráðherra. Þetta fullyrti Davíð þegar hann bar vitni frammi fyrir Landsdómi á öðrum degi réttarhaldanna yfir Geir H. Haarde fyrir Landsdómi í gær.

### Tilfinning Davíðs beið skipbrot

Davíð sagðist í fyrstu hafa talað um áhyggjur sínar fyrir daufum eyrum flestra. „Þetta var fremur tilfinning en örugg vissa,“ sagði Davíð. Sú tilfinning hefði ítrekað beðið skipbrot þegar bankarnir birtu trekk í trekk ársfjórðungsuppgjör sem sýndu tugmilljarða hagnað bankanna og bentu til þess að allt væri í stakasta lagi. „Þetta skapaði mikla aðdáun meðal þjóðarinnar allrar,“ sagði Davíð.

Honum hafi hægt og bítandi tekist að sannfæra samstarfsmenn sína í Seðlabankanum um að óveðursský vofðu yfir og að undirbúa þyrfti viðbrögð við fjármálakrísu. Hann kvaðst hins vegar ekkert kannast við það að Arnór Sighvatsson, fyrrverandi aðalhagfræðingur Seðlabankans, hefði viðrað sams konar áhyggjur á sínum tíma, eins og Arnór sagði í skýrslu sinni fyrir dómnum í gær. Davíð sagðist þvert á móti ekki minnast þess að Arnór hefði nokkurn tíma rætt vanda bankanna og hefði „komið algjörlega af fjöllum“ þegar bankarnir féllu.

### Skýrari en aðrir seðlabankar

Davíð sagðist einnig hafa rætt áhyggjur sínar við Geir og fleiri ráðherra, sem hafi hlustað og skilið, en kannski ekki trúað öllu sem hann sagði. Upplýsingarnar hefði hann veitt á lokuðum fundum og þær hafi verið of viðkvæmar til að geta ratað í opinber gögn frá Seðlabankanum. Hann hafnaði því alfarið að upplýsingar frá Seðlabankanum hefðu verið misvísandi, og fullyrti að í opinberum skýrslum hefði verið kveðið mun fastar að orði um ástand bankanna en nokkrir aðrir seðlabankar í heiminum hefðu treyst sér til að gera.

Davíð viðurkenndi að hann hafi talið Geir ekki taka aðvörunarorð hans nógu alvarlega. Hvað sem því líður er það mat Davíðs, eftir á að hyggja, að strax á fyrstu mánuðum ársins 2008 hafi verið orðið of seint að bjarga bönkunum. Geir hafi því ekki haft neina kosti í stöðunni, aðra en hugsanlega að segja af sér. Það hefði þó verið ábyrgðarlaust.

### Neyðarlögin hárrétt ákvörðun

Davíð lagði áherslu á að setning neyðarlaganna í október 2008 hefði verið hárrétt skref. Fram kom í máli Davíðs að sumir stjórnmálamenn hefðu talað fyrir því að fara aðra leið. Hann nefndi sérstaklega Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, þáverandi utanríkisráðherra og formann Samfylkingarinnar, sem Davíð fullyrðir að hafi talað fyrir því að ríkið myndi taka 30 til 40 milljarða evra neyðarlán til að bjarga bönkunum, frekar en að leyfa þeim að fara í gjaldþrot eins og raunin varð. Leið Ingibjargar hafi borið dauðann í sér.

### Enginn hefði tekið við bönkunum

Davíð var spurður um áætlanir þess efnis að færa starfsemi íslensku bankana úr landi og sagði að slíkar hugmyndir hefðu sannarlega verið uppi. Hins vegar væri honum nú ljóst að líklega hefði það aldrei tekist eftir árið 2006 vegna andstöðu erlendra eftirlitsstofnana. „Ég held að það hefði enginn tekinn við þessum bönkum á þessum tíma,“ sagði Davíð.



**„MINN GÓÐI VINUR“** Davíð sagði að hann og Geir væru aldavinir og það kunni að hafa haft áhrif á hversu óformleg samskipti þeirra voru oft og tíðum.

Davíð taldi enn fremur að Geir hefði ekkert getað aðhafst til að liðka fyrir flutningi Icesave-reikninganna í erlend dótturfélög. Þess utan hefði það verið á verksviði ráðherra bankamála og fjármálaeftirlits, Björgvins G. Sigurðssonar.

### Ritskoðaðir ríkisstjórnarfundir

Að síðustu spurði Andri Árnason, verjandi Geirs, Davíð um fundargerðir ríkisstjórnarfunda í tengslum við síðasta ákæruliðinn, sem snýst um upplýsingagjöf Geirs til samráðherra sinna. Enginn hefur setið lengur sem forsætisráðherra en Davíð.

Þar greindi Davíð frá því að oft hefði dagskrá ríkisstjórnarfunda verið ritskoðuð eftir á, áður en hún var send til fjölmiðla, „til að halda friði og ró í þjóðfélaginu“.

**Stígur Helgason**
stigur@frettabladid.is



## Orðrétt

**Seðlabankastjórar um allan heim töluðu mjög þokukennt.**

Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, taldi að ef eitthvað væri hefði hann talað skýrar en aðrir seðlabankastjórar um ástandið.

**Þegar mér var sagt að Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson teldust ekki tengdir aðilar þá spurði ég hvort það væri ekki leiðinlegt fyrir Þóru – sem var móðir annars og kona hins.**

Davíð hafði ekki mikla trú á því hvernig Fjármálaeftirlitið mat tengda aðila.

**Ég er ekki hér til að bera neina sök á fyrrverandi forsætisráðherra. Mér kemur það ekki til hugar og get ekki hugsað mér það.**

Þótt Davíð hafi ekki alltaf verið sammála ákvörðunum Geirs Haarde telur hann að Geir hefði ekki getað komið í veg fyrir bankahrunið.

**Það eina sem Geir hefði getað gert var að segja af sér – en það hefði verið ansi mikið ábyrgðarleysi.**

Davíð telur að hendur Geirs hafi mikið til verið bundnar allt árið 2008.

**Það má ekki gleyma því að þótt bankarnir gömlu séu hataðir núna þá voru þeir elskaðir á þessum tíma.**

Davíð skýrir hvers vegna aðvörunarorð voru ekki vinsæl.

**Þessir bankastjórar voru orðnir þannig að þeir buðu mönnum ekki góðan dag fyrir minna en fimm milljarða.**

Þegar ákveðið var að bindiskylda næði ekki til erlendra útibúa Landsbankans losnaði um tuttugu milljarða í lausafé hjá bankanum. Davíð útskýrir að það hefðu ekki þótt „stórir peningar“ í bransanum.

*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 530 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 19. mars (9:00-12:00)

Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.000 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is

## Ingimundur, Baldur og Bolli bera vitni í dag

Réttarhöldin fyrir Landsdómi halda áfram í dag. Dagurinn hefst klukkan níu þegar tekin verður skýrsla um síma af **Ingimundi Friðrikssyni**, fyrrverandi seðlabankastjóra, sem býr í Noregi.

Í kjölfar hans fylgja **Baldur Guðlaugsson**, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, og síðan Bolli Þór Bollason, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu. Aðrir sem koma fyrir dóminn á morgun eru Áslaug Árnadóttir, sem var staðgengill ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu og stjórnarformaður Tryggingarsjóða innstæðueigenda og fjárfesta, Jón Sigurðsson, sem var stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins og sat í bankaráði Seðlabankans, og að síðustu Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjórnar Seðlabankans.

Á fimmtudag er gert ráð fyrir að fyrir dóminn komi meðal annarra Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, og Þorsteinn Már Baldvinsson, fyrrverandi stjórnarformaður Glitnis.

Á föstudag mæta meðal annarra ráðherrarnir Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir, auk þingmannsins Tryggva Þórs Herbertssonar, sem var efnahagsráðgjafi Geirs H. Haarde við hrunið.

Á mánudag er gert ráð fyrir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra beri vitni, auk Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, Lárusar Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, Landsbankastjóranna fyrrverandi, Sigurjóns Þ. Árnasonar og Halldórs J. Kristjánssonar, og Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbankans.



Sony Center kynnir:

# Ferðalag hugmynda

Verslunin er flutt í Borgartún 37




Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 2

# Bankarnir eins og dauðvona sjúklingar



**BAR VITNI** Arnór Sighvatsson sagði að of seint hafi verið að bjarga bönkunum árið 2008, síðasti möguleikinn hafi runnið úr greipum árið 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Íslenska bankakerfið var árið 2008 eins og dauðvona krabbameinssjúklingur sem deyr úr hjartaáfalli sagði fyrrverandi aðalhagfræðingur Seðlabankans í vitnastúku í landsdómsmálinu í gær. Seðlabankinn hefði getað sett bönkunum strangari reglur um útlán erlendis.**

Arnór Sighvatsson var aðalhagfræðingur Seðlabankans fyrir bankahrunið en starfar nú sem aðstoðarseðlabankastjóri. Hann bar vitni fyrir Landsdómi í Þjóðmenningarhúsinu eftir hádegi í gær.

Eftir á að hyggja rann síðasti möguleikinn til að bjarga íslensku bönkunum stjórnvöldum úr greipum árið 2005, sagði Arnór. Hann sagði að þá, og á árunum fram að hruni hafi hann og aðrir trúað því að bankarnir stríddu við lausafjárkreppu, þegar þeir hafi í raun staðið frammi fyrir alvarlegri eiginfjárkreppu.

„Lausafjárkreppa er eins og hjartaáfall en eiginfjárkreppa eins og krabbamein. Það kom í ljós að þarna var dauðvona krabbameinssjúklingur að fá hjartaáfall,“ sagði Arnór, spurður um ástand íslenska bankakerfisins.

Íslensku bankarnir stóðu frammi fyrir raunverulegri hættu á að fara í þrot strax árið 2006. Þá hættu evrópskir bankar að lána þeim og þeir lentu í erfiðleikum með að endurfjármagna skuldir. Þeim tókst að leysa úr þeim vanda með því að fá lán frá Bandaríkjunum, og með því að stofna til innlánsreikninga erlendis. Frægustu reikningarnir voru Icesave-reikningar Landsbankans í Bretlandi, og síðar Hollandi.

Arnór sagði að á þessum tíma hafi verið talað um að evrópskir bankar hafi verið að takmarka áhættu sína með því að lána ekki meira til Íslands þar sem þeir hefðu þegar lánað svo mikið. Svo virðist hins vegar sem þeir hafi talið frekari lán til íslensku bankanna of áhættusöm vegna þess hversu hratt þeir höfðu vaxið og vegna efasemda um gæði eignasafna þeirra.

**Bankadóminó**

Þó að bankarnir hafi náð að komast í gegnum árið 2006 var farið að þrengja verulega að þeim. Arnór segist hafa verið þeirrar skoðunar að veruleg hætta væri á að ef einn banki félli myndu hinir falla í kjölfarið.

Seðlabankinn hefði hugsanlega geta sett strangar reglur um eignir bankanna og skuldir erlendis til að koma í veg fyrir innstæðusöfnun í útibúum erlendis, sagði Arnór. Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, er sakaður um það fyrir Landsdómi að hafa ekki gert nóg til að koma Icesave-reikningunum í dótturfélag, sem hefði komið tjóni af þeirra völdum af herðum íslenskra stjórnvalda.

Þó að Seðlabankinn hefði þannig átt möguleika á að takmarka sókn bankanna í innstæður erlendis hefði það mögulega getað riðið þeim að fullu, sagði Arnór. Þrot bankanna án innstæðna erlendis hefði þó mögulega falið í sér minni tilkostnað ríkisins.

Arnór var sammála Geir og Björgvini G. Sigurðssyni, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra, um að í raun hafi verið allt of seint að bregðast við og bjarga bönkunum árið 2008. Bankarnir hafi verið feigir og spurningin hafi verið hvenær þeir féllu, ekki hvort. Allt tal um að minnka bankana með sölu eigna árið 2008 var tilgangslaust þar sem selja hefði þurft eignirnar með svo miklum afslætti að það hefði riðið bönkunum að fullu, sagði Arnór.

Hann var einnig sammála Geir og Björgvin um að vonlaust hefði verið að flytja höfuðstöðvar íslensks banka úr landi árið 2008. Hann sagði að slíkt hefði ef til vill verið möguleikt fram til ársins 2005, en þá hafi íslensku bankarnir engan hug haft á því.

**Þoldi ekki dagsljósið**

Eigendur bankanna hefðu líka haft lítinn áhuga á því að erlendar fjármálaeftirlitsstofnanir gaumgæfðu eignir þeirra og efnahagsreikninga þar sem í ljós hefði komið að þar hafi verið ýmislegt sem ekki þoldi dagsljósið, sagði Arnór. Sama atriði kom í veg fyrir sölu, enda hefðu væntanlegir kaupendur gaumgæft reikninga bankanna og áttað sig á því að eitthvað var að.

Íslenskum bankarnir virðast hafa reitt sig á að þeir væru svo mikilvægir að þeim yrði bjargað ef þeir féllu, sagði Arnór. Eignir þeirra hafi hins vegar verið svo lélegar að þeir hafi í raun varla haft nokkurt eigið fé í alllangan tíma.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is

**Orðrétt**

Þetta var allt eins mikið trúnaðarmál og hægt getur orðið. Þetta var viðkvæmasti málaflokkurinn af þeim öllum, fjármálastöðugleiki Íslands og hvernig væri hægt að verja hann.

Björgvin G. Sigurðsson sagði eðlilegt að mikil leynd hafi hvílt yfir störfum samráðshóps um fjármálastöðugleika, og að gögnum frá hópnum hafi ekki verið dreift víða.

Lausafjárkreppa er eins og hjartaáföll en eiginfjárkreppa eins og krabbamein. Það sást þegar í ljós kom að þarna var dauðvona krabbameinssjúklingur að fá hjartaáfall.

Arnór Sighvatsson var ómyrkur í máli um ástand íslenska bankakerfisins fyrir hrun.

## Trúðu fram á síðustu stundu að hægt væri að færa Icesave



**Á HÖFUÐIÐ** Brunaútsala á eignum bankanna árið 2008 hefði sett þá lóðbeint á höfuðið sagði Björgvin G. Sigurðsson fyrir Landsdómi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslensk stjórnvöld trúðu því fram í miðjan september 2008 að hægt væri að færa Icesave-reikningana í dótturfélag Landsbankans sagði Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi efnahags- og viðskiptaráðherra fyrir Landsdómi í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

Björgvin tók undir með sakborningnum í málinu, Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og sagði stjórnkerfið hafa unnið eins hratt og unnt var að því að flytja Icesave-reikningana í dótturfélög. Ef það hefði tekist hefðu ábyrgðir vegna reikninganna fallið á bresk stjórnvöld en ekki íslensk þegar bankinn féll.

Það var sérstakt markmið að ljúka þessu máli á árinu 2008, og allt benti til þess að það myndi takast, sagði Björgvin úr vitnastúkunni í gær. Þar stóð að hans mati ekki upp á íslensk stjórnvöld, heldur tók hann undir með Geir og sagði breska fjármálaeftirlitið hafa sett sífellt strangari skilyrði fyrir slíkri breytingu. Að lokum hafi skilyrðin orðið óuppfyllanleg þar sem Landsbankinn hefði þurft að færa allar bestu eignirnar í slíkt dótturfélag á móti skuldbindingum þess.

Björgvin sagði einnig að það hefði verið fullkomlega óraunhæft að ætla sér að minnka efnahagsreikning bankanna á árinu 2008, sem og að flytja höfuðstöðvar eins eða fleiri úr landi. Það hafi einfaldlega verið of seint. Sala á eignum á brunaútsölu hefði sett bankana á hliðina, og ekkert land hefði viljað taka við bönkunum á þessum erfiðu tímum á alþjóðlegu fjármálamörkuðum árið 2008.

Eins og Geir bar Björgvin samráðshópi um fjármálastöðugleika vel söguna, og sagði hann hafa gert allt sem hann hafi átt að gera. Geir er sakaður um að hafa ekki séð til þess að vinna hópsins væri markviss og skilaði árangri.

Björgvin benti á að hópurinn hefði unnið drög að frumvarpi sem síðar hafi orðið að neyðarlögunum, og sett upp ýmsar aðrar sviðsmyndir um það sem gæti gerst. Spurður af Sigríði Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, gat hann þó ekki svarað því hvaða aðrar aðgerðir hópurinn hafði undirbúið til að takast á við annars konar áföll.





# BAÐ INNRÉTTINGAR

*Allt að* **50%** *afsláttur*



**S-9016 eik** stærð: 100 x 46 sm



**S-9010 eik** stærð: 62 x 48 sm

til afgreiðslu af lager

**VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT**

*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**Hvítt fulningur** stærð: 100 x 48 sm



**Hvítt háglans** stærð: 80 x 48 sm



**Hvítt fulningur** stærð: 160 x 48 sm



**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm



**Hnota** stærð: 121 x 48 sm



**Kirsuber fuln.** stærð: 80 x 48 sm

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

**www.i-t.is**

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

KJÖRKASSINN



*Telur þú hugsanlegt að Ólafur Ragnar Grímsson geti tapað í forsetakosningunum í sumar?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 48,1% |
| NEI | 51,9% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlar þú að fylgjast með Reykjavíkurskákmótinu með einum eða öðrum hætti?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Þór Saari þingmaður segir hnífstungu eiga rætur í ástandi örvæntingar:

# Ofbeldisverk ekki óskiljanleg

**STJÓRNMÁL** Ekki er undarlegt eða óskiljanlegt að ofbeldisverk eigi sér stað í því ástandi sem ríkir hér á landi, heldur er það eðlileg þróun.

Þetta kemur fram í pistli sem Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, birtir á heimasíðu sinni. Þór gerir morðtilraun gegn framkvæmdastjóra Lagastoða, sem meðal annars starfar í innheimtu, að umtalsefni í pistlinum.



ÞÓR SAARI

„Hér á landi hefur smátt og smátt verið að byggjast upp ákveðið ástand, ástand örvæntingar, vonleysi og reiði sem hjá þúsundum manna er komið á hættulegt stig," segir í pistlinum. Ef fram haldi sem horfi muni þetta ástand sennilega hafa áframhaldandi ofbeldi í för með sér. Fólk sem hafi verið „boxað af alveg út í horn" muni slá til baka.

Þór segir fráleitt að halda því fram að voðaverk eins og átti sér stað í fyrradag sé einhverjum öðrum að kenna en tilræðismanninum. Voðaverk af þessu tagi eigi að fordæma og gerendur beri alla ábyrgð.

Hins vegar eigi ofbeldisverk eins og þetta rætur einhvers staðar, „og ég held að það séu fleiri en ég sem vita hvar þær rætur liggja og hverjar afleiðingarnar muni verða ef áfram er haldið á sömu braut".

Gera verði meira til þess að stöðva bardaga yfirvalda og fjármálafyrirtækja gegn skuldugu fólki. **- þeb**

Samið um rafrænt eftirlit:

# Boð eru send við reglubrot

**FANGELSISMÁL** Fangelsismálastofnun og Öryggismiðstöðin hafa samið um rafrænt eftirlit með föngum, að því er fram kemur á vef Fangelsismálastofnunar.

Á næstu dögum fara fyrstu brotamennirnir undir slíkt eftirlit og bera þá sérstök ökklabönd. Þeir fá takmarkaðan útivistartíma samkvæmt lögum um fullnustu refsinga. Rjúfi þeir útivistartímann er boð sent samstundis til stjórnstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar „sem grípur til viðeigandi viðbragðsáætlunar". **- óká**








**VIRTIST YFIRVEGAÐUR Í HÉRAÐSDÓMI** Guðgeir gerði enga tilraun til að hylja andlit sitt þegar hann var leiddur fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. MYND/STÖÐ 2

# Tilraun til manndráps

## Guðgeir Guðmundsson var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hefur játað glæpinn og er gert að sæta geðrannsókn. Fórnarlambinu haldið sofandi.

**LÖGREGLUMÁL** Guðgeir Guðmundsson hefur játað að hafa ítrekað stungið framkvæmdastjóra lögfræðistofunnar Lagastoðar með veiðihníf á mánudagsmorgun. Hann var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram til föstudags. Honum hefur verið gert að gangast undir geðrannsókn.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar, segir það nokkuð ljóst að málið verði flokkað sem tilraun til manndráps. Líklegt sé að gæsluvarðhald yfir Guðgeiri verði framlengt á föstudaginn, á grundvelli almannahagsmuna.

Guðgeir er fæddur árið 1977 og búsettur í Reykjavík, ókvæntur og barnlaus. Hann kom á lögfræðiskrifstofuna Lagastoð á mánudagsmorgun, þar sem hann sagðist vilja ræða skuldamál sín, en réðst svo á Skúla Eggert Sigurz, framkvæmdastjóra stofunnar, og stakk hann ítrekað með veiðihníf. Guðni Bergsson, lögmaður á stofunni, særðist einnig í árásinni en hann og fleiri starfsmenn á stofunni náðu að yfirbuga ódæðismanninn.

Guðgeir var handtekinn og færður á lögreglustöð. Hann afþakkaði aðstoð lögfræðings þegar hann var yfirheyrður, en Friðrik Smári segir hann þó engu að síður með verjanda á sínum snærum. Hann var leiddur fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í gærmorgun þar sem hann gerði enga tilraun til að hylja andlit sitt á leið inn. Þar var fallist á gæsluvarðhaldskröfu fram á föstudag og honum gert að sæta geðrannsókn, en talið er að niðurstöður úr henni fáist eftir sex til átta vikur. Guðgeir játaði verknaðinn skýlaust fyrir dómara héraðsdóms.

Framkvæmdastjóri Lagastoðar, Skúli Eggert Sigurz, liggur sem fyrr á gjörgæsludeild Landspítalans og er haldið sofandi. **sunna@frettabladid.is**


HVAÐ ÞARF AÐ BREYTAST Í FJÁRMÁLASTJÓRN ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA?

VIÐ BJÓÐUM ÞÉR TIL MÁLSTOFU UM STJÓRNUNARREIKNINGSSKIL OG SAMSPIL STJÓRNUNAR, REIKNINGSHALDS OG UPPLÝSINGATÆKNI

**Hvenær:** Miðvikudaginn 7. mars kl. 9–11
**Hvar:** Háskólinn í Reykjavík, stofa M208





Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík býður þér til málstofu um þær breytingar sem þurfa að verða á fjármáladeildum íslenskra fyrirtækja, eigi þær að halda í við sífellt flóknara rekstrarumhverfi.

Fyrirlesarar á fundinum eru **dr. David Schwarzkopf**, Ph.D. stjórnandi MBA náms við McCallum Graduate School Bentley háskóla í Bandaríkjunum og gestaprófessor við HR, **dr. Páll Ríkharðsson**, forstöðumaður meistaranáms í stjórnunarreikningsskilum við HR og **Auðbjörg Friðgeirsdóttir**, MBA og verkefnastjóri innri endurskoðunar hjá PWC.

Nánari upplýsingar um efni fundarins er að finna á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

www.hr.is



**Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.**

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 23. mars 2012 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 5. mars 2012.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**





BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist
alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


Styrkir fyrir námsmenn
Umsóknarfrestur er til 23. mars.
Sæktu um námsstyrki Landsbankans á landsbankinn.is.
Námufélagar eiga nú kost á veglegum námsstyrkjum á framhalds- og háskólastigi fyrir skólaárið 2012-2013.
Veittir verða styrkir í fimm flokkum
» 3 styrkir til framhaldsskólanáms, 200.000 kr. hver.
» 3 styrkir til iðn- og verknáms, 350.000 kr. hver.
» 3 styrkir til listnáms, 450.000 kr. hver.
» 3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 350.000 kr. hver.
» 3 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 450.000 kr. hver.
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ofbeldisverk er ekki hægt að útskýra eða réttlæta með þjóðfélagsástandi:

# Skilningsríka fólkið

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ífyrradag var reynt að myrða mann í Reykjavík. Það var hrottaleg og tilefnislaus árás. Þegar í ljós kom að árásarmaðurinn er vanskilamaður og að fórnarlambið er framkvæmdastjóri lögfræðistofu sem sér um innheimtur, varð það furðumörgum tilefni til að lýsa yfir skilningi á verknaðinum, eða að hann hefði að minnsta kosti ekki komið þeim á óvart.

Einna dýpst í árinni tók Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sem fordæmdi verknaðinn í bloggfærslu en sagði hann alls ekki óskiljanlegan: „Hitt er svo annað mál að það að slíkt skuli gerast í því ástandi sem hefur verið viðvarandi hér á landi undanfarin tæp fjögur ár er hreint ekki undarlegt eða óskiljanlegt. Hér á landi hefur smátt og smátt verið að byggjast upp ákveðið ástand, ástand örvæntingar, vonleysis og reiði sem hjá þúsundum manna er komið á hættulegt stig, ástand sem mun ef svo fer sem horfir, sennilega hafa áframhaldandi ofbeldi í för með sér.“

Að mati Þórs Saari er ástandið yfirvöldum og „æðstu ráðamönnum“ að kenna. Þór Saari er reyndar líka þingmaðurinn sem vildi gera hetju úr manninum sem braut niður húsið sem hann hafði einu sinni átt úti á Álftanesi en hafði misst í hendur banka vegna vanskila sem hófust löngu fyrir bankahrun. Hetjan hafði líka svindlað á fólki í viðskiptum, brotið bókhaldslög og svikið undan skatti. Fyrir það var hún á dögunum dæmd í fangelsi. Ýtumaðurinn á Álftanesi var með öðrum orðum brotamaður, hvorki fórnarlamb né hetja. Þór Saari stillti hins vegar braki úr húsinu upp í þingflokksherbergi Hreyfingarinnar sem „minnismerki um efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar“.

Aldrei er hægt að réttlæta eða útskýra ofbeldis- eða skemmdarverk með þjóðfélagsástandi. „Skilningur“ Þórs Saari á morðtilrauninni er af sama toga og tilraunir til að réttlæta ofbeldisverk í mótmælunum eftir efnahagshrunið eða skilgreina árásir „umhverfisverndarsinna“ á heimili fólks sem stýrði fyrirtækjum í stóriðju eða orkugeiranum sem þátt í pólitískri baráttu. Í okkar lýðræðissamfélagi er alltaf til friðsamleg leið til að segja skoðun sína eða leysa úr ágreiningi.

Víst eru margir í skuldavanda á Íslandi. Það er ekki nýtt, ekki heldur að eigendur skulda vilji láta innheimta þær. Það hefur aldrei gefið nokkrum manni afsökun til að beita ofbeldi. Slíkur verknaður einstaklings verður ekkert skiljanlegri þótt margir aðrir séu í sömu stöðu og hann eða að þeir séu fleiri en fyrir nokkrum árum.

Enginn ber ábyrgð á ofbeldisverkinu í Lágmúla nema ofbeldismaðurinn sjálfur. Hugsanlega er hann veikur og þá ekki sakhæfur. En gjörðir hans er ekki hægt að útskýra með stjórnmálaástandi, efnahagsástandi eða innheimtuaðgerðum fjármálastofnana. Ekki einu sinni ábyrgðarlausir stjórnmálamenn eins og Þór Saari, sem halda að fólki ranghugmyndum um að hægt sé að galdra skuldir í burtu þótt það sé í raun ómögulegt, bera ábyrgðina.

Það er hins vegar varasamt og sízt til eftirbreytni þegar fólk í ábyrgðar- og áhrifastöðum lýsir skilningi á ofbeldisverkum og spáir jafnvel að á þeim verði framhald.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
VILLAGE
40–70% AFSLÁTTUR
Erum innst við Lyngháls
í sama húsi og Go Pro-Hugvit, á jarðhæð.
Opið miðvikudaga og fimmtudaga kl. 16–18.30
Facebook: Village á Íslandi.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tvittið til bjargar

Dómendur við Landsdóm hafa engan áhuga á að leyfa fjölmiðlum að stilla upp myndavélum eða hljóðnemum í réttarsal. Það er stórskrítin ráðstöfun þar sem skýr heimild er fyrir slíku í lögum og vart er hægt að hugsa sér dómsmál sem hefur brýnna erindi til almennings en einmitt þetta. Vefmiðlarnir hafa hins vegar nýtt sér nýja tækni til hins ítrasta og „tvitta“ af miklum móð.

### Ekki óskiljanlegt?

Í kjölfar árásarinnar á lögfræðistofunni fyrr í vikunni duttu inn einkennileg ummæli manna sem vilja telja sig málsmetandi, þar á meðal hjá þingmanninum Þór Saari og Marinó G. Njálssyni, sem er innanbúðarmaður í Samstöðu. Illvirki gegn saklausum manni er þar orðið hluti af „ekki óskiljanlegu“ ferli í núverandi ástandi þar sem örvæntingarfullt fólk „slær til baka“. Ástandið muni ef fram fer sem horfi „hafa áframhaldandi ofbeldi í för með sér“ og nú séu lántakendur orðnir þolendur vegna þess að „hver einasti þeirra“ verði héðan í frá talinn ógn við líf og heilsu starfsfólks fjármálafyrirtækja.



### Spurning með hljómgrunn

Ef ætlunin var að nota verknaðinn sem innlegg í pólitíska umræðu um skuldavanda heimilanna er ekki víst að þeir tveir muni finna hljómgrunn. Sérstaklega ef markhópur þeirra tveggja á að vera fólk í skuldavanda. Ætli spá um meira ofbeldi úr þeim ranni sé líklegt til að vinna atkvæði hins yfirgnæfandi meirihluta sem myndi aldrei grípa til ofbeldis, alls óháð „ástandinu“?



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Verðtrygging fjárskuldbindinga

Fjármál

Björn Matthíasson

hagfræðingur



Hin fjöruga umræða um verðtryggðar skuldir – aðrar en gengistryggðar – undanfarnar vikur einkennist af því að engar almennilegar tölur virðast vera til staðar um hvernig verðtryggðar skuldir heimila standa eftir að flestar fjármálastofnanir hafa aðlagað þær til lækkunar á sl. ári í kjölfar laga þar að lútandi.

Helgi Hjörvar alþingismaður hefur stigið fram fyrir skjöldu og lagt til að skattur verði lagður á lífeyrissjóði (áður tillaga sjálfstæðismanna) og tekjurnar notaðar til að lækka skuldir þeirra sem keyptu íbúðir á tímabilinu 2004-2008. Hann ítrekar þessa skoðun sína í grein í Fréttablaðinu á hlaupársdag. Forsætisráðherra skrifaði grein í Fréttablaðið fyrir nokkru sem greinilega ber með sér að engar tölur eru fyrir hendi um umfang verðtryggðra skulda heimilanna eftir að mestallri aðlögun þeirra er lokið.

En þessar tölur liggja fyrir. Ríkisskattstjóri hefur undanfarnar vikur safnað saman tölum um skuldir heimila við helstu fjármálastofnanir, og þessa dagana er verið að dæla tölunum rafrænt inn á skattframtöl einstaklinga sem birt verða þeim í næsta mánuði. Fjármálaráðuneytið getur unnið upplýsingar úr þeim tölum sem sýna ótvírætt hvernig staða heimila með verðtryggðar skuldir var í raun um sl. áramót. Nýi fjármálaráðherrann hefur væntanlega ekki gert sér grein fyrir að þessar tölur eru innan seilingar og hægt er að vinna þær skjótt og vel.

Þær tölur ættu að sýna stjórnvöldum hver staða verðtryggðra skulda heimila er, hvaða heimili það eru sem enn standa uppi með óviðráðanlegan skuldavanda eftir skuldaaðlögun og hvaða ráðum er hægt að beita til að hjálpa þeim. Á meðan þessi úrvinnsla fer fram, ættu stjórnarliðar að halda ró sinni og ekki geysast fram með nýjar tillögur um úrlausn verðtryggða skuldavandans, meðan þeir hafa ekki gögn í höndunum til að byggja tillögur sínar á.

> Nýi fjármálaráðherrann hefur væntanlega ekki gert sér grein fyrir að þessar tölur eru innan seilingar og hægt er að vinna þær skjótt og vel.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sameinumst um skynsamlega niðurstöðu

ESB-aðild

Þorgerður K. Gunnarsdóttir
alþingismaður



Það var frá upphafi ljóst að það yrði erfitt fyrir nokkra ráðherra vinstri grænna að taka þátt í því ferli sem Alþingi samþykkti þegar ákveðið var að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ýmsir biðleikir voru leiknir til að tefja ferlið og þeir voru umbornir af samstarfsflokknum enda mátti ekki raska lífi ríkisstjórnarinnar. Gekk friðþægingin í garð VG svo langt að sjálfur forsætisráðherrann gat ekki í blaðagrein viðurkennt að umsóknarferli væri í gangi heldur var tiplað á tánum í kringum málið og sagt að verið væri að kanna kosti og galla aðildar. Þetta var síðan leiðrétt af utanríkisráðherra.

Tveir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og vinstri græna hafa hins vegar nýlega snúið við blaðinu og lýst því yfir að flýta eigi viðræðum og kjósa fyrir næstu kosningar um samning. Nú á að haska sér. Gott og vel.

**Flýtum okkur hægt**

Ef við gefum okkur það að markmið samningaviðræðnanna sé að ná sem hagfelldustum samningi fyrir Ísland, þannig að niðurstaðan verði raunverulegur valkostur fyrir þjóðina, eru þetta ekki beint gáfulegar yfirlýsingar. Látum vera að þarna eru á ferð fulltrúar þess flokks sem lítt hefur liðkað fyrir viðræðunum. Hitt er alvarlegra að menn ætli nú í skyndi, vegna yfirvofandi kosningabaráttu, að þrýsta á um að ljúka samningaviðræðum um mikilvægustu hagsmunamál Íslendinga á svo skömmum tíma. Í einfeldni minni hélt ég að hægt væri, eftir allt sem á undan er gengið, að sameina krafta stjórnmálamanna til að ná sem bestum samningum fyrir Íslendinga, óháð skoðunum þeirra á Evrópusambandinu. Allt tal um hraðferð er ekki í samræmi við það markmið.

Sjálf hef ég sagt að þetta ferli muni taka tíma og reyna á þjóðarsálina. Þess vegna var ég á sínum tíma talsmaður þess að efnt yrði til tveggja þjóðaratkvæðagreiðslna í málinu, að þjóðin hefði jafnt upphafs- sem lokaorðið. Ekki voru allir í fyrstu ýkja hrifnir af þeirri leið en það breyttist og varð síðar stefna flokksins. Þessi tillaga okkar sjálfstæðismanna var hins vegar felld á Alþingi. Það hefði betur ekki orðið, en *ef* og *hefði* dugar okkur skammt við lausn viðfangsefna dagsins í dag. Ekki í þessu máli frekar en öðrum.

**Skortur á pólitísku baklandi**

Staðan er nefnilega sú að þótt samninganefndin sé ágætlega mönnuð og sinni sínu verki af samviskusemi þá hefur hún ekki það pólitíska bakland sem nauðsynlegt er til að fylgja umsóknarferlinu eftir.

Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr þá tel ég ljóst að samningar muni ekki nást fyrir næstu alþingiskosningar ef eðlilega er staðið að málum. Það verður því að flytja umsóknarferlið á milli kjörtímabila, nema menn telji það boðlegt að kasta til hendinni og ljúka samningum óháð niðurstöðu. Þessar skyndilegu hraðferðarhugmyndir bera keim taugaveiklunar og ætlaðar til flokkspólitísks heimabrúks fremur en að ljúka viðkvæmu, pólitísku máli með skynsamlegum hætti. Því um það snýst þetta – að ná einhverri skynsemi í niðurstöðuna.

**Hvernig á að færa málið á milli kosninga?**

En hvernig er þá best að færa aðildarviðræðurnar á milli kosninga? Tveir kostir blasa við.

Annars vegar að samið verði um málið í stjórnarmyndunarviðræðum að loknum kosningum. Hins vegar að þjóðin kjósi samhliða alþingiskosningum um það hvort halda eigi aðildarviðræðum áfram. Ég er sjálf þeirrar skoðunar að halda eigi viðræðum áfram og að menn sýni metnað og festu í yfirstandandi viðræðum þannig að ná megi hagfelldum samningi fyrir land og þjóð. Þjóðin fær síðan tækifæri til að segja skoðun sína á samningnum. Að hafna honum eða samþykkja. Sá valkostur sem lagður er fyrir Íslendinga verður hins vegar að byggja á bestu mögulegu niðurstöðu en ekki bara „einhverri niðurstöðu“ líkt og nú virðist eiga að leggja fyrir þjóðina þegar stjórnarskrá landsins er annars vegar.

Staðreynd er að samningaferlið hefur verið undirorpið óeiningu innan núverandi ríkisstjórnar sem tafið hefur viðræður, sama hvað hver segir. Að ná hagfelldri samningsniðurstöðu mun taka drjúgan tíma. Því er farsælla í þessari stöðu að þjóðin segi til um framhald viðræðna samhliða þingkosningum í stað þess að umsóknarferlið verði notað sem skiptimynt við gerð stjórnarsáttmála næstu ríkisstjórnar. Slíkri þjóðaratkvæðagreiðslu á ekki, eins og sumir hafa lagt til, að blanda saman við forsetakosningar sem þá færu að snúast meira um ESB en hvernig forseta við Íslendingar viljum til næstu ára.

Best færi á því að Íslendingar gætu strax í haust kosið til nýs þings fyrir margra hluta sakir og gæfist samhliða færi á að segja skoðun sína á framhaldi samningaviðræðna.

> Best færi á því að Íslendingar gætu strax í haust kosið til nýs þings...

# Áhrif kvenna í atvinnulífinu eru að aukast

Atvinnulíf

Þorkell Sigurlaugsson
framkvæmdastjóri hjá HR og stjórnarformaður Framtakssjóðs Íslands



Framundan er tími aðalfunda og kjör stjórna fyrirtækja og eftir tæp tvö ár eða í september 2013 taka gildi ný lög sem kveða á um að hlutfall hvors kyns verði aldrei lægra en 40% í stjórnum stærri hlutafélaga. Þetta á við um öll fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn.

Það var umdeilt hvort það þyrfti löggjöf til að knýja fram jákvæðar breytingar í þessa átt. Staðreyndin er aftur á móti sú að viðhorfin eru að breytast og flestir eru nú sammála um að auka þurfi þátt kvenna í stjórnun fyrirtækja og nýta þannig mikilvæga starfskrafta og þekkingu þeirra sem eru helmingur þjóðarinnar.

Á Viðskiptaþingi þann 15. febrúar jókst hlutur kvenna í stjórn Viðskiptaráðs milli aðalfunda. Í fráfarandi stjórn voru konur 33% af aðalstjórnarmönnum. Nú nemur hlutfall kvenna í aðalstjórn um 37%.

**Heiðursfélagar Viðskiptaráðs**

Á afar vel heppnuðu Viðskiptaþingi voru fimm karlar, fyrrum formenn og velunnarar Viðskiptaráðs, sæmdir nafnbótinni Heiðursfélagi Viðskiptaráðs. Þeir voru; Davíð Scheving Thorsteinsson, Haraldur Sveinsson, Hjalti Geir Kristjánsson, Jóhann J. Ólafsson og Ragnar S. Halldórsson. Heiðursfélagi Viðskiptaráðs er sæmdarheiti sem veitt er mönnum er hafa lagt sérstaklega mikið af mörkum í þágu viðskiptafrelsis og framfara í atvinnulífinu. Þeir félagar áttu þetta svo sannarlega skilið og ég fann það á fundinum að þeir mátu það mikils að fá þessa viðurkenningu. Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis, tilkynnti um útnefninguna og sagði m.a: „Á langri sögu Viðskiptaráðs hefur margt þau sömu og eiga ekki síður við í dag en fyrir 95 árum þegar ráðið var stofnað. Og það vill stundum gleymast, svona í svartnættishjali og skrítinni pólitík, að sú umgjörð atvinnulífs sem við höfum byggt hér á Íslandi hefur skapað okkur afar góð lífskjör. Þetta er hins vegar allt mannanna verk og þeir eru margir sem lagt hafa hönd plóg og búið okkur sem á eftir ganga frjósaman jarðveg til ræktunar“

Þeir sem hlutu sæmdarheitið Heiðursfélagi Viðskiptaráðs Íslands að þessu sinni voru eingöngu karlar. Þegar þeir voru í forystu í viðskiptalífinu var það nánast undantekning að konur væru þar í hópnum. Þetta sýnir þá miklu breytingu sem orðið hefur á kynjahlutföllum í atvinnulífinu undanfarna 2-3 áratugi.

**Þurfum að leggja áherslu á góða stjórnarhætti**

Þann 8. mars næstkomandi verður morgunverðarfundur á Grand Hóteli þar sem rætt verður um bætta stjórnarhætti með tilliti til kynjahlutfalls í stjórnum fyrirtækja. Það er einmitt gott að ræða þetta nú þegar aðalfundatíminn er hafinn og mikilvægt að hvetja eigendur fyrirtækja og aðra þá sem geta haft áhrif á stjórnarkjör að huga að góðum stjórnarháttum og kynjahlutfalli í stjórnum fyrirtækja auk annarra þátta, svo sem varðandi þverfaglega breidd og aldursdreifingu, sem skiptir máli.

Háskólinn í Reykjavík hefur innan Opna háskólans verið undanfarin ár með námskeið undir heitinu „Ábyrgð og árangur stjórnarmanna“, sem er mikilvægur undirbúningur fyrir alla stjórnarmenn. Í þessu sambandi má benda á leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja og þar má meðal annars líta til leiðbeininga OECD, Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá ætti einnig að horfa til leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja sem gefin hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Ísland og Samtökum atvinnulífsins og reglna ASÍ um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar. Þeir sem eru í forystu í íslensku atvinnulífi verða að byggja upp trúverðugleika á ný. Heiðursfélagar í atvinnulífssamtökum eftir aldarfjórðung verða vonandi konur og karlar í réttum hlutföllum. Aðalatriðið er samt að við höfum hæft fólk til að leiða fyrirtæki okkar í atvinnulífinu og ekki síður í stjórnmálum.

Viðbygging / stækkun á verslun

Tilboð óskast

Fiskikóngurinn ehf kt 440110-0100, óskar tilboða í viðbyggingu að Sogavegi 3. Um er að ræða stækkun uppá c.a 160 fm með kjallara.

Allar teikningar og samþykki á stækkun liggja fyrir og hægt er að hefja framkvæmdir strax.

**Verklokum skal lokið 1. júní 2012.**

Tilboðshöfum er bent á að senda tilboðin á kristjan@fiskikongurinn.is eða skila þeim inn í verslun okkar, Fiskikóngurinn Sogavegi 3, 108 Reykjavík, eigi síðar en 12. mars 2012.



Tilboðsgögn má nálgast með því að senda tölvupóst á kristjan@fiskikongurinn.is eða í síma 896 0602 Kristján Berg.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

MIKIÐ ÚRVAL BÍLA Á TILBOÐI!

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)

525 8000
www.bilaland.is
bílaland

# Fullkomlega óábyrg vanskilaumræða

Fjármál
Andrea J. Ólafsdóttir
formaður stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna



Nú eru áróðursmeistarar í opinberri umræðu komnir á flug með umræðuna um það hvort þeir sem ekki hafi staðið í skilum með ónýta og ólöglega lánasamninga njóti ekki sömu kjara og þeir sem höfðu nægilega háar tekjur til að standa straum af ólöglegri stökkbreytingu lánsins og ólöglegum afturvirkum útreikningum. Þá er einnig spurt hvort ekki hafi verið óábyrgt að hætta að greiða af þessum lánum eða að hvetja til þess að því væri hætt.

Þegar slík afvegaleidd umræða fer af stað þá er nauðsynlegt að staldra við og endurhugsa aðeins og velta fyrir sér um hvað er spurt og síðan um hvað er ekki spurt. Þeir sem spyrja þessara spurninga spyrja til dæmis ekki um það hvort það geti talist óábyrgt af bankastofnunum og stjórnvöldum að hafa lánað með ólöglegum hætti, eiga síðan samráð um að reikna afturvirka hærri vexti á lánin þegar þau dæmast ólögleg og sömu aðilar haldi síðan áfram samráðinu þegar afturvirknin dæmist ólögleg líka. Þá er heldur ekki spurt hvort það geti talist óábyrgt af Alþingi að láta lög taka gildi sem ekki eru samþykkt með skýrum meirihluta þingsins og miklar efasemdir eru um. Samráð stjórnvalda og banka heldur áfram núna í kjölfar nýfallins hæstaréttardóms um gengistryggð lán og er skömm að því.

**Þeir vissu að lánastarfsemin var ólögleg**

Þá er heldur ekki spurt hvort það geti talist óábyrgt af Samtökum fjármálafyrirtækja, Verslunarráði Íslands og Samtökum atvinnulífsins að gera umsagnir um frumvörp sem eru að verða að lögum og láta vita af því að ef lögin verði samþykkt þá verði óheimilt að lána gengistryggð lán en láta síðan ekki vita af því eða kæra það til lögreglu þegar bankar hefjast síðan handa við það stuttu eftir að hin umræddu lög taka gildi að lána gengistryggð lán.

Eins er það látið ógert að spyrja hvort það geti talist óábyrgt að vaxtavaxtareikna lán þegar engin stoð er fyrir því í lögum. Síðast en ekki síst er ekki spurt að því hvort það geti talist óábyrgt að vörslusvipta og bjóða upp heimili fólks í þúsundavís á grundvelli ólöglegra lána og ólöglegra útreikninga í stað þess að geyma allar slíkar aðfarir þar til leyst hefur verið úr óvissunni fyrir dómstólum. Nei, allt þetta er látið ósagt í umræðunni um hvort það teljist óábyrgt að hafa hætt að greiða af þessum ólöglegu gjörningum öllum saman og hvort þeir sem eru í slíkum vanskilum eigi nokkuð að njóta sömu kjara og þeir sem greiddu allan tímann af lánunum.

Þá er vert að snúa sér að verkalýðsbaráttunni og réttindum vinnandi fólks. Þegar brotið er á fólki og það leitar eftir réttarbótum og/eða kjarabótum á vinnumarkaði, þá eru það talin sjálfsögð réttindi fólks að leggja niður störf til að ná fram sínum baráttumálum. Getur það þá talist óábyrgt?

**Vanskil fjármálafyrirtækja**

Í þessu óábyrga samhengi er vert að spyrja að því sem snýr að vanskilum fjármálafyrirtækja gagnvart viðskiptavinum sínum. Var það ekki óábyrgt af fjármálafyrirtækjum að stofna til vanskila með lögmætar endurkröfur fjölda viðskiptavina fyrir stórum fjárhæðum sem þeir hafa í reynd átt inni vegna oftekinna afborgana þeirra? Jafnframt hvort hægt sé að tala um vanskil þegar viðskiptavinur heldur eftir greiðslu gagnvart vanskilafyrirtækinu, þegar það hefur sjálft farið inn á reikning viðskiptavinarins og ráðstafað innstæðum þaðan upp í hinar ólögmætu kröfur í fullkomnu heimildarleysi? Loks hvort það teljist ábyrgt af Fjármálaeftirlitinu að leyfa starfsemi vanskilafyrirtækja á íslenskum fjármálamarkaði? Það er ekki nema einfalt skilgreiningaratriði að banki telst ógjaldfær um leið og hann stendur ekki í skilum með skuldbindingar sínar og ber þá að svipta hann starfsleyfi samstundis, frá þessu eru engar undantekningar leyfilegar í bankastarfsemi.

Ég verð að segja að frá mínum bæjardyrum séð er þessi afvegaleidda umræða á algerum villigötum og samfélagið okkar í mikilli hættu ef þær spurningar sem hér eru upptaldar komi ekki fyrr í röðinni heldur en hin fyrsta um þá sem voru í vanskilum. Ég hef í það minnsta miklar áhyggjur af slíku samfélagi og slíkri umræðu.

Samráð stjórnvalda og banka heldur áfram núna í kjölfar nýfallins hæstaréttardóms um gengistryggð lán og er skömm að því.

# Pólitískur ásetningur um að hækka orkuverðið

Orkumál
Einar K. Guðfinnsson
alþingismaður



Það er ásetningur stjórnvalda að hækka orkuverðið í landinu. Þetta kemur fram í grein Oddnýjar G. Harðardóttur fjármálaráðherra og starfandi iðnaðarráðherra föstudaginn 2. mars sl. Grein ráðherrans er svar við grein sem ég hafði skrifað í blaðið deginum áður, þar sem ég vakti einmitt athygli á því að framundan væru mjög miklar hækkanir á orkuverði til almennings og atvinnulífs. Tvöföldun á orkuverði á næstu tveimur áratugum, sem myndi valda 50% hækkun orkuverðs hjá almennum notendum, að óbreyttu. Hvatti ég þar til umræðu um málið.

**Reynt að finna blóraböggul**

Ráðherrann reynir að klína þessari stefnumörkun um tvöföldun orkuverðsins, á löggjöf sem var samþykkt árið 2003! Það er nú býsna langsótt. Um þá löggjöf hefur margt verið sagt; sumt gott og annað miður. Þar hefur hæst borið sú ákvörðun sem lögin fólu í sér að aðskilja sérleyfis- og samkeppnistarfsemi, til þess að stuðla að samkeppni í sölu og vinnslu. Sú ákvörðun hefur mjög verið gagnrýnd. Það var því mikill fengur að því að iðnaðarráðuneytið fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands til þess að taka þessi mál út. Meðal annars voru skoðuð áhrif laganna frá árinu 2003 sem ráðherra gerir að umtalsefni í grein sinni, á verðlag raforku.

**Raforkuverðið hefur lækkað frá setningu laganna frá 2003**

Í niðurstöðum Hagfræðistofnunar segir orðrétt að samanburður á verðþróun á tímabilinu 2005 til 2010 bendi „til þess að ávinningur hafi verið af því að búa til samkeppnisvænni umgjörð raforkumála með aðskilnaði sérleyfis- og samkeppnisreksturs. Ávinningurinn er hvað skýrastur hjá þeim fyrirtækjum og samtökum sem boðið hafa út raforkukaup fyrir umbjóðendur sína.“

Það skýtur því óneitanlega skökku við þegar starfandi iðnaðarráðherra reynir að búa til afsökun fyrir ásetningi stjórnvalda um stórhækkun raforkuverðs með skírskotun til þessarar tíu ára gömlu ákvörðunar. Hefði sú löggjöf verið gerandinn í málinu hefði mátt vænta þess að áhrifa hennar hefði gætt nú þegar svo um munaði, tæpum áratug síðar. En hver er reynslan? Því svarar Hagfræðistofnun einnig í skýrslunni sem vikið er að hér að ofan. Svar stofnunarinnar er mjög afdráttarlaust: „Raforkuverð hækkaði um 20% á tímabilinu 2005-2010, en verðlag hækkaði almennt um 50% á sama tíma. Þar af leiðandi lækkaði raunverð raforku.“

Svo einfalt er það. Á árunum eftir hin umdeildu raforkulög lækkaði verðið að raungildi.

Hætt er því við að stjórnvöld verði að leita í aðrar smiðjur, en löggjöfina frá 2003, til þess að útskýra ásetning sinn um stórhækkun orkuverðs.

**Hækkun orkuverðs er pólitísk stefnumörkun**

Stefna stjórnvalda um stórhækkun orkuverðs er einfaldlega pólitísk ákvörðun. Í hana glitti í þeirri nýju orkustefnu sem kynnt var á Alþingi með sérstakri skýrslu. Þar eru færð rök fyrir því að almenningi sé fyrir bestu að borga hærra orkuverð. Ráðherrann sagði þetta síðan með skýrari hætti í svari við fyrirspurn minni á Alþingi mánudaginn 27. febrúar og áréttar það svo enn í greininni í Fréttablaðinu sl. föstudag. Þannig er einfaldlega staðan og svona er raunveruleikinn.

Stjórnvöld geta því ekki flúið á bak við tæplega áratugar gamla löggjöf. Þau geta ráðið þessari stefnu í gegn um eignarhald sitt á Landsvirkjun. Og nú virðist hún smám saman koma í ljós.

Ákvörðun um að snúa af þeirri braut sem allir stjórnmálaflokkar hafa staðið að um að reyna að halda orkuverði í skefjum og láta almenning og atvinnulíf njóta þess.

**Snúið af fyrri braut**

Rétt eins og tölurnar úr skýrslu Hagfræðistofnunar sýna okkur, þá hefur sú stefna ríkt að gæta hófs í verðlagningu á raforku til almenns atvinnulífs og heimilanna. Raunlækkun raforkuverðsins sem rakin er hér að ofan segir okkur það, þó flestum þyki okkur nóg um orkureikningana þegar þeir birtast um hver mánaðamót. Nú virðist hins vegar ætlunin að snúa af þessari braut. Tvöfalda skal nú orkuverðið á næstu 20 árum, sækja þannig meira fé í vasa almennings og atvinnulífs og færa þá fjármuni til ríkisins. Þannig munu notendur ekki njóta lengur lágs raforkuverðs með beinum hætti. Það mun því ekki stuðla að betri lífskjörum almennings, né heldur stuðla að atvinnuuppbyggingu á fjölþættum sviðum, eins og hefur orðið raunin síðustu áratugi. Ávinningurinn á að lenda í fjárhirslum ríkisins, samkvæmt hinni boðuðu stefnu. Það mun svo ráðast af pólitískum áherslum hverju sinni hvernig þeim fjármunum verði varið.

Það er um þessi grundvallarviðhorf sem deilan um nýja stefnu við verðlagningu raforkunnar snýst. Þetta er ekki tíu ára gamall ágreiningur um lagasetningu frá því í byrjun aldarinnar. Þetta er ágreiningur um stefnumótun sem er að eiga sér stað núna þessi dægrin; hægt og hljótt, en markvisst og örugglega. Það er um þessi grundvallarviðhorf sem umræðan snýst.

Tvöfalda skal nú orkuverðið á næstu 20 árum, sækja þannig meira fé í vasa almennings og atvinnulífs og færa þá fjármuni til ríkisins. Þannig munu notendur ekki njóta lengur lágs raforkuverðs með beinum hætti.

# Viðtalstímar – gamaldags eða ekki?

Stjórnmál
Guðríður Arnardóttir
bæjarfulltrúi í Kópavogi



Karen Halldórsdóttir skrifar í Fréttablaðið og ræðir þar viðtalstíma bæjarfulltrúa í Kópavogi. Fram að þeim tíma þegar 20 mánaða meirihlutinn tók við í Kópavogi stóð bæjarbúum til boða að ná tali af hverjum bæjarfulltrúa tvisvar á ári í klukkustund í senn. Þessir tímar voru fremur illa nýttir þrátt fyrir að hafa verið auglýstir nokkuð reglulega í ljósvaka- og prentmiðlum. Á síðasta kjörtímabili mættu t.d. til undirritaðrar 5 bæjarbúar – í það heila.

Bæjarbúar sem þurfa að ná tali af bæjarfulltrúum einfaldlega senda þeim tölvupóst eða slá á þráðinn, við erum öll í símaskránni. Oftar en ekki óska bæjarbúar eftir því að fá að hitta okkur vegna tiltekinna mála og veit ég ekki til annars en það sé auðsótt mál, a.m.k. höfum við í Samfylkingunni aldrei vísað nokkrum manni á dyr.

Eftir kosningar 2010 var ákveðið að leggja af þessa reglulegu fundartíma bæjarfulltrúa og þess í stað bjóða hverjum og einum bæjarfulltrúa að ráða því með hvaða hætti hann helst vildi vera í samskiptum við bæjarbúa. Þar gátu menn valið hvort þeir höfðu reglulega viðtalstíma eða ekki. Undirrituð hefur t.d. verið með vikulega viðtalstíma sem kynntir eru á heimasíðu bæjarins og hefur það ekkert breyst þótt ég gegni nú ekki formennsku í bæjarráði lengur. Aðgengi bæjarbúa í Kópavogi að bæjarfulltrúum er afar gott og veit ég ekki annað en við öll séum boðin og búin að hitta bæjarbúa sé þess óskað, nú eða svara símanum liggi einhverjum eitthvað á hjarta. Það heyrðist heldur ekki múkk í Karen eða oddvita Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma þegar þetta var lagt af.

Það að Karen skuli nú gera að yrkisefni sínu umræður um reglulega fundartíma bæjarstjórnar lýsir frekar mikilli málefnafátækt. Auk þess kýs hún að stilla málinu þannig upp að gagnrýni okkar á þetta fyrirkomulag sé vegna þess að við „nennum ekki“ að hitta bæjarbúa og þar veit hún auðvitað miklu betur.

Hafsteinn Karlsson gerði góðlátlegt grín að þessu afturhvarfi til fortíðar. Einkum vegna þess að nýr meirihluti keppist nú við að afnema allar þær stjórnsýslumbætur sem fyrri meirihluti réðist í á 20 mánaða tímabili. Þar ætla þeir að fjölga nefndum bæjarins og þenja út stjórnsýsluna svo allt verði eins og það var þegar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur fóru síðast frá völdum. Okkur finnst það auðvitað dapurleg staðreynd að nú skuli menn keppast við að innleiða gamaldags stjórnsýslu að nýju í Kópavogi.






## Nýtt fyrir konur og karla, CLUB FIT - VIP 6-vikna námskeið

# KOMDU ÞÉR Í TOPPFORM

### 45 mínútur 3x í viku

Þjálfun á hlaupabrettum og lyftingar með lóðum.
Hraði og þyngdir sem henta hverjum og einum.
Æfingar og hörku keyrsla undir handleiðslu þjálfara sem leiðbeinir og hvetur áfram.
**Þrumu stemning!**
Hámarks fitubrennsla, aukin grunnbrennsla og betra þol.

Allar nánari upplýsingar um verð og tímasetningar á www.hreyfing.is

Pantaðu frían prufutíma á www.hreyfing.is

**Innifalið:**
- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Club Fit æfingakerfið sem miðar að því að „ögra" líkamanum að komast út úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Hvatning, fróðleikur og uppskriftir á lokuðu heimasvæði
- Sérstakar mataræðisráðleggingar um hvernig þú getur gert skynsamlegar breytingar án þess að finna fyrir svengd og náð markmiðum þínum örugglega
- Mælinga, þol-, styrktar- og fitumælingar fyrir og eftir

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RACHEL WEISZ** leikkona á afmæli í dag.

*„Ég tel ekki að sálufélagi manns þurfi að hafa sömu stjórnmálaskoðanir og maður sjálfur."*



## 70 ára afmæli

### Lára M. Gísladóttir

Í dag, miðvikudaginn 7. mars, verður Lára M. Gísladóttir, varaformaður Thorvaldsensfélagsins, sjötug.

Af því tilefni verður fjölskyldan með opið hús í Víkingsheimilinu, Traðarlandi 1, Reykjavík, í dag frá kl. 18.00 til 20.00.

Fjölskyldan væntir þess að fá að sjá sem flesta af vinum Láru og fjölskyldunnar.

**ÞETTA GERÐIST:** 7. MARS 1985

## „We Are the World" gefið út

Lagið „We Are the World" var gefið út þennan dag árið 1985 eða fyrir 27 árum. Ágóði af laginu rann til fórnarlamba hungursneyðar í Afríku en það var söngvarinn Harry Belafonte sem var lykilmaður í að bandarískir tónlistarmenn tækju sig saman og gæfu vinnu sína fyrir gott málefni, líkt og breskir kollegar þeirra höfðu gert nokkrum mánuðum fyrr með laginu Do They Know It's Christmas. Höfundar lagsins voru þeir Michael Jackson og Lionel Richie, upptökum stjórnuðu Quincy Jones og Michael Omartian og helstu poppstjörnur Bandaríkjanna fluttu lagið á þeim tíma.

Smáskífan með laginu seldist í 20 milljónum eintaka en innan við þrjátíu smáskífur hafa selst í svo stóru upplagi.






**GUÐNI TH. JÓHANNESSON** Forseti Sögufélags segir fagnaðarefni að eldri árgangar Sögu, tímarits félagsins, séu orðnir aðgengilegir á vefnum timarit.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SÖGUFÉLAGIÐ: NÝ HEIMASÍÐA Í TILEFNI 110 ÁRA AFMÆLIS

# VIÐ ERUM MJÖG STOLT AF ÞVÍ SEM EFTIR OKKUR LIGGUR

„Sögufélag er útgáfufélag sem hefur í 110 ár haft það markmið að gefa út bækur og rit um sögu Íslands. Útgáfan hefur gengið upp og niður í áranna rás en við erum mjög stolt af því sem eftir okkur liggur," segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Sögufélagsins sem í dag fagnar 110 ára afmæli. Ekki er ætlunin að efna til hátíðarhalda í tilefni afmælisins en félagið ætlar þó að nota tækifærið og kynna nýjungar í starfi félagsins.

„Í tilefni afmælisins hefur Sögufélagið afráðið að setja öll tölublöð Sögu til ársins 2006 á vefinn timarit.is. Það er rúm hálf öld síðan Saga hóf göngu sína. Nú þegar tímaritið verður aðgengilegt á netinu verður notagildi greina sem í því er að finna meira því hægt verður að leita í þeim eftir leitarorðum," segir Guðni. Þess má geta að nýverið flutti Sögufélagið skrifstofu sína. Hún hefur um árabil verið til húsa í Fischersundi í miðbæ Reykjavíkur en nýverið var ákveðið að leigja út húsnæði félagsins og hefur það flutt aðstöðu sína í Skeifuna og verður með sameiginlega afgreiðslu með Hinu íslenska bókmenntafélagi. „Þegar félagið var stofnað var mikið og náið samráð við félagið þannig að það fer vel á þessari samvinnu."

Eins og áður sagði er rauði þráðurinn í starfsemi Sögufélagsins útgáfa bóka og Sögu. Nýjasta bók félagsins er bók Páls Björnssonar, Jón forseti allur?, sem kom út fyrir jólin. „Hún hreppti Hin íslensku bókmenntaverðlaun í flokki fræðibóka, sem er mikill heiður fyrir Pál og vonandi fyrir félagið. Við reynum ætíð að vanda til verka en bækurnar sem við gefum út vekja mismikla athygli. Þær fræðilegri ná kannski síður til almennings en eru engu að síður afar mikilvægar," segir Guðni. Viðfangsefni rannsókna sagnfræðinga eru margvísleg og segir Guðni þau hafa orðið mun fjölbreytilegri á síðustu árum en áður tíðkaðist.

„Þegar félagið var stofnað voru sagan og sjálfstæðisbaráttan samofin, tilgangur sögunnar var að efla ættjarðarást með þjóðinni. Nú er horft víðar yfir sviðið og menn farnir að beina sjónum að fleiri hópum en áður tíðkaðist. Efahyggjan er líka meiri, sagnfræðingar efast meira um möguleikann á því að hægt sé að segja í eitt skipti fyrir öll frá því sem raunverulega gerðist, menn gera sér grein fyrir að sjónarhorn sagnfræðingsins skiptir máli."

Fjölbreytilegar greinar í tímaritinu Sögu bera grósku í sagnfræði vitni en félagar í Sögufélaginu fá ritið auk þess að fá afslátt af bókum félagsins. „Allt áhugafólk um liðna tíð er velkomið í Sögufélag og þar að auki má kannski segja að það sé siðferðisleg skylda menntaðra sagnfræðinga að vera í félaginu," segir Guðni að lokum.

sigridur@frettabladid.is



†

*Móðir okkar,*

**Guðrún Ólafsdóttir**
frá Efra-Lóni,
Skálagerði 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 2. mars.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Þóra G. Sigurðardóttir**
**Jónína Stefanía Sigurðardóttir**
**Ólöf Unnur Sigurðardóttir**
**Anna Björk Sigurðardóttir**



†

**Robert (Rab) Christie**
Grettisgötu 43 A,

varð bráðkvaddur á heimili sínu 28. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 8. mars kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á MS-félagið.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Grainne Morris og Anne Hutchinson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Guðbjörn Karlsson**
læknir,

lést miðvikudaginn 29. febrúar í Colorado, Bandaríkjunum. Hann verður jarðsettur í Bandaríkjunum laugardaginn 10. mars. Minningarathöfn fer fram síðar á Íslandi.

**Julia Woods Karlsson**
**Nika Karlsson**
**Anya Karlsson**
**Karl Ásmundsson**
**Karl Rúnar Karlsson**
**Jóhann Ásmundsson**
**Guðbjörn Guðjónsson**
**Ásmundur Bjarnason**
**Bergþóra Guðbjörnsdóttir**
**Caitlin Dulac**



†

*Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eiríkur Egill Jónsson**
stýrimaður,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 26. febrúar, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnaskóla sjómanna.

**Guðlaug S. Eiríksdóttir**
**Jón Ágúst Eiríksson**
**Sigurbjörn Eiríksson**
**Helga Eiríksdóttir**
**Elo Gartmann**
**Elísabet Magnúsdóttir**
**Elva Kristjánsdóttir**
**Einar Bjarnason**
**afabörn og langafabörn.**



†

*Útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Kristins Gíslasonar**
kennara,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík miðvikudaginn 22. febrúar, fer fram frá Áskirkju mánudaginn 12. mars kl. 13.00.

**Jakob Líndal Kristinsson**
**Halldóra Kristinsdóttir**
**Gísli Kristinsson**
**Jónína Vala Kristinsdóttir**
**Kristín Gísladóttir**
**Þorkell Traustason**
**Bjarney Sigvaldadóttir**
**Gylfi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is
Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfsdóttir



Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 7. mars 2011 | 5. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Græna prentsmiðjan!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

# Mikilvægt að Ísland útfærði áætlunina

- Julie Kozack segir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn geta dregið lærdóm af veru sinni á Íslandi.
- Mikilvægt að ráðast ekki í stefnubreytingar á borð við almennar afskriftir skulda.
- Hraði afnáms hafta mun ráðast af því hversu hratt greiðslujöfnuður lagast.



## Brasilía hægir ferðina

Minni hagvöxtur var í Brasilíu á síðasta ári en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samkvæmt tölum sem gefnar voru út í gær nam vöxturinn 2,7% sem er eilítið minna en spár höfðu gert ráð fyrir og umtalsvert minni vöxtur en í fyrra þegar hann nam 7,5%.

Stjórnvöld í Brasilíu kenna efnahagsþrengingum í Evrópu og Bandaríkjunum um minni vöxt brasilíska hagkerfisins enda hafði það í för með sér minni eftirspurn eftir helstu útflutningsvörum landsins. Í ár er spáð 4,5% hagvexti, en Guido Mantega fjármálaráðherra segir að uppbygging á innviðum landsins muni vera einn helsti drifkrafturinn að baki þeim vexti. - ÞJ

## Pálmi Haraldsson setti 1,7 milljarða inn í Iceland Express

Félag í eigu Pálma Haraldssonar afskrifaði hlutafé í Iceland Express upp á rúmlega tvo milljarða króna í lok síðasta árs og breytti í kjölfarið kröfu upp á rúmlega 1,7 milljarð króna í nýtt hlutafé. Þetta kemur fram í tilkynningu sem barst til fyrirtækjaskráar 31. janúar síðastliðinn. Iceland Express er í eigu Eignarhaldsfélagsins Fengs.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var tap Iceland Express vel á annan milljarð króna á árinu 2011 og hlutafjáraukningin er að mestu til að mæta því tapi. - ÞSJ

## Seðlabankinn tekur í taumana

Seðlabanki Íslands seldi í gær 12 milljónir evra, jafngildi tæpra 2 milljarða króna, á millibankamarkaði með gjaldeyri. Fyrir vikið hafði gengi krónunnar styrkst um 0,98 prósent við lokun markaða í gær. Í tilkynningu sem Seðlabankinn sendi frá sér vegna þessa segir að óvenjumikið útstreymi hafa verið á gjaldeyri að undanförnu. Bankinn telji um tímabundið ástand að ræða sem hafi haft töluverð áhrif á gengi krónunnar. Óæskilegt sé að tímabundnar hreyfingar á gjaldeyrisstreymi hafi mikil áhrif á gengið og því hafi bankinn beitt sér til að draga úr gengissveiflum. Bankinn hefur undanfarið keypt töluvert magn af gjaldeyri af fjármálafyrirtækjum. Gengi krónunnar hefur veikst um 5,7 prósent frá því í nóvember. - MPL



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Verðbólguspá

12 mánaða verðbólga mældist 6,3% í febrúar 2012 og hefur farið hækkandi undanfarna mánuði. Nýjustu spár Seðlabanka Íslands, Hagstofunnar og ASÍ gera ráð fyrir lækkandi verðbólgu á næstu árum.

Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga árið 2015 verði 2,5% frá því sem nú er. ASÍ spáir jafnframt lækkun og gerir ráð fyrir að í lok 4. ársfjórðungs árið 2014 verði verðbólgan komin undir 2%, eða 1,81%. Samkvæmt nýjustu spá Seðlabankans í febrúar 2012 gerir bankinn ráð fyrir að verðbólgan verði komin undir 2,5% verðbólgumarkmiði Seðlabankans eða 2,33% á fyrsta ársfjórðungi árið 2015.




### Verðbólguspá Ecomomist Intelligence Units (EIU)

Ecomomist Intelligence Units er dótturfélag The Ecomomist Group sem gefur út tímaritið The Ecomomist. EIU heldur utan um og gefur út spár um hagtölur landa flestra þjóða og fyrir Ísland einnig. Myndin sýnir árlega verðbólgu á Íslandi og spá EIU næstu árin eða til 2016 sem er 4,5%.




## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 7. MARS**
- **Fasteignamarkaðurinn í feb. eftir landshlutum**
- **Efnahagur Seðlabankans** – hagtölur SÍ
- **Lífeyrissjóðir** – hagtölur SÍ

**FIMMTUDAGUR 8. MARS**
- **Talningar úr þjóðskrá**
- **Landsframleiðsla 2011** – Hagstofan
- **Landsframleiðsla á 4. ársfjórðungi 2011** – Hagstofan

**FÖSTUDAGUR 9. MARS**
- **Fjármál hins opinbera 2011** – Hagstofan
- **Vísitala launa á 4. ársfjórðungi 2011** – Hagstofan
- **Markaðsupplýsingar Lánamála ríkisins**
- **Útboð ríkisbréfa**
- **Evrópufundaröð Alþjóðam. stofnunar** – smáríki

**MÁNUDAGUR 12. MARS**
- **Greiðslumiðlun** – hagtölur SÍ
- **Ársreikningur HB Granda**

**ÞRIÐJUDAGUR 13. MARS**
- **Fjöldi þinglýstra leigusamninga**
- **Fæddir Íslendingar árið 2011** – Hagstofan
- **Atvinnuleysi í febrúar 2012**
- **Gjaldeyrisforði og tengdir liðir** – hagtölur SÍ
- **Smásöluvísitala RSV**
- **Útboð ríkisvíxla**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á Vísir*

# Vantar 211 konur í stjórnir á Íslandi

**Lög sem skylda öll fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn til að tryggja að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40% í stjórnum þeirra taka gildi í september 2013. Þeir sem lögin ná til eiga langt í land með að uppfylla skilyrði þeirra.**

**VIÐSKIPTI**
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Stór fyrirtæki og lífeyrissjóðir þurfa að fjölga konum í stjórnum sínum um 211 á næsta eina og hálfa árinu til að uppfylla lög um lágmarkshlutfall kynja í stjórnum fyrirtækja. Einungis vantar einn karl í stjórnir fyrirtækja til að uppfylla skilyrði laganna. Alls falla 285 fyrirtæki og 32 lífeyrissjóðir undir löggjöfina. Um 55% þeirra fyrirtækja þurfa að bæta við konum eða körlum til að uppfylla ákvæði laganna sem ná yfir öll félög sem eru með fleiri en 50 starfsmenn. Þetta kemur fram í tölum frá Félagi kvenna í atvinnurekstri (FKA).

Í mars 2010 var gerð breyting á hlutafélagalögum sem fól í sér að hlutfall hvors kyns í stjórnum stærri fyrirtækja og lífeyrissjóða verði aldrei lægra en 40%. Breytingin tekur gildi 1. september 2013. Þar segir orðrétt að „í stjórnum opinbera hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutfall meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skal taka upp í samþykktir félags“.

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk hjá FKA uppfylla 128 fyrirtæki sem lögin ná til skilyrðin í dag, eða 45% þeirra. Því þurfa 157 fyrirtæki að bæta við konum eða körlum í stjórnir sínar á næstu aðalfundum. Hjá einu fyrirtæki þarf konunum að fjölga um þrjár, hjá 34 þeirra þarf þeim að fjölga um tvær og 121 fyrirtæki þarf að bæta við einni konu í stjórn sína. Þá vantar 19 konur í stjórnir 32 lífeyrissjóða sem lögin ná til.

Því er ljóst að það hallar mikið á konur í þessu samhengi, enda telst FKA til að það vanti 211 konur í stjórnir fyrirtækja og lífeyrissjóða til að skilyrðin séu uppfyllt. Landssamtök lífeyrissjóða hafa opinberlega lýst yfir andstöðu við lögin og hafa kvartað yfir því að þau hafi verið sett án samráðs við lífeyrissjóðina.

Í Noregi hafa sambærileg lög verið í gildi frá því í ársbyrjun 2006. Þau kveða á um að ef stjórnarmenn eru fleiri en fimm þá skuli hlutur hvors kyns ekki vera minni en 40%. Sökum stærðar stjórnanna sem lögin ná til snúa þau fyrst og síðast að stórum fyrirtækjum sem eru skráð á markað eða í eigu ríkisins að fullu eða hluta. Norðmenn hafa verið með lögin í endurskoðun með það að leiðarljósi að þau nái einnig til meðalstórra og minni fyrirtækja.

Þar fengu fyrirtæki tveggja ára aðlögunartíma til að verða við ákvæðum laganna. Þegar kynjakvótinn var innleiddur var hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja sem skráð voru í Kauphöllinni í Ósló 9%. Árið 2009 var það komið upp í 36%.

### FJÓRÐUNGUR STJÓRNARMANNA KONUR

Í könnun sem KPMG gerði á meðal íslenskra stjórnarmanna um bakgrunn og störf þeirra sumarið 2011 kom fram að einungis 25% þeirra stjórnarmanna sem tóku þátt í könnuninni voru konur. Hún náði til 232 fyritækja og 32 lífeyrissjóða.

Í niðurstöðum könnunarinnar kom einnig fram að 98% kvenkyns stjórnarmanna 50 ára og yngri voru háskólamenntaðir samanborið við 82% karla á sama aldri. Um 74% kvennanna voru með framhaldsmenntun í háskóla en ekki nema 54% karlanna.



**KONUR** FKA stendur fyrir fundi um stjórnarhætti á fimmtudag. Á honum verður lista með nöfnum 190 kvenna sem gefa kost á sér til stjórnarsetu dreift til fundargesta. Listinn verður einnig sendur til fyrirtækja sem falla undir löggjöfina. Hulda Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri FKA. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 04/2011

**ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?**

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

**Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:**
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

MANFRED MANN'S EARTH BAND

# Háskólabíó

## 16. maí

midi .is





10CC

## Háskólabíó

21. apríl

midi.is



CHICK COREA & GARY BURTON

HOT HOUSE TOUR

## Hörpu

24. apríl

528 5050 · harpa.is · midi.is



# Það verður að horfa á heildarmyndina

**Efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og íslenskra stjórnvalda lauk í ágúst síðastliðnum. Sjóðurinn er þó enn með skrifstofu opna hér á landi og stefnt er að því að hún verði opin fram í mars 2013 hið minnsta. Julie Kozack, sem hefur verið yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi um eins og hálfs árs skeið, hefur nú látið af því starfi. Í viðtali við Markaðinn fer hún yfir efnahagsbata Íslands, lærdóm sem hægt er að draga af íslensku áætluninni og þær hættur sem eru fram undan.**


## Aðalfundur 2012

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 22. mars 2012 kl. 9.00 árdegis í húsakynnum félagsins, Síðumúla 24, Reykjavík.**

**Dagskrá:**
1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins eða hvernig mæta skuli halla.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um breytingu á 1. mgr. 4. gr. samþykkta félagsins varðandi fjölda hluta og upphæð einstakra hlutabréfa.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kjör endurskoðenda (endurskoðunarfélags).
9. Önnur mál löglega fram borin.

Framboð til stjórnar, þ.m.t. varastjórnar, skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikninga félagsins og tillögur má nálgast á aðalskrifstofu félagsins viku fyrir fundinn.

**Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

**TM Síðumúla 24** // Sími 515 2000 // tm@tm.is // **www.tm.is**


**VIÐTAL**
**Þórður Snær Júlíusson**
**thordur@frettabladid.is**

Ísland hefur verið að rétta úr kútnum á undanförnum mánuðum. Hér var hagvöxtur á seinni hluta síðasta árs eftir tveggja ára samfelldan samdrátt. Julie Kozack, fráfarandi yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á Íslandi, segir Íslendinga geta verið ánægða með þá þróun sem átt hefur sér stað þó að enn séu steðji að hættur sem gætu haft áhrif á langtíma efnahagsbata landsins.

„Á seinni hluta ársins 2010 og fyrri hluta ársins 2011 náðist stöðugleiki á Íslandi. Á síðari hluta ársins 2011 átti sér stað raunverulegur efnahagsbati. Hagvöxtur hefur vaxið og neysla hefur aukist, sem þýðir að heimilin í landinu eru farin að eyða meiri peningum. Það þýðir líka að fjárfesting sé farin að taka við sér, þó að sá vöxtur sé upp úr sögulega lágum lægðum. En það verður að byrja einhvers staðar.

Staðan í dag er ekki fjarri því sem við bjuggumst við í ágúst þegar efnahagsáætlun sjóðsins lauk formlega. Auðvitað eru enn áskoranir sem verður að takast á við en ég held að þær framfarir sem áttu sér stað í íslensku efnahagslífi í fyrra muni halda áfram.“

### MIKLAR ÁSKORANIR FRAM UNDAN

Hún segir þær áskoranir og áhættur sem gætu haft áhrif á áframhaldandi efnahagsbata Íslands bæði utanaðkomandi og innlendar. „Varðandi utanaðkomandi áhættur þá höfum við áhyggjur af stöðunni í Evrópu almennt. Ef ástandið versnar þá myndi það hafa áhrif á alþjóðahagkerfið og um leið á Ísland. Áhrifin á Ísland gætu verið margs konar. Til dæmis gæti verð á mikilvægum útflutningsvörum eins og sjávarafurðum og áli lækkað, ferðamönnum gæti fækkað og það gæti orðið enn erfiðara að fjármagna sig á alþjóðlegum mörkuðum.

Innanlands höfum við áhyggjur af öllum töfum á frekari fjárfestingu. Það er viðvarandi áhætta. Við sjáum líka hættur á aukinni verðbólgu. Þá myndum við hjá sjóðnum heldur ekki vilja sjá stefnubreytingar hjá stjórnvöldum sem myndu grafa undan þeim mikla árangri sem Ísland hefur náð hingað til.“

### VARAR VIÐ ALMENNUM AFSKRIFTUM

Aðspurð um hvers konar stefnubreytingar það séu sem AGS hræðist segir hún það vera öll frávik frá þeim sterku stefnum sem innleiddar voru á síðustu árum og hafa stuðlað að hinum góða efnahagsbata Íslands. Ein slík stefnubreyting er krafa um almennar niðurfellingar á skuldum heimila. Kozack telur að stjórnmálamenn verði að standast þá freistingu að



**Þjóðbúningadagur** verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands sunnudaginn 11. mars. Gestir eru hvattir til að mæta í þjóðbúningi. Þá býðst gestum að koma með búningasilfur í greiningu til Dóru Jónsdóttur gullsmiðs og Lilju Árnadóttur fagstjóra munasafns. Einnig mun verða opnuð ný heimasíða Þjóðbúningaráðs, www.buningurinn.is.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457










;HEILSA



**Helga Kristbjörg og Jón Þorsteinn héldu nýverið til Ísafjarðar til að kynna hljóðfærið harmóníkuna.**

# Heillandi harmóníkur

Mætingin var mjög fín, þarna var fólk á öllum aldri sem gæddi sér á kaffisopa meðan við sýndum því hvað harmóníkan hefur upp á að bjóða,“ segir Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir sem ásamt Jóni Þorsteini Reynissyni hélt til Ísafjarðar í síðustu viku til að halda námskeið um hljóðfæri þeirra, harmóníkuna.

;FRAMHALD | 2



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Framleiðsla á Chevrolet Volt** verður stöðvuð í fimm vikur. Ástæðan er sú að óseldir nýir Volt-bílar hafa hrannast upp. Þó jókst salan um 60 prósent í febrúar en hún hafði áður nánast stöðvast vegna atviks sem kom upp í kjölfar árekstrarprófunar bílsins þar sem kviknaði í rafgeymi.




















Þórir og eiginkona hans, Adda Steina, á Stóra-Meitli ásamt fleirum úr fjallgönguhópnum.

# Upp á fjöll um hverja helgi

**Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins, og eiginkona hans, Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Biskupsstofu, ákváðu um áramótin að ganga á 52 fjöll á árinu.**

„Við ákváðum að ganga í þennan fjallgönguhóp hjá Ferðafélagi Íslands þótt við hefðum litla reynslu á þessu sviði. Fjallaferðirnar eru nokkurn veginn um hverja helgi og er gengið á eitt fjall í nágrenni höfuðborgarinnar í hvert sinn. Veðrið hefur engin áhrif á þennan hóp,“ segir Þórir. Hann telur þó betra að eiga rétta búnaðinn því oft er mjög kalt í veðri. „Við fórum á Kerhólakamb fyrir rúmum tveimur vikum í kulda og stórhríð, efst uppi. Ætli það hafi ekki verið erfiðasta ferðin til þessa,“ segir Þórir.

Um síðustu helgi var farið á Stóra-Meitil en næst er það Geitafell. „Við byrjuðum á lágum fjöllum en svo hafa þau farið hækkandi. Maður þarf að taka þetta alvarlega og gott er að stunda líkamsrækt á milli ferða. Við vorum ekki í góðu formi í upphafi en höfum tekið okkar tak og stundum nú bæði líkamsrækt. Að taka þátt í þessu verkefni er liður í því að hvetja sjálfan sig. Vinafólk okkar hnippti í okkur með þetta og svo eru nokkrir í þessum hópi sem við þekktum svo þetta er góður félagsskapur. Um 140 manns skráðu sig til þátttöku í upphafi,“ segir Þórir.

## Betri líðan

„Mér fannst vera kominn tími til að hreyfa mig,“ segir Þórir og bætir því við að hann finni mikinn mun á sér frá áramótum. „Ég er líkamlega hraustari og er að ná upp þreki auk þess að vera úthaldsmeiri. Ég hef spilað fótbolta einu sinni í viku í nokkur ár og finn að þessi aukna hreyfing hjálpar mér í boltanum. Maður er fyrst og fremst að styrkja sig líkamlega og það hefur síðan áhrif á sálartetrið og líðan á alla kanta. Þetta er líka rosalega skemmtilegt. Páll Ásgeir Ásgeirsson fer fyrir hópi fararstjóra í þessum ferðum og hefur haldið úti fésbókarsíðu þar sem menn skiptast á upplýsingum og myndum. Í maí verður síðan farið upp á Hvannadalshnúk sem verður töluverð hækkun,“ segir Þórir.

## Andlega krefjandi starf

Þórir er í andlega krefjandi starfi hjá Rauða krossinum og þar hafa menn áhyggjur af hungursneyðinni í Afríku. „Við erum með aðstoð í Sómalíu þar sem er hrikalegt ástand. Síðan er í uppsiglingu hungursneyð í vestanverðri Afríku, sunnan við Sahara-eyðimörkina. Þar hafa orðið uppskerubrestir og vopnuð átök eiga sér stað. Þess utan höfum við sent föt til Hvíta-Rússlands þar sem gífurleg frost hafa verið. Við höfum þegar sent tvo fjörutíu feta gáma með fatnaði. Einnig höfum við verið að þjálfa fólk fyrir náttúruhamfarir hér á landi. Það þarf til dæmis að skipuleggja hjálparaðstoð við Ísland utanlands frá ef til mikilla hamfara kæmi. Við þurfum sem sagt að búast við því versta en vonast svo til þess að ekkert gerist,“ segir Þórir Guðmundsson.

*elin@frettabladid.is*

## Framhald af forsíðu

„Námskeiðið var á vegum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða og Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og hluti af alþýðlegri námskeiðaröð þar sem tónlist er kynnt frá ýmsum hliðum,“ upplýsir Helga en með þeim Jóni Þorsteini var Ásgeir S. Sigurðsson harmóníkusafnari á Ísafirði. Hann tók með sér sýnishorn úr safni sínu, bandóneon og aldagamla díatóníska harmóníku. „Svo tók hann eina harmóníku í sundur til að leyfa fólki að sjá hvernig hún lítur út að innan,” lýsir Helga glaðlega

Helga segir fólk almennt vanmeta möguleika harmóníkunnar. „Við byrjuðum námskeiðið á því að spila týpískt harmóníkulag við söng Sveins Enoks Jóhanssonar en það lýsti vel þeirri ímynd sem flestir hafa af harmóníkunni,“ segir Helga en í framhaldinu töluðu þau um harmóníkuna, sögu hennar og uppruna, hvernig hún er samsett og hvernig hún virkar. Einnig fjölluðu þau um hlutverk harmóníkunnar fyrr og nú og hvernig tónlist var leikin á hana á mismunandi tímum. „Inn á milli spiluðum við svo tóndæmi en á harmóníku er hægt að leika alls konar tónlist, allt frá gömlu dönsunum og klassískri tónlist til þjóðlaga- og balkantónlistar,“ segir Helga og játar að jafnvel popptónlist megi spila á harmóníku þó þau hafi ekki haft um það tóndæmi á námskeiðinu.

Helga Kristbjörg er fædd og uppalin á Ísafirði og því var henni ljúft og skylt að kynna harmóníkuna fyrir bæjarbúum. Hún segir áhuga þeirra Jóns Þorsteins hafa vaknað þarna á því að kynna harmóníkuna enn frekar fyrir fólki og tekur fram að þau séu mjög opin fyrir því að halda fleiri slík námskeið ef áhugi er á.

*solveig@frettabladid.is*



Helga og Jón Þorsteinn vilja gjarnan kynna heillandi heim harmóníkunnar fyrir landanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# DÆLUBÚNAÐUR

MIÐVIKUDAGUR 7. MARS 2012
**Kynningarblað** Hita- og vatnsveitukerfi, fiskiðnaður , matvælaiðnaður, viðgerðir



NORDICPHOTOS/GETTY

***Hreinsistöðvar fyrir skolp, fyrir 1 sumarhús/einbýlishús og 2-3 sumarhús/einbýlishús til á lager.***



- ***Útvegum allar aðrar stærðir eftir samkomulagi.***
- ***12 ára reynsla á Íslandi tryggir gæðin.***

Bólholt
bolholt.com
sími 471 3000
bolholt@centrum.is



Dælustöð við sjávarsíðuna þar sem er dæla frá Xylem.



Haraldur Sigurðsson í skolpdælustöð í Hafnarfirði þar sem Xylem- dælur hafa verið notaðar.

# Nýjar og fullkomnar tæknilausnir í Xylem-dælubúnaði

Fyrirtækið Danfoss hefur verið leiðandi hér á landi í framboði á dælum sem notaðar eru jafnt á landi sem til sjávar. Fyrirtækið hefur flutt inn og þjónustað dælur frá ITT-iðnaðarrisanum.

Nýlega urðu skipulagsbreytingar hjá ITT og var fyrirtækinu þá skipt upp í þrjár einingar. Um leið fengu vörur sem tengjast vökvavinnslu, -rannsóknum og –flutningi nýtt nafn, Xylem. Í hinu nýja fyrirtæki safnast saman yfir eitt hundrað ára reynsla í meðhöndlun vatns. Með þessari breytingu eiga starfsmenn um allan heim auðveldara með að vinna saman við að finna tæknilegar lausnir sem uppfylla þarfir viðskiptavinanna.

Sigurður Geirsson, framkvæmdastjóri Danfoss, segir að fyrirtækið hafi selt dælur í áratugi frá ITT og þótt fyrirtækið hafi breytt nafninu verði engar breytingar á vörunum. „Xylem er 12.000 manna hópur sem hefur það að sameiginlegu markmiði að finna nýjar lausnir á vandamálum er varðar vatnsþörf jarðarinnar. Kjarninn í vinnu þessa hóps er að finna nýjar tæknilausnir sem auðvelda jarðarbúum að flytja, geyma og nýta vatn.“




Haraldur Sigurðsson, sölustjóri í dæludeildinni hjá Danfoss í Skútuvogi 6. FRETTABLADID/ANTON

## Tók við af Héðni

Þó að fyrirtækið heiti Danfoss flytur það inn fleiri vöruheiti en þar á meðal eru dælurnar. Danfoss-merkið er líklega best þekkt fyrir hitastilla á ofna. Að sögn Sigurðar var það fyrirtækið Héðinn sem flutti inn Danfoss vörur um árabil ásamt öðrum merkjum. Árið 1994 var Héðni skipt upp í þrjár einingar, ein þeirra var Héðinn verslun sem hélt áfram að flytja inn Danfoss og fleiri þekkt merki. „Árið 1999 keypti Danfoss fyrirtækið í Danmörku Héðin verslun. Þá var skipt um nafn á fyrirtækinu en starfsemin er óbreytt með sömu starfsmönnunum. Hér er því mikil reynsla og þekking. Dælurnar hafa fylgt fyrirtækinu þótt þær séu ekki framleiddar hjá Danfoss,“ útskýrir Sigurður.

„Dælurnar eru notaðar í fiskiðnaði, fiskiskipum, skolpdælustöðvum, hita- og vatnsveitukerfum, matvælaiðnaði og á öðrum sviðum þar sem dælur eru notaðar. Þær eru auk þess af öllum stærðum og gerðum, allt frá litlum dælum fyrir sumarhús eða hitakerfi húsa og upp í stórar dælustöðvar eins og menn þekkja á strandlengjunni,“ segir Haraldur Sigurðsson, sölustjóri í dæludeildinni. „Við erum með varahlutaþjónustu fyrir viðskiptamenn okkar og ráðleggjum við val á dælum. Tvö verkstæði, Raftíðni og Rafeining, sjá um viðgerðarþjónustu fyrir okkur. Þeir hafa þá þekkingu og reynslu sem þarf til að gera við dælurnar.“

## Á þekktum stöðum

Sem dæmi um lausnir þar sem Xylem-dælurnar eru notaðar má nefna:

1) Xylem-dælur eru notaðar til að flytja vatn upp á efstu hæðir hæstu byggingar í heimi, svo sem Burj Khalifa í Dubai. Byggingin er yfir 820 m á hæð og Xylem-dælurnar flytja vatn í skrifstofur, íbúðir, veitingastaði og jafnvel sundlaugar í byggingunni.

2) Á Indlandi eru Xylem-dælur notaðar í risavöxnum áveitu- og vökvunarkerfum til að breyta örfoka eyðimörkum í ræktunarlönd. Í einu stærsta vökvunarkerfi heims flytja Xylem-dælur vatn yfir 25 km vegalengd til Kutch-héraðsins í Gujurat.

3) Í Ástralíu, þar sem geta komið áralöng þurrkatímabil, er vatnsmeðhöndlunarbúnaður frá Xylem notaður til dæmis á flugvellinum í Sydney til að nýta regnvatn til notkunar utan neysluvatnskerfa til dæmis loftkæliturna, bílaþvott og vökvunarkerfi. Þetta sparar flugvallaryfirvöldum 350 milljón lítra af ferskvatni á ári.

4) Í New York, þar sem verið er að endurbyggja World Trade Center, eru dælur frá Xylem notaðar í hundraðavís í nærri allan flutning á skolpi í turnum 1, 2, 3 og 4. Xylem-dælur sjá einnig fyrir vatnsflæðinu í hinu fagra 9/11 minnismerki sem var vígt nýlega.

## Góðar lausnir

Nafnið Xylem vísar til þess vefjar í plöntum sem flytur vatn. Xylem-fyrirtækin einbeita sér nú að því að finna lausnir á sviði vatnsflutnings, vatnshreinsunar og prófunar. Xylem hefur á undanförnum áratugum aflað gríðarlegrar reynslu, og mun sú reynsla, ásamt miklu vöruúrvali og sterkum tengslum við viðskiptavini, gera Xylem enn frekar kleift að reiða fram lausnir fyrir viðskiptavinina.

Xylem fyrirtækin hafa í áraraðir verið framarlega í þróun á dælubúnaði. Má þar nefna brunn- og borholudælur sem staðsettar eru undir yfirborði vökvans sem þær dæla. Xylem er stærsti framleiðandi slíkra dæla í heiminum. Árið 1999 var N-dælan frá Flygt sett á markað. Með henni náðist að minnsta kosti 25% sparnaður í orkunotkun miðað við aðrar dælutegundir. Á undanförnum árum hefur Xylem boðið dælubrunna, tilbúna til niðursetningar með dælum og öllu tilheyrandi, undir nafninu TOP stöðvar. TOP stendur fyrir The Otimal Pumping station.

## Ný kynslóð af dælum

Árið 2009 kom fram ný kynslóð af N-dælum sem kölluð var The Adaptive N-pump. Hún er þeim einstöku eiginleikum gædd að nánast ómögulegt er að hún stíflist vegna aðskotahluta í vökvanum. Hún er því einstaklega hagkvæmur kostur varðandi orkunotkun og viðhald við mjög erfið dæluskilyrði eins og til dæmis í skolpdælustöðvum. Á síðasta ári kom einnig fram ný kynslóð af lóðréttum þrepadælum sem eru mun hagkvæmari með tilliti til orkunotkunar og viðhalds í fjölmörgum kerfum þar sem þörf er á þrýstiaukadælum. Þessa áherslu Xylem á nýjar tæknilausnir má finna hvarvetna innan samsteypunnar, og er stöðugt verið að leita leiða til að bæta vörur og finna nýjar sem mæta þörfum markaðarins.

## Þekkt nöfn

Fjölmargir Íslendingar þekkja dælunöfnin, Lowara, Flygt og Vogel. Þessar vörur eru hryggjarstykkið í dæluframleiðslu Xylem, og munu að sjálfsögðu halda áfram að vera þekktar fyrir gæði, áreiðanleika og getu.

Xylem er með framleiðslu í 15 löndum og sölustarfsemi í 125 löndum. Þeir sem vilja kynna sér dælurnar geta komið í Danfoss, Skútuvogi 6 og fengið ráðleggingar. Einnig má fá upplýsingar á heimasíðunni xyleminc.com.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is s. 512 5432.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# xylem

## Let's Solve Water

**Xylem** er nýtt vörumerki sem byggir á mjög sterkum grunni. Danfoss hf hefur í áraraðir flutt inn dælur og dælubúnað frá ýmsum dæluframleiðendum innan ITT fyrirtækjasamsteypunnar. Nýlega var ákveðið að skipta ITT samstæðunni upp í minni einingar. Sú eining sem dælufyrirtækin tilheyra fékk nýja nafnið **Xylem**. Slagorðið **"Let's solve water"** er tilboð til viðskiptavina um samstarf en það er einnig megin markmið starfsmanna að leysa verkefni tengd vatni og vatnsnotkun. **Xylem** fyrirtækin hafa í áraraðir verið fremst eða framarlega í heiminum í þróun á dælubúnaði. Íslendingar þekkja þessar dælur og nöfn framleiðendanna mjög vel. Nægir þar að nefna nöfn eins og **Flygt, Lowara, Vogel og Goulds**.



LOWARA
a xylem brand

FLYGT
a xylem brand

GOULDS WATER TECHNOLOGY
a xylem brand

VOGEL PUMPEN
a xylem brand

**Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • veffang: www.danfoss.is**

# Að finna réttu dæluna

**Fyrirtækið Dælur og þjónusta ehf. er til húsa að Smiðjuvegi 3 (grá gata) í Kópavogi og þar hittum við fyrir Hjalta Þorsteinsson, framkvæmdastjóra fyrirtækisins.**

Við flytjum inn og seljum dælur frá þekktum erlendum dæluframleiðendum sem við erum umboðs- og dreifingaraðili fyrir. Við sérhæfum okkur í að finna réttu dæluna og verkefnin eru margvísleg,“ segir Hjalti en fyrirtækið Dælur og þjónusta er meðal annars umboðsaðili fyrir Johnson-dælur. „Þær eru þekktar á Íslandi og hafa þjónað sjómönnum og bátaeigendum í áravís. Þar eru þekktastar gúmmíhjóla-, lensi- og hringrásardælurnar,“ segir Hjalti og bætir við að Johnson-dælur séu einnig mikið notaðar í matvælageiranum þar sem öllu er dælt, allt frá súkkulaði til majóness. „Við erum svo með góðan lager af varahlutum eins og gúmmíhjól og almenna varahluti í dælurnar.“

Dælur og þjónusta er einnig umboðsaðili fyrir Jung-dælur frá Þýskalandi og sérhæfir sig í skolp- og dren-dælulausnum. „Við útvegum sérhannaðar lausnir hvort sem er verið að dæla frá einni kjallaraíbúð eða einbýlishúsi allt upp í heilar dælustöðvar fyrir bæjarfélög,“ segir Hjalti.

Hjalti segir mjög mikilvægt að ganga úr skugga um að dælurnar sem fólk er að nota séu í góðu lagi. „Það er ekki gott til þess að vita að það hefur flætt grunnvatn inn í kjallara og hús hjá fólki og engin dæla hefur verið til staðar eða gamla dælan biluð. Það er hægt að fyrirbyggja bæði lítið og mikið tjón með því að hafa réttu dæluna tilbúna þegar á þarf að halda,“ minnir hann á.

Fyrirspurnirnar sem starfsmenn fyrirtækisins fá eru af ýmsum toga, allt frá því að útvega ryðfríar dælur fyrir sjó, loftdrifnar membrudælur fyrir sýrur og ætandi efni, borholudælur fyrir neysluvatn, öflugar verktakadælur til að dæla úr húsagrunnum eða virkjunum og svo framvegis. Hjalti segir lítið mál að sinna öllum þessum fyrirspurnum. „Þá veitum við einnig ráðgjöf um viðhald og endurnýjun á dælum og dælubúnaði.“

Helstu umboð Dælu og þjónustu eru: Johnson, Grindex, Gorman Rupp, Jung, Yamada, Saer, Bryne og fl. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.daelur.is eða í síma 5 400 600.




Verkefnin hjá Dælum og þjónustu eru margvísleg en dælur eru meðal annars mikið notaðar í matvælageiranum.




Hjalti stillir sér upp við hliðina á dælum frá Johnson Pump. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hér má sjá ólíkar gerðir af dælum. Jung skolpdælu (til vinstri), Jung brunndælu og Yamada membrudælu



Hér er dæmi um öflugar dælur í hvaða verkefni sem er.

## FULLKOMNASTI DÆLUBÚNAÐURINN



**Hjartað í** brjósti okkar er sjálfvirk dæla sem dælir um 5 lítrum af blóði um líkamann á hverri einustu mínútu. Hjartavöðvinn er úr sérhæfðum vöðvafrumum sem geta starfað óháð heildinni en hjartað hefur eigið æðakerfi, kransæðakerfi, sem flytur súrefni og næringarefni um vöðvann sjálfan svo hjartað er sem minnst háð annarri starfsemi líkamans. Kransæðarnar flytja um 250 ml af blóði á hverri mínútu. Hjarta í fullorðnum einstaklingi slær að meðaltali 70-90 sinnum á mínútu. Hjartað er það líffæri sem fer fyrst í gang þegar líf kviknar í móðurkviði.

## VATNI DÆLT UPP ÚR KOLANÁMUM

**Upphaf iðnbyltingar** um aldamótin 1800 er gjarnan sagt markast af gufuvél skoska uppfinningamannsins James Watt. Watt fann þó ekki upp gufuvélina sjálfa heldur endurbætti gufuvél Englendingsins Thomas Newcomen á þann veg að láta kælingu gufunnar, sem olli þeim undirþrýstingi sem knúði vélina, eiga sér stað í sér hólfi, sem ekki þyrfti að hita aftur áður en það var aftur fyllt gufu. Gufuvél Watts var notuð til að dæla vatni upp úr kolanámum. Elstu minjar um gufuvél eru hins vegar frá 1. öld í Egyptalandi. Heron frá Alexandríu bjó til eimsnældu sem sneri öxli snúningshjóls.

*Heimild: wikipedia.org*





Hraunstraumurinn ógnaði byggð í Heimaey og dæling sjávar hefti framrás hraunsins. MYND/GVA

# Dældu 6,2 milljónum tonna af sjó á hraunið

**Í eldgosinu í Heimaey 1973 var öflugur dælubúnaður notaður til að dæla köldum sjó á hraunið til að hefta framrás þess. Á heimasíðu safnahússins í Vestmannaeyjum er þróuninni lýst.**

Strax á fyrsta degi gossins komu til eyja prófessorarnir Þorbjörn Sigurgeirsson og Trausti Einarsson og Leó Kristjánsson jarðeðlisfræðingur. Erindi þeirra var meðal annars að kanna aðstæður til að kæla hraunið niður, með því að dæla á það köldum sjó ef rennsli þess tæki þá stefnu sem ógnaði byggðinni.

Fyrsta tilraun til að hefta framrás hraunsins með vatnsdælingu var gerð tveimur vikum eftir að gosið hófst, en þá var hraunið komið ískyggilega nálægt hafnarmynninu. Slökkviliðið í Eyjum hóf að sprauta sjó á hraunjaðarinn og virtist mönnum sem vatnið hefði áhrif á hraunstrauminn en það vantaði öflugri dælur. Dæluskipið Sandey kom 1. mars. Því var einkum ætlað að styrkja hraunkantinn og hefta framrás Flakkarans. Áætlað er að Sandeyin hafi dælt um 400 lítrum af sjó á sekúndu upp á hrauntunguna í 30 metra hæð.

Áhrifin voru augljós, hrauntungan sem var kæld haggaðist ekki upp frá þessu þrátt fyrir að mikill þrýstingur myndaðist síðar á hana frá Flakkaranum. En menn sáu að margfalt afkastameiri dælubúnað þyrfti sem gæti dælt vatninu í allt að tvisvar til þrisvar sinnum meiri hæð en sá sem fyrir var. Þann 26. mars kom fyrsta sending dælubúnaðar flugleiðis frá Bandaríkjunum. Vel gekk að setja dælurnar saman og fyrsta einingin var tekin í notkun 30. mars.

Er talið að samtals hafi verið dælt 6,2 milljónum tonna af vatni. Þegar flest var unnu um 75 manns við kælinguna. www.safnahus.vestmannaeyjar.is

# BÍLAR & FARATÆKI


M.Benz ML320 Bluetec Diesel, 2009 Ekinn 43þús. Ssk, Leður, Glæsilegur bíll. Ásett Verð 9.900.000.-


Toyota Rav4 VX VVTi 4WD, 08/2007 Ekinn 150þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur, Þétt og gott eintak. Ásett Verð 2.750.000.- TILBOÐ 2.290.000.-


Toyota Auris Terra Diesel, 06/2007 Ekinn 54þús. Bsk. Ásett Verð 1.950.000.-


Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel Turbo, 06/2008 Ekinn 89þús. Ssk, Dráttarkrókur, Ný kominn úr 90þús km skoðun. Ásett Verð 6.390.000.- Skoðar skipti.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is


TOYOTA Avensis s/d sol. Árgerð 2006, ekinn 147 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.131221. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi


TOYOTA Land cruiser 120. Árgerð 2006, ekinn 119 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.870.000. Rnr.180605. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

bilfang.is
S. 567 2000


Toyota Landcruiser DIESEL VX 11/2008 ek 72 þ.km Mjög fallegur og vel umgenginn , leður , kastaragrind ny vetrardekk ofl verð 7 .9 mil


Audi A4 1800 turbo (facelift) 03/2007 ek 49 þ.km bíllinn er allur eins og nyr, leður, lúga , 17" felgur á nyjum dekkjum , verð 3.2 mil.


**DIESEL !**
Skoda Octavia Ambiente Combi 4X4 Diesel 05/2011, 6 gira beinskiptur ek 25 þ.km verð 4.090.000.-


Mazda 2 SPORT 09/2008 ek aðeins 37 þ.km 5 gira, sportlegur smábíll sem vert er að skoða nú á góðu verði 1690 þús !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

KRÓKUR


**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

hjól.is
bestir í hjólum...


Polaris Indy 700xc. Árg '00, ek 2 þ.m. Flott verð 449 Þús og kerra fylgir með!!! #121166

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

BÍLALIND.is


HYUNDAI SANTA FE CRDI 06/2008, ekinn 93 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, ný tímareim, ný dekk. Verð 3.990.000. Raðnr. 283842 á www.bilalind.is - Jeppinn er á staðnum!


TOYOTA LAND CRUISER 120 VX 33" 8 MANNA 05/2007, ekinn 107 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður ofl. Verð 6.250.000. Raðnr.321994 á www. bilalind.is - Jeppinn er á staðnum!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan


M.BENZ Rúta 37 manna TRUKKUR Árgerð 1970 Yfirbyggður 1976. BÍLL Í GÓÐU STANDI. Verð 1.900.000. Rnr.104096.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

STÓRA BÍLASALAN


BMW X5 3.0 DIESEL Árgerð 2006, ekinn 105þ.km, ssk, leður o.fl.. Gullfallegur bíll sem er á staðnum! Verð aðeins 4.790.000kr. Raðn 152696. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bíll.is
bestir í bílum...


NISSAN X-trail. Árgerð 2002, ekin aðeins 88 Þ.KM Leður Krókur sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.145615.

**Bill.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast


CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. 8 MANNA, bensín, sjálfskiptur, leður og fleira. FLOTTUR BÍLL Verð 2.990. þús Rnr.127697.

**Höfðabílar**
**Fosshāls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

# Gerðu góð kaup
## á notuðum bíl frá Bílabúð Benna



**CHEVROLET LACETTI SX 1600 WAGON**
Skráningardagssetning 6.2010.
Beinskiptur, ekinn 26.000 km.
**Verð kr. 1.990 þús.**


**NISSAN NAVARA DOUBLE CAB LE DISEL**
Skráningardagssetning 8.2006.
Sjálfskiptur, ekinn 86.000 km.
**Verð kr. 2.790 þús**


**CHEVROLET AVEO LS 1400**
Skráningardagssetning 6.2010.
Beinskiptur, ekinn 41.000 km.
Verð kr. 1.990 þús.
**Tilboð 1.590 þús.**


**TOYOTA RAV4 4WD**
Skráningardagssetning 8.2004.
Beinskiptur, ekinn 127.000 km.
**Verð kr. 1.490 þús.**


**SUBARU FORESTER**
Skráningardagssetning 9.2004.
Sjálfskiptur, ekinn 53.000 km.
**Verð kr. 1.690 þús.**


**RENAULT MEGANE II SCENIC**
Skráningardagssetning 7.2005.
Beinskiptur, ekinn 116.000 km.
Verð kr. 1.290 þús.
**Tilboð 890 þús.**


**OPEL ASTRA 1,8 CARAVAN**
Skráningardagssetning 1.2006.
Beinskiptur, ekinn 116.000 km.
Verð kr. 1.490 þús.
**Tilboð 1.090 þús.**


**TOYOTA PRIUS 1500 HYBRID**
Skráningardagssetning 8.2009.
Sjálfskiptur, ekinn 32.000 km.
**Verð kr. 3.390 þús.**


**TOYOTA COROLLA SOL**
Skráningardagssetning 6.2006.
Sjálfskiptur, ekinn 94.000 km.
Verð kr. 1.590 þús.
**Tilboð 1.290 þús.**


**CHEVROLET SPARK LS**
Skráningardagssetning 6.2011.
Beinskiptur, ekinn 6.000 km.
**Verð kr. 1.690 þús.**

Bílabúð Benna **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið alla virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16.
Bílabúð Benna - Notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - **587 1000** - benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - **420 3330**



**VARAR VIÐ ALMENNUM SKULDANIÐURFELLINGUM**
„Við teljum að almennar niðurfærslur á skuldum yrði ómarkviss aðgerð. Þær myndu ekki hjálpa þeim heimilum sem eiga við mestu vandamálin að stríða og þær yrðu mjög dýrar fyrir ríkissjóð. Það yrði mikil áhætta fyrir Ísland að taka að grafa undan þeim efnahagsbata sem hefur náðst með því að auka opinberar skuldir," segir Julie Kozack.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verða við þeim kröfum. „Í fyrsta lagi er búið að gera mjög margt varðandi skuldastöðu heimilanna. Sem dæmi má nefna 110% leiðina, sértæka skuldaaðlögun, greiðsluaðlögun, hækkun á félagslegum bótum og heimild til að greiða fyrirfram út séreignarsparnað sem nam um 15 milljörðum króna. Það hefur því gríðarlega mikið verið gert til að styðja við heimilin í landinu og Ísland hefur tekið forystu á meðal allra landa í þeim aðgerðum. Hvergi hefur verið gert meira. Þess utan er ferlið ekki komið á endastöð. Enn á eftir að afgreiða um 20% umsókna heimila og fyrirtækja um aðlaganir á skuldum.

Við teljum að almenn niðurfærsla á skuldum yrði ómarkviss aðgerð. Hún mynd ekki hjálpa þeim heimilum sem eiga við mestu vandamálin að stríða og þær yrðu mjög dýrar fyrir ríkissjóð. Það yrði mikil áhætta fyrir Ísland að taka að grafa undan þeim efnahagsbata sem hefur náðst með því að auka opinberar skuldir. Því gæti fylgt enn meiri niðurskurður á þjónustu hins opinbera. Það verður að horfa á heildarmyndina. Því hærri sem skuldir ríkissjóðs verða því hærri er vaxtakostnaður hans á ári. Af hverju ættu Íslendingar að vilja eyða peningum ríkissjóðs í að greiða vexti?"

**GJALDEYRISHÖFTIN ÓHEFÐBUNDIN**

Í kjölfar bankahrunsins voru gjaldeyrishöft sett á hérlendis í kjölfar þess að gengi íslensku krónunnar hrundi. Afnám haftanna virðist ekki vera fyrirsjáanlegt í náinni framtíð.

Að sögn Kozack er það mjög óhefðbundið af AGS að styðja setningu gjaldeyrishafta í þeim löndum sem leita aðstoðar hjá sjóðnum. Reynslan hafi þó sýnt að þau hafi gefist mjög vel við að ná fram stöðugleika á Íslandi. Henni finnst sú leið sem íslensk stjórnvöld hafa valið við áætlunargerð um afnám hafta vera sú rétta. „Áætlun stjórnvalda byggir ekki á tímaramma heldur að réttar aðstæður séu til staðar þegar höftin verði afnumin. Þetta er mjög flókið og erfitt verkefni og mikil áskorun. Hraði afnáms hafta mun ráðast af greiðslujöfnuði Íslands. Umfang þess erlenda gjaldeyris sem streymir inn í landið mun ráða því hversu mikið sé hægt að hleypa út af krónum sem eru fastar inni í höftunum og vilja út. Sama gildir um krónur utan hafta sem þurfa að leita inn í hagkerfið.

Það er mögulegt að gjaldeyrishöftin færi fjárfesta frá handbærum fjárfestingum yfir í fastari fjárfestingar eins og fasteignir, enda útiloka þau fjárfestingu erlendis. Það þarf því að fylgjast vel með þróun markaða á Íslandi með þetta í huga til að koma í veg fyrir bólumyndanir."

Kozack segir að AGS fylgist mjög náið með þróun á fasteignamarkaðinum með þetta í huga. Ef húsnæðisverð myndi til dæmis hækka mjög skarpt og úr takti við langtímaspár þá myndu þau hafa áhyggjur. „Enn sem komið er er þetta ekki eitthvað sem hringir viðvörunarbjöllum, en ljóst er að vel þarf að fylgjast með þróuninni."

**SÉR ENN VEIKLEIKA**

Íslenska bankakerfið, og stór hluti atvinnulífsins, hefur gengið í gegnum heildræna endurskipulagningu eftir bankahrun. Samhliða hrundu verðbréfamarkaðir hérlendis og þótt þeir hafi tekið aðeins við sér á allra síðustu mánuðum með nýskráningum og nýjum útgáfum skuldabréfa þá er þróunin í átt að heilbrigðum mörkuðum afar hæg.

Kozack er ánægð með þann árangur sem náðst hefur í endurreisn bankakerfisins en sér þó enn veikleika í því. „Bankarnir eru til dæmis enn með mikið af lánum í vanskilum og lánasöfn þeirra viðkvæm. Þar er margt sem enn á eftir að gera. Hins vegar er búið að gera mikið varðandi endurskipulagningu skulda. Það er búið að afskrifa mikið af skuldum þeirra [fyrirtækja] og hjálpa þeim við að byggja upp fjárfestingagetu að nýju. Það ætti að eyða framtíðaróvissu á meðal fyrirtækja og í kjölfarið að draga úr atvinnuleysi. Þegar fyrirtæki eru með betri sýn yfir fjármál sín til framtíðar geta þau stækkað og ráðið til sín fólk að nýju."

**MARKAÐIR ÞURFA AÐ TAKA VIÐ SÉR**

Hún segir mikilvægt að hlutabréfa- og skuldabréfamarkaðir fari að taka við sér. Það sé nauðsynlegt til að íslenskt hagkerfi sé með þá fullnaðarvirkni sem til þarf. „Það þarf hlutabréfamarkað og fyrirtækjaskuldabréfamarkað. Það þarf kannski ekki að gerast á allra næstu mánuðum en það þarf að vera þróun í gangi í átt að þessu markmiði. Ég held að svo sé. Velta á hlutabréfamarkaði hefur verið að aukast lítillega og bankarnir hafa nýverið gefið út sértryggð skuldabréf. Við vonumst til þess að fyrirtæki nýti sér þær skuldaafskriftir og endurskipulagningar sem þau hafa gengið í gegnum og leyfi sér að hugsa til framtíðar, í stað þess að vera föst í fortíðinni, og fari að gefa út skuldabréf í auknum mæli."

## LÖNDIN VERÐA AÐ EIGA ÁÆTLUNINA

Kozack telur að AGS geti dregið margþættan lærdóm af þeirri efnahagsáætlun sem sjóðurinn og íslensk stjórnvöld luku í ágúst síðastliðnum. „Einn slíkur lærdómur er sá að það þarf að horfa á óhefðbundnar lausnir á tímum þegar mikil áföll ríða yfir það land sem á í hlut. Öll lönd eru mismunandi og aðstæður þeirra eru sérstakar. Það er ekki hægt að beita sömu meðölum allstaðar. Á Íslandi voru til dæmis sett gjaldeyrishöft, sem er fjarri því að vera hefðbundið úrræði hjá sjóðnum. Það hefur hins vegar komið í ljós að höftin gáfust mjög vel í þeirri viðleitni að ná stöðugleika í íslensku hagkerfi.

Annar lærdómur sem við höfum lært er sá að það sé mikilvægt að stjórnvöld í hverju landi eigi áætlunina. Þar á ég við að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og ríkisstjórnir koma sér saman um ákveðin markmið sem þarf að ná, að ríkisstjórnin útfæri sjálf hvernig hún nær þeim. Þetta var gert mjög snemma á Íslandi og var ákveðin nýbreytni hjá sjóðnum. Ég tel að þetta eignarhald á áætluninni hafi verið mjög mikilvægt og ein ástæða þess að íslenskum stjórnvöldum hefur tekist að ná jafn miklum árangri og raun ber vitni í efnahagsmálum frá hruni."

## KOM FRÁ RÚSSLANDI OG Á LEIÐ TIL PÓLLANDS

Julie Kozack hefur gegnt starfi yfirmanns sendinefndar AGS á Íslandi frá því í október 2010. Hún tók við því starfi af Mark Flanagan sem sneri sér að störfum í Grikklandi fyrir hönd sjóðsins. Á meðan hún fór fyrir nefndinni var þremur síðustu endurskoðunum á efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS lokið, en áætluninni lauk formlega í ágúst síðastliðnum. Síðan þá hefur AGS þó haldið skrifstofu sinni hér á landi opinni og til að fylgjast með framþróun mála og til að veita stjórnvöldum ráðgjöf. Kozack tilkynnti í síðustu viku að hún væri að láta af störfum hérlendis. Hún er að fara að taka við verkefni fyrir hönd AGS í Póllandi.

Kozack hefur starfað hjá AGS frá árinu 1999. Hún er með doktorsgráðu frá Columbia-háskólanum í New York og hefur einnig starfað hjá Alþjóðabankanum (World Bank). Áður en Kozack kom til Íslands þá starfaði hún í Rússlandi á vegum AGS.






Sjóðir í stýringu Stefnis fara undir flöggunarmörk:

# Afhentu skírteinishöfum Hagahluti

Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn 1 afhenti á mánudag hlutdeildarskírteinishöfum sínum alla hluti sína í Högum. Um er að ræða um 7,6% hlut. Samkvæmt upplýsingum frá Stefni, sjóðastýringarfyrirtækis að fullu í eigu Arion banka, er um tveir þriðju hluti skírteinishafanna lífeyrissjóðir. Aðrir eigendur eru einstaklingar og fagfjárfestar sem eru í viðskiptum hjá Stefni.

Eftir afhendingu eiga sjóðir í rekstri Stefnis samtals 9,95% af útgefnum hlutum í Högum og eignarhald þeirra þar með undir 10% flöggunarskyldu, þó að litlu muni.

Nokkrir mismunandi sjóðir í rekstri hjá Stefni, með mismunandi sjóðstjóra, eiga hlut í Högum. Þar sem hver og einn sjóður er ekki sjálfstæður lögaðili heldur kemur Stefnir fram sem slíkur fyrir þá alla. Því eru eignarhlutir þeirra lagðir saman þegar atkvæðaréttur sem fylgir þeim er reiknaður út. - þsj


Verkfræðingafélag Íslands 1912-2012 100

## Afmælisráðstefna VFÍ
## Framtíðarnýting orkuauðlinda á Íslandi

**Fimmtudaginn 8. mars heldur Verkfræðingafélag Íslands ráðstefnu á Grand Hótel um framtíðarnýtingu orkuauðlinda á Íslandi.**

**Dagskrá:**

| | |
|---|---|
| 9:00 | Setning. *Kristinn Andersen, formaður VFÍ.* |
| 9:05 | Ávarp. *Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands.* |
| 9:15 | Hvað hafa auðlindirnar fært íslensku samfélagi? *Sveinn Þórðarson, sagnfræðingur.* |
| 9:35 | Staða orkumála á Íslandi. *Ingvar Birgir Friðleifsson, Orkustofnun - Jarðhitaskóla SÞ.* |
| 9:55 | Orkufyrirtækin og samfélagið. *Tryggvi Þór Haraldsson, Samorka.* |
| 10:15 | Kaffihlé |
| 10:40 | Umhverfisáhrif orkuframleiðslu og -notkunar. *Kristín Linda Árnadóttir, Umhverfisstofnun.* |
| 11.00 | Skipulag á orkumarkaði. *Friðrik Már Baldursson, Háskólanum í Reykjavík.* |
| 11:20 | Sýn iðnaðarins á orkunýtingu framtíðarinnar. *Orri Hauksson, Samtökum iðnaðarins.* |
| 11:40 | Samfélagsleg sátt - á að flytja orkuna út eða nýta hana innanlands? *Gunnar Tryggvason, Orkustefna fyrir Ísland.* |
| 12:00 | Hádegishlé |
| 13:00 | **Málstofa I** **Orkuvinnsla og flutningur** / **Málstofa II** **Orkunotkun og iðnaður** |
| 15:10 | Kaffihlé |
| 15:30 | **Pallborðsumræður - Tækifæri eða ógnun?** Þátttakendur eru: Gunnar Tryggvason, Hörður Arnarson, Kristín Linda Árnadóttir og Rannveig Rist. Guðmundur G. Þórarinsson stýrir. |
| 16:20 | Samantekt ráðstefnustjóra. |
| 16:30 | Ráðstefnuslit - Léttar veitingar. |

Ráðstefnustjóri: Jóhanna Harpa Árnadóttir.
Málstofustjórar: Gunnar G. Tómasson og Steinar Friðgeirsson.

**Ráðstefnugjald, hádegismatur og hressing í kaffihléum innifalin:**
**Félagsmenn VFÍ og TFÍ kr. 10.000.**
**Utanfélagsmenn kr. 14.000.**
**Nemar og eldri borgarar kr. 8.500.**

**Skráning fer fram með tölvupósti á skrifstofa@verktaekni.is eða í síma 535 9300.**

Upplýsingar eru einnig á vef VFÍ www.vfi.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**NÝ NÁLGUN Á MARKAÐSSETNINGU** Halldór Harðarson, forstöðumaður markaðsdeildar Símans, segir lykilatriði að höfða til neytenda á þeirra eigin forsendum.

# Nýmiðlar sífellt mikilvægari

**Meira Ísland fékk þrenn verðlaun á íslensku markaðsverðlaununum. Forstöðumaður markaðsdeildar segir nýja tækni og miðla áhrifaríkari en hefðbundnar leiðir.**


**MARKAÐSMÁL**
**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is


Þrenn verðlaun, svokallaðir Lúðrar, féllu Símanum og auglýsingastofunni ENNEMM í skaut þegar hin árlegu íslensku auglýsingaverðlaun voru afhent í Hörpunni fyrir skemmstu. Verðlaunin voru fyrir herferðina „Meira Ísland“. Tilgangurinn var að vekja athygli á 3G neti Símans og voru flestallir mögulegir miðlar nýttir til þess, á nýstárlegan hátt.

Herferðin fékk verðlaun fyrir bestu vefauglýsinguna og bestu notkun samfélagsmiðla auk aðalverðlaunanna, fyrir bestu auglýsingaherferðina.

Halldór Harðarson, forstöðumaður markaðsdeildar Símans, segir í samtali við Markaðinn að útgangspunkturinn hafi verið að sýna fram á gagnsemi 3G netsins um allt land.

„Við hugsuðum með okkur að besta leiðin til þess væri að sýna þessa fjölbreyttu möguleika í framkvæmd á hverjum stað. Það gerðum við á rúmlega 60 stöðum um allt land og sýndum fram á hvernig tæknin og upplýsingarnar, sem hún gerir fólki kleift að nálgast, geti gert upplifunina af hverjum stað sterkari.“

Halldór bætir því við að annað markmið hafi verið að styrkja vörumerki Símans um allt land, ekki síst meðal fólks á landsbyggðinni og þeirra sem eru á ferð um landið.

„Útfærslan varð sú að við bjuggum til efni sem var fyrst og fremst hugsað fyrir netmiðlana, áhugaverðar stiklur sem hægt væri að skoða á ferð um landið, með þeim tækjum sem fólk er með, snjallsíma, spjaldtölvu eða fartölvu. Svo nýttum við okkur nýja hluti, til dæmis QR-kóðana, sem gaf fólki tækifæri til að prófa sig áfram með tæknina.“

Halldór segir það einmitt vera eitt af lykilatriðunum, að fólk noti tækin og tæknina og átti sig á möguleikunum sem í boði eru.

„Við nýtum okkur okkar eigin kjarnaþjónustu við markaðssetninguna til að leyfa fólki að kynna sér möguleikana og sýnum fram á að öflugt fjarskiptanet sem styður tæknina sé mikilvægt.“

Herferðin hlaut einnig verðlaun fyrir notkun samfélagsmiðla. Halldór segir aðspurður að nýmiðlarnir skipti sífellt meira máli.

„Það sem skiptir hvað mestu er einstaklingurinn. Neytandinn og viðskiptavinurinn ráða nú sífellt meiru um þróun vörumerkja. Auglýsandi þarf nú að höfða til fólks á þeirra eigin forsendum. Markaðssetningu þarf að hugsa á nýjan máta, sem nokkuð sem einstaklingar taka upp af sjálfsdáðum og deila með öðrum. Það hefur mun meiri áhrif en auglýsingar í hinum hefðbundnu miðlum og í því felst hið stóra tækifæri.“

Síminn er þar engin undantekning, segir Halldór að lokum.

„Síminn hefur mikla sögu og þekkingu á mörgum sviðum og margar vörur, sem gefa enn frekari tækifæri til að sníða auglýsingar eftir ólíkum markhópum sem skilgreina sig sjálfir með því markaðsefni sem þeir taka upp og deila áfram.“




# Bera sig vel þrátt fyrir hátt olíuverð

**Flutningafyrirtæki hafa enn lítið fundið fyrir háu olíuverði. Þó er ljóst að haldi olíuverð áfram að hækka verða fyrirtækin að lokum að hækka gjaldskrár sínar. Skipaflutningafélögin eru til skamms tíma varin fyrir olíuverðshækkunum og hjá flugfélögunum er næg eftirspurn.**

FRÉTTASKÝRING
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Flutningafyrirtæki á Íslandi, bæði í lofti og á legi, bera sig vel þrátt fyrir að töluverðar hækkanir hafi orðið á olíuverði síðustu mánuði. Vari þetta tímabil hás olíuverðs lengi leitar það þó óhjákvæmilega út í verðlagið.

Helstu flutningafyrirtækjum landsins má í raun skipta í tvennt. Annars vegar í skipaflutningafyrirtækin Eimskip og Samskip sem stunda einnig landflutninga og hins vegar í flugfélögin Icelandair og Iceland Express auk WOW Air sem hefur starfsemi í sumar.

Skipaflutningafélög á borð við Eimskip og Samskip eru að hluta varin fyrir sveiflum í olíuverði. Inni í kaupsamningum um flutninga er kveðið á um svokallað olíujöfnunargjald. Hækki verð á olíu á milli þess tíma þegar samningur er gerður og þess tíma þegar flutningur fer fram, fer verðhækkunin inn í verðið fyrir flutninginn.

Skipafélögin tvö sjá líka um landflutninga undir nöfnum Flytjanda og Landflutninga Samskip. Olíuverðshækkanir hafa meiri áhrif á landflutningana en skipaflutninga þar sem ólíkt bensíni leggur hið opinbera ekki sérstakar álögur á skipaolíu, aðrar en kolefnisgjald.

„Við rukkum sem sagt okkar viðskiptavini fyrir slíkar hækkanir sem þeir svo aftur rukka neytendur fyrir. Til skamms tíma hafa olíuverðshækkanir því kannski ekki mikil áhrif á okkur en þær hafa vitaskuld áhrif á samfélagið og sérstaklega mikil á eyju eins og Íslandi“ segir Ólafur William Hand, markaðsstjóri Eimskipa.

Ólafur segir Eimskip þó enn ekki hafa orðið vart við minnkandi eftirspurn. „Það skýrist kannski að hluta af því að flutningar drógust gríðarlega saman eftir bankahrunið 2008. Við fórum ár og jafnvel áratugi aftur í tímann þegar kemur að innflutningi til landsins. Þótt við séum smám saman að krafsa það til baka þá er innflutningur enn miklu minni. Það má því kannski segja að hefði hrunið 2008 ekki orðið værum við ef til vill að fá talsverðan skell núna. En þar sem áfram þarf að flytja inn nauðsynjavörur þá hefur þetta enn haft lítil áhrif,“ segir Ólafur.

Flugvélaeldsneyti er stór kostnaðarliður hjá flugfélögum landsins og geta skammtímasveiflur haft nokkur áhrif á afkomu þeirra. Þannig kom í fram í uppgjöri Icelandair Group fyrir fjórða ársfjórðung síðasta árs að kostnaður fyrirtækisins vegna eldsneytis hefði aukist um 5,8 milljarða á fjórðungnum miðað við sama fjórðung 2010. EBITDA félagsins var 10,4 milljarðar á fjórðungnum.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að þrátt fyrir þetta hafi fyrirtækið verið að vaxa; auka sætaframboð og ná fram betri sætanýtingu.

Heimir Már Pétursson, upplýsingafulltrúi Iceland Express, segir ljóst að langvarandi hátt eldsneytisverð muni að lokum fara inn í miðaverð. Bókanastaða fyrirtækisins sé hins vegar góð, þá njóti það þess að vera með sparneytnar flugvélar auk þess sem gert ráð fyrir háu olíuverði í verðlagningu fyrirtækisins.




**SÍFELLT HÆRRI TÖLUR** Heimsmarkaðsverð olíu hefur hækkað talsvert frá áramótum. Þá hefur gengisveiking krónunnar ýkt hækkanirnar hér innanlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## HEIMSMARKAÐSVERÐ OLÍU OG BENSÍNVERÐ Á ÍSLANDI SÍÐUSTU ÁR




Heimildir: Seðlabankinn, Seiður ehf, Viðskiptaráð og Xignite í gegnum Datamarket




Heimild: Hagstofan í gegnum Datamarket

Atvinnuhúsnæði til leigu

Leiguhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu


Vatnagarðar 8 - 104 Rvk.
2200 m2 þjónustu- og lagerhúsnæði


Vatnagarðar 6 - 104 Rvk.
1200 m2 þjónustu- og lagerhúsnæði


Hraunbær 102a - 110 Rvk.
164 m2 verslunarhúsnæði


Furugrund 3 - 200 Kóp.
522 m2 verslunar- og þjónustuhúsnæði


Súðarvogur 6 - 104 Rvk.
1081 m2 þjónustu- og lagerhúsnæði


Súðarvogur 3 - 104 Rvk.
1486 m2 skrifstofu og þjónustuhúsnæði


Köllunarklettsvegur 4 - 104 Rvk.
678 m2 þjónustu- og lagerhúsnæði


Brúarvogur 1-3 - 104 Rvk.
1170 m2 skrifstofa og lagerhús


Hlíðasmári 11 - 201 Kóp.
320 m2 skrifstofuhúsnæði með 50 m2 tölvuhýsingarrými

Reginn FASTEIGNAFÉLAG
Hagasmára 1
201 Kópavogi
sími 512 8900
reginn@reginn.is

Nánari upplýsingar veita:
Bergsveinn Ólafsson s. 863 5868, bergsveinn@reginn.is
Birgir Guðmundsson s. 824 8446, birgir@reginn.is

reginn.is

klinkið
Örn Pálsson, hjá Landssambandi smábátaeigenda. vísir
ERLENT MYNDBAND
Farið yfir nokkur góð fjárfestingaráð. vísir

BANKAHÓLFIÐ



Magnús Þorlákur Lúðvíksson

## Fleygjum fúnu innviðunum!

Frá haustinu 2008 hefur ekki verið vöntun á yfirlýsingum um að hinir eða þessir þættir samfélagsins hafi verið svo til ónýtir. Með öðrum orðum virðist hrunreynslan hafa fengið marga til að álykta að þar sem hér hafi orðið bankahrun hafi ákveðnir þættir samfélagsins verið svo fúnir að þeim beri einfaldlega að fleygja.

Lengst hefur málflutningur sem þessi gengið þegar honum hefur verið beint að heilu stéttunum. Þannig hefur til dæmis verið bent á að lögfræðingum hafi mistekist að koma vondu köllunum í steininn, að hagspár hagfræðinga hafi ekki staðist eða þá að endurskoðendur hafi látið vera að kynna sér stöðu fyrirtækja sem þeir endurskoðuðu. Vafalaust er sannleikskorn í gagnrýni á framgöngu ákveðinna stétta í aðdraganda hrunsins. Sú niðurstaða að stéttirnar séu einskis virði eða að fræðin þurfi að endurskoða frá grunni á hins vegar ekki rétt á sér.

Raunar byggja niðurstöður sem þessar í nær öllum tilfellum á gallaðri röksemdafærslu. Þeirri hugmynd að hlutirnir séu annað hvort í lagi eða skelfilegir, að ekki sé til grátt svæði. Þannig leyfa menn sér að stökkva frá þeirri fullyrðingu að eitthvað hafi verið í ólagi að þeirri niðurstöðu að það sé einskis virði. Vandinn er sá að skákborð lífsins er ekki svart og hvítt.

Annað dæmi um málflutning sem þennan má finna í umræðu um fjármálaeftirlit. Þannig hefur því merkilega oft verið haldið fram að þann lærdóm megi draga af hruninu að fjármálaeftirlit geti ekki komið í veg fyrir bankakrísur. Því sé allt eins hægt að sleppa því eða í það minnsta draga verulega úr því. Niðurstaðan byggir á þeirri réttmætu athugun að fjármálaeftirlit á Íslandi var ekki í lagi árin fyrir hrun þrátt fyrir nokkurn kostnað við eftirlitið. Það er vitaskuld rétt en niðurstaðan sem sett er fram í kjölfarið er órökrétt. Það eina sem bankahrunið hefur staðfest varðandi fjármálaeftirlit er það sem við vissum fyrir; að það eru alltaf til staðar ákveðnar líkur á bankakrísu. Við getum ímyndað okkar að ákveðnar reglur um fjármálamarkaði fækki bankakrísum um helming (tala dregin úr hatti). Röksemdafærslan sem hér hefur verið lýst er að segja að þar sem eftirlitið bresti stundum sé það einskis virði!

Val um það hve öflugu fjármálaeftirliti skal standa fyrir byggir á því að vega saman ábatann við minni áhættu og kostnaðinn við eftirlitið. Það er auðvitað ekki nema eðlilegt að menn komist að ólíkum niðurstöðum um það hvar heppilegasta jafnvægið er að finna. En það að fjármálaeftirlit hafi ekki verið fullkomið á Íslandi fyrir hrun leiðir ekki af sér að slíkt eftirlit geti ekki verið gagnlegt. Bankakrísur eru djöfull dýrkeyptar, nokkurn kostnað má greiða fyrir það að fækka þeim.

Skrifstofuhúsgögn













Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

SAMSUNG SETRIÐ samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

SAMSUNG ML-2165W
Laserprentari
Wifi
20 bls/mín
1200 dpi
Kr. 24.900



SAMSUNG CLP-325W
LITA-laserprentari
Wifi
16/4 bls/mín
130 arkir í bakka
Kr. 35.900



SAMSUNG SCX-3405FW
FJÖLNOTA-laserprentari
Wifi
20 bls/mín
Kr. 39.900



ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMA 530 2800
WWW.ORMSSON.IS

SAMSUNG ML-2950ND
Laserprentari
Wifi
28 bls/mín
Kr. 39.900



Splunkunýjir og spennandi prentarar frá Samsung
Prentararnir fást hjá viðurkenndum söluaðilum TÖLVUTEK

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Frábær þjónusta. Frekari upplýsingar í s. 823 5669 & 693 0348

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Vorsteh-tík til sölu!**
10 mánaða gömul tík undan alþjóðlegum og íslenskum meisturum og frábærum veiðihundum. Nánari upplýsingar í síma 690 2244

Til sölu tveir hreinr,, miniature pinscher hvolpar HRFÍ ættbók. ein tík og einn rakki eftir.. Þeir eru ekki smá sætir og rosalega andlitsfríðir tilbúnir til afhentingar. Uppl. í síma 6187009 eða 4617761

## Húsgögn

Til sölu massíft borðstofuborð + 6 stólar (tveir með örmum) Óska eftir far/borðatölvu og tölvuborði ódýrt. Uppl. 775 8076.

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, gluggakappar s. 567 1086.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

Skotveiðivörur í úrvali / skotfæri í riffla á góðum verðum. Tactical.is S:5178878

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Íbúð til leigu í einbýlishúsi á besta stað í bænum með búslóð. Uppl. í s. 820 7061.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

3 herb. íbúð til leigu. Miðsvæðis í rvk. Laus strax! Verð 135 þús. S: 692 9267

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

51 árs karlmaður óskar eftir studíó eða einstaklingsíbúð í Reykjavík. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 846 1978

**ATH LANGTÍMALEIGA**
Óska eftir 4-5 herb. Íbúð Frá 1 júní 2012 er eingöngu að leita eftir íbúð í Grafarvogi Öruggum greiðslum heitið og meðmæli ef óskað er eftir því Greiðslugeta 130.000 þús. á mánuði Uppl. í síma 772 6658 eftir kl 17:00

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting




# ATVINNA

## Atvinna í boði

miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is

**Löður auglýsir eftir starfsmönnum Í þvotta- og bónstöð fyrirtækisins á Fiskislóð og Bæjarlind.**
**Hluti af starfinu er samskipti við viðskiptavini og er því nauðsynlegt að viðkomandi tali góða íslensku, sé jákvæður, þjónustulundaður og sjálfstæður í vinnubrögðum Leitað er eftir starfsmanni sem er eldri en 25 ára og er tilbúin/n að vinna talsverða yfirvinnu. Hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um starfið. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.lodur.is/is/fyrirtaekid/atvinnuumsokn**

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir vaktstjóra í fullt starf, 22 ára og eldri. Umsóknir á staðnum, Laugarvegi 2

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Einnig vantar stýrimann og vélstjóra á 40 tonna bát. Uppl. í síma 845 3480.

**Kaffihús, Bakarí**
**Bakarameistarinn óskar eftir traustu fólki til starfa í afgreiðslu. Störf í boði eru: Húsgagnahöll 9-17 og helgarvinna Suðurver 11-19 virka daga. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 18 ára. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

Snyrtifræðingur óskast í hlutastarf á snyrtistofu í Kópavogi. Gelnaglakunnátta æskileg. Uppl. í síma 862 8257

**Proline ehf.**
Óskum eftir að ráða aðstoðarmann við fóðringar á skolplögnum. Reynsla af pípurlögnum er æskileg. Uppl í síma 571 0300 eða á einar@proline.is

Ömmu vantar til að sinna ungum dætrum okkar og aðstoða við heimilisstörf. Þarf að vera með bíl til umráða. Uppl. í síma: 664 1273

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**MyPurpleRabbit.com**
Djörf stefnumót, heit samskipti. Einstaklingar, pör, hjón. Íslenskt viðmót.

## Fasteignir

# Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala



### Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík. Laust strax!

**Til leigu um 425 fm. hæð á 4. hæð (efstu) í lyftuhúsi í miðborg Reykjavíkur við Hafnarstræti/ Lækjartorg.**

Húsnæðið skiptist í móttöku og að mestu opinn sal, geymslu og Wc. Lyfta er í húsinu með góðu aðgengi. Glæsilegt útsýni í átt að höfninni og Hörpu annars vegar og Lækjartorgi hins vegar.

**Allar nánari uppslýsingar veitir Helgi Már Karlsson í s. 534-1024 / 897-7086 eða hmk@atvinnueignir.is**

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

# Lífalkóhól– og glýkólverksmiðja við Helguvíkurhöfn í Reykjanesbæ

### Mat á umhverfisáhrifum - Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á hljóðvist, loftgæði, lífríki og gæði sjávar verði óveruleg. Mikilvægt er að gerð verði vönduð áhættugreining af verksmiðjunni og brunahönnun sem byggt verði á við hönnun verksmiðjunnar og skipulagningu eldvarnamála.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að fyrirhuguð Lífalkóhól- og glýkólverksmiðja AGC ehf. við Helguvíkurhöfn í Reykjanesbæ muni ekki valda verulegum neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu AGC ehf. er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.

Skipulagsstofnun

## Tilkynningar

# Aðalfundur

Aðalfundur Ísfélags Þorlákshafnar hf fyrir starfsárið 2011 verður haldinn í kaffistofu félagsins að Hafnarskeiði 12 í Þorlákshöfn þriðjudaginn 3. apríl kl. 10.00.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.

Ársreikningurinn mun liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

Stjórnin.

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Urðarstígsreitur.
Tillaga að deiliskipulagi fyrir reit 1.186.4 Urðarstígsreit, sem afmarkast af Bergstaðastræti, Bragagötu, Urðarstíg og Njarðargötu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að stuðla að hæfilegri uppbyggingu á reitnum og endurnýjun sem tekur tillit til núverandi byggðar. Heimilt verði að byggja nýtt hús á lóð nr. 16a við Urðarstíg og stækkun húsa á lóðum nr. 10 og 12 við Urðarstíg ásamt hækkun rishæða og byggingarreit fyrir sólstofu (einnar hæðar byggingu með svölum á þaki) á Urðarstíg 12. Einnig verði heimilt að byggja einnar hæðar hús á lóðinni að Bergstaðastræti 63. Allar breytingar skulu framkvæmdar innan uppgefinna takmarkana á deiliskipulagsuppdrætti og skilmálum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Sundlaugarvegur 32.
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Laugardals, austur. Í breytingunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir stækkun tjaldmiðstöðvar og þjónustuhúss, svæði fyrir húsbíla og fellihýsi og svæði fyrir færanleg smáhýsi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Suðurlandsbraut 8 og 10.
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallar-, Veg- og Ármúla. Í breytingunni felst að gerð er breyting á útfærslu bílastæðaskilmála vegna mismunandi starfsemi. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vallengi 14.
Tillaga að breytingu á deiliskipulaginu Borgarholt II, Engjahverfi C vegna lóðarinnar að Vallengi 14, Engjaskóla. Í breytingunni felst að staðsett er boltagerði fyrir miðju lóðar norðan við fótboltavöll.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Leirulækur 4 og 6.
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna lóðanna að Leirulæk 4 og 6. Í breytingunni felst að lóðir eru tengdar saman með því að stækka lóð nr. 4 að lóð nr. 6 við Leirulæk.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 7. mars 2012 til og með 24. apríl 2012**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. apríl 2012. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 7. mars 2012
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071


BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00



*Ástkær sonur minn, bróðir okkar og mágur,*

**Theodór Árni Emanúelsson**

Grundarbraut 18, Ólafsvík,

lést af slysförum föstudaginn 2. mars á heimili sínu. Útförin fer fram frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 10. mars kl. 14.00. Jarðsett verður á Búðum.

**Emanúel Ragnarsson**
**Magnús Guðni Emanúelsson** **Lára Hallveig Lárusdóttir**
**Unnur Emanúelsdóttir**
**og systkinabörn.**



*Ástkær faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,*

**Friðrik H. Ólafsson**

sem lést fimmtudaginn 23. febrúar, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 8. mars kl. 13.00.

**Linda Rós Michaelsdóttir og fjölskylda**
**Erlendur Steinar Friðriksson og fjölskylda**
**Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir og fjölskylda**
**Elísabet Guðrúnardóttir og fjölskylda.**



*Ástkær móðir okkar,*

**Guðrún Ólafía Halldórsdóttir**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 1. mars. Jarðsungið verður frá Akureyrarkirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.30. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Dvalarheimilisins Hlíðar á Akureyri fyrir frábæra og yndislega umönnun móður okkar.

**Karólína Stefánsdóttir** **Karl Franklín Magnússon**
**Ráðhildur Stefánsdóttir** **Daði Hálfdánsson**
**Óskar Jens Stefánsson** **Sigríður Halldórsdóttir**
**Anna Árnína Stefánsdóttir** **Brynleifur G. Siglaugsson**
**Sigrún Stefánsdóttir** **Birgir Stefánsson**
**Kristín Ragnheiður Stefánsdóttir** **Ib Collin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,*

**Unnar Sæmundur Sigurtryggvason**

sem lést þriðjudaginn 28. febrúar sl., verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. mars kl. 13.00.

**Guðmundur Unnarsson**
**Sigríður Sæmundsdóttir**
**Emilía Sæmundsdóttir**
**Heiðbrá Sæmundsdóttir**
**Unnur Sæmundsdóttir**
**Kristófer Sæmundsson**
**Guðmundur Sæmundsson**
**Davíð Brár Unnarsson**
**Hanna Sigga Unnarsdóttir**
**tengdabörn, afabörn og langafabörn.**



**STEFÁN PÁLSSON** Varpar nýju ljósi á sögu höfuðborgarinnar og leggur áherslu á orku og neysluvatn á námskeiði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Tæknin og sagan

Reykjavík: Tæknin og sagan er heiti námskeiðs sem haldið verður í kvöld, miðvikudaginn 7. mars hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Þar mun Stefán Pálsson sagnfræðingur fjalla á einfaldan og líflegan hátt um tæknibreytingar í höfuðborginni, og raunar landinu öllu, á fyrstu árum tuttugustu aldarinnar. Það var á þeim árum sem Reykjavík breyttist á skömmum tíma úr smáþorpi í borgarsamfélag. Forsendur þeirra breytinga voru nútímatæknikerfi á borð við vatnsveitur, hitaveitur og rafveitur.

Stefán mun stikla á stóru í tæknisögunni en einnig svipta hulunni af sögu ýmissa fyrirbæra í hinu hversdagslega umhverfi landans. Hann hugar meðal annars að deilum um einstakar framkvæmdir og þeim hugmyndum sem ekki komu til framkvæmda.

Námskeiðið er ætlað öllu áhugafólki um sögu lands og þjóðar. Það er haldið í húsnæði Endurmenntunar að Dunhaga 7 í Reykjavík, hefst klukkan 20.15 og lýkur tveimur tímum síðar. Verðið er 14.900. Hægt er að skrá sig í tölvu inn á endurmenntun.is og einnig á staðnum.

- gun

# Listaverkið hvarf

„Systkinin Linda Elín Kjartansdóttir og Sölvi Reyr Magnússon sátu við í þrjá daga og puttaprjónuðu marglitar lengjur, hvort í sínu lagi og saumuðu þær svo saman. Samtals náði lengjan þá fjörutíu metrum. Að verkinu loknu datt þeim systkinum í hug að skreyta stigaganginn í blokkinni sinni með því. Þegar búið var að mynda það var hungrið farið að sverfa svo þau brugðu sér út með mömmu sinni að fá sér í pitsu en þegar þau komu til baka var listaverkið horfið og er ófundið enn.

Systkinin létu þó ekki bugast heldur byrjuðu strax að prjóna aðra lengju. „Ég lærði puttaprjón þegar ég var í 1. bekk,“ segir Sölvi Reyr sem er átta ára. Þegar systir hans, Linda Elín sem er þrettán ára er spurð hvar þau börnin fái band til að vinna úr svarar hún: „Mamma er prjónakona og á fullt af garnafgöngum sem við fáum að leika okkur með.“

- gun





*Ástkæri maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, tengdasonur og bróðir,*

**Magnús Ingvar Ágústsson**

Hrísrima 31, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 4. mars sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Hjördís Hafsteinsdóttir**
**Berglind Magnúsdóttir** **Heimir Jónasson**
**Auður Magnúsdóttir**
**Ágúst Magnússon** **Áslaug María Sigurbjargardóttir**
**Stella Sveinbjörnsdóttir**
**barnabörn og systkini.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Anna Jónína Þórarinsdóttir**

Bólstaðarhlíð 26, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 5. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jóhannes Guðmundsson**
**Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir** **Árni Sigurðsson**
**Guðmundur Jóhannesson** **Greta Sigurðardóttir**
**Þórarinn Jóhannesson** **Anna Blöndal**
**Óskar Jóhannesson** **Sigrún Ingólfsdóttir**
**Jóhannes Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Þórir Þórðarson**

Kringlunni 75, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 4. mars. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 13. mars kl. 13.00.

**Stella Magnúsdóttir**
**Þórdís Þórisdóttir** **Guðmundur Karl Halldórsson**
**Valgerður Þórisdóttir** **Hilmar Þorkelsson**
**Magnús Þór Þórisson**
**Gunnar Þór Þórisson**
**Stella Björk, Guðmundur Ívar, Heiðdís Inga, Þórey Ísafold og Steinþór Logi.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Borgrún Alda Sigurðardóttir**

frá Eskifirði,

andaðist á heimili sínu í Keflavík þann 4. mars. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 13. mars kl. 13.00.

**Ingimar Þorsteinsson**
**Kristín Þorsteinsdóttir**
**Steinar Þorsteinsson**
**Íris Harðardóttir**
**Hilmir Chadwick Guðmundsson**
**Sigrún Magnúsdóttir og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



DISNEY
RISA SYRPA
KOMDU MEÐ Í FERÐ INN Í FRUMSKÓGINN!
RISA SYRPA
FJÖR Í FRUMSKÓGI
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK NÚNA
GRÍPTU MEÐ ÞÉR MOSKÍTÓNETIÐ,
VATNSBRÚSANN, MALARÍUTÖFLURNAR
OG SKELLTU ÞÉR MEÐ Í FRUMSKÓGARFERÐ.
WWW.ANDRÉSÖND.IS
edda

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** spjall, **6.** ógrynni, **8.** hyggja, **9.** umrót, **11.** ekki, **12.** svölun, **14.** gáleysi, **16.** átt, **17.** einkar, **18.** jafnvel, **20.** tvíhljóði, **21.** pappírsblað.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** ólæti, **4.** aflaga, **5.** nágranni, **7.** flúðir, **10.** sólunda, **13.** kvk nafn, **15.** spírun, **16.** er, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rabb, **6.** of, **8.** trú, **9.** los, **11.** ei, **12.** fróun, **14.** vangá, **16.** sa, **17.** all, **18.** eða, **20.** au, **21.** miði.
**LÓÐRÉTT: 1.** golf, **3.** at, **4.** brengla, **5.** búi, **7.** forvaði, **10.** sóa, **13.** una, **15.** álun, **16.** sem, **19.** að.

# Nýtt og endurnýtt

**BAKÞANKAR Ragnheiðar Tryggva-dóttur**



Það er í tísku að endurnýta og endurvinna. Gera upp hús á sniðugan og hagkvæman hátt, jafnvel lífrænan. Það er í tísku að leggja bílnum og ganga eða hjóla. Sumir ganga svo langt að selja bílinn og tala um frelsun frá oki bensínreikningsins. Þetta sé ekkert mál, maður þurfi bara að skipuleggja sig, leggja tímanlega af stað. Þeir sem frelsast hvað harðast breiða út boðskapinn og verður mikið í mun að frelsa fleiri. Bíllaus dagur, tökum strætó, hjólum í vinnuna og brennum kaloríum í leiðinni.

**HÆTTUM** líka allri heimtufrekju og temjum okkur nægjusemi áður en við drekkjum jörðinni í drasli sem við hættum að nota, bara af því okkur langar í nýtt. Hvað á það að þýða að henda stráheilum eldhúsinnréttingum eins og snarbilað fólk? Kaupa sjónvörp á stærð við auglýsingaskilti verslunarmiðstöðvar þegar gamla 14 tommu túban skilar myndinni alveg eins inn í augun á okkur?

**ÉG GET** sjálf hrifist af þessum boðskap. Finnst frábært að endurnýta hluti, jahérna! Að hugsa sér alla fjársjóðina sem leynast í geymslum, hlutir „með sál“. Alveg hreint fáránlegt að sóa peningum í nýtt og nýtt þegar gamalt dugir allt eins vel. Þá skammast ég mín fyrir allan óþarfann sem ég á og bæli niður löngunina í nýja eldhúsið sem ólmast innan í mér. Segi engum frá skónum sem ég keypti í haust sem enn eru með verðmiðanum á.

**ÉG SÉ** líka í hyllingum hvernig kaloríurnar fjúka „þegar“ ég sel bílinn og fer allra minna ferða gangandi, hvernig þrekið eykst og heilbrigðið skín af mér. Frábært að vera laus við bensínreikninginn, hvað þá tryggingarnar, dæsi ég á göngunni. Það hlýtur hver einasti maður að sjá að þetta er eina vitið! Snýst bara um skipulag, leggja tímanlega af stað. Nú, ef ég verð sein fyrir fæ ég bara far hjá einhverjum – sem á bíl!

**ÞEGAR** kemur að því að setja upp eldhúsinnréttingu á vegg án þess að fara út í búð verð ég líka að treysta því að einhver hendi, einmitt þá, stráheilli innréttingu á haugana. Ég hef himin höndum tekið, ekki gæti ég notað hana ef eigandinn væri að henda innréttingunni vegna þess að hún er ónýt!

**ÉG ER** ekki viss um að ég gæti nokkurn tímann haldið úti endurnýtanlega og bíllausa lífsstílnum, nema einmitt fyrir þá sem gera það ekki.


## Auglýsing um deiliskipulag hesthúsabyggðar í Grindavíkurbæ

Grindavíkurbær

Breytingar á deiliskipulagsáætlun fyrir Hesthúsabyggð. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030 sem auglýst var skv. 18. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 á tímabilinu frá 9. apríl til 23. maí 2011 og samþykkt af bæjarstjórn 26. október 2011.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 auglýsir Grindavíkurbær hér með kynningu á tillögu að breyttu deiliskipulagi hesthúsahverfis.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir hesthúsabyggð. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð. Þar er kveðið á um öll atriði deiliskipulags í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð, s.s. byggingarreiti, nýtingarhlutfall, hæð húsa, útfærslu opinna svæða o.s.frv.

Við gerð tillögunnar hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi frá 2006 en auk þess er nú komið fyrir aðstöðu fyrir hestaleigu, stækkun lóðar fyrir félagsheimili / reiðhöll. Deiliskipulagsskilmálar eru gerðir ýtarlegri til að samræma og bæta umgengni um skipulagssvæðið. Stækkun svæðis er 7.175 m².

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, frá 7. mars 2012 til og með 18. apríl 2012. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Grindavíkurbæjar, www.grindavik.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega á bæjarskrifstofurnar til skipulags- og umhverfissviðs eða á netfangið ingvar@grindavik.is, eigi síðar en 18. apríl 2012. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillöguna.

**Ingvar Þór Gunnlaugsson**
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.



BERG FASTEIGNASALA



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540

**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
Petur@berg.is

**Opið hús**
**Engjavegi 12 í Mosfellbæ**
**miðvikudaginn 7. mars. Kl. 17.30 til 18.00**






**Afar vel staðsett 233,3 fm. einbýli á tveimur hæðum. Þar af er bílskúr 43 fm. Flott útsýni og stór eignarlóð. Gott viðhald.**
Komið er inn í anddyri með flísum á gólfi. Rúmgott hol með eikarparketi. Baðherbergi með flísum á gólfi. Herbergi með eikarparketi og skápum. Stórt herbergi með góðum skápum. Rúmgóð og björt stofa með eikarparketi á gólfi. Útgengt úr stofu út á lóð. Sólpallur með heitum potti. Nýtt gróðurhús. Þriðja herbergið er með parketi á gólfi. Rúmgott eldhús með korkflísum á gólfi. Borðkrókur. Neðri hæð. Mjög rúmgott þvottahús. Stórt herbergi með plastparketi á gólfi. Rúmgóður 2-3 bíla bílskúr. Mikið geymslupláss. Yfir húsinu er kalt geymsluloft vel einangrað. Þetta er mikil eign með frábæra staðsetningu í grónu umhverfi. Sölumaður Berg ehf tekur á móti gestum.


## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**598** KR. KG
KF FROSIN
**LAMBAHJÖRTU**




**1795** KR. KG
KF FROSNAR
**LAMBALÆRISNEIÐAR**




**698** KR. KG
ALI GRÍSAKJÖT
**FERSKUR GRÍSABÓGUR**




**398** KR. 500G
**BÓNUS KAFFI 500G**



**359** KR. KG
KJARNAFÆÐI FROSIÐ
**SPARHAKK 620G**



**1395** KR. KG
ÞÝSKAR FROSNAR **GRÍSALUNDIR**

HIMNESKT




EUROSHOPPER
**NÚÐLUR Í POKA**
85 GR /BEEF-CHICKEN
**15 KR. PK**




**259** KR 330 ML
HIMNESKT **LÍMONAÐI - APPELSÍN -ENGIFER**




**498** KR 750 ML
**598** KR 750 ML
HIMNESKT: **RAUÐRÓFUSAFI EPLA OG MANGÓSAFI**



**359** KR.200 GR
**BÓNUS SPÍNAT**
FERSKT FRÁ SPÁNI




**129** KR. 7 SNEIÐAR
**RÚGKJARNABRAUÐ**
*SJÖ SNEIÐAR*



**998** KR.1 KG.
BÓNUS I KG.
**SÚKKULAÐITERTA**




**98** KR. 125 G
KJARNAFÆÐI
**PIZZU-SKINKA 125 G**



NÝBAKAÐ Í BÓNUS
**BAGUETTEBRAUÐ**
**129 KR.STK**






**698** KR. 4 X 1,5 LTR
**COKE 1.5 LTR**
4 FL.= SEX LÍTRAR




GOUDAOSTUR 26%
Verð áður 1259 kr./kg.
**998 kr./kg**



**195** KR. KG
**PERUR Í LAUSU**



**195** KR. KG
**APPELSÍNUR**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 2 | 1 | | |
| | 3 | | | 4 | | 2 | | |
| | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | | | |
| | | 3 | | | | | 4 | |
| | | 8 | 4 | 2 | 9 | 7 | | |
| | 9 | | | | | 6 | | |
| | | | 9 | 7 | 4 | 3 | 8 | |
| | | 9 | | 6 | | | 7 | |
| | | 2 | 5 | | | | | 4 |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 50

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# menning
menning@frettabladid.is



**AÐEINS NOKKRIR DAGAR** eru eftir af sýningu Bjargar Eiríksdóttur í Artóteki á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur í Grófarhúsi. Sýningin er sjötta einkasýning Bjargar, en hún sýnir málverk, myndband, textíl og svífandi skúlptúr. Síðasti sýningardagur er sunnudagurinn 11. mars.

## Miðasala hefst á Buiku



BUIKA

**Miðasala hefst í dag á tónleika spænsku söngkonunnar Buiku sem kemur fram á Listahátíð í vor. „Buika hefur magnaða sviðsframkomu og einstaklega blæbrigðaríka túlkun. Tónlistin er blanda af blús, djassi, sálartónlist og spænskum tregasöngvum," segir í fréttatilkynningu en Buika kemur hingað til lands með hljómsveit skipaða framúrskarandi hljóðfæraleikurum frá Bandaríkjunum og Evrópu.**

**Buika er ættuð frá Gíneu á vesturströnd Afríku en fæddist og ólst upp í sígaunaþorpi á Mallorka. Hún er stórt nafn í heimstónlistargeiranum, en hefur einnig starfað með fjölda þekktra popptónlistarmanna. Hún syngur tvö lög í nýjustu kvikmynd spænska leikstjórans Pedros Almodóvar, The Skin I live in, sem nýverið hlaut BAFTA-verðlaunin sem besta erlenda kvikmyndin.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 07. mars 2012**

### Sýningar

**10.00** Sólrún Halldórsdóttir myndlistarmaður opnar málverkasýningu í Bókasafni Kópavogs, Hamraborg 6a. Þar sýnir hún olíumálverk sem minna á vorið.

### Tónlist

**12.15** Tónleikaröðin Ljáðu okkur eyra heldur áfram undir stjórn Gerrits Schuil í Fríkirkjunni í Reykjavík. Dagskrá er ekki auglýst fyrir fram. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Hljómsveitin ADHD kemur fram á næstu tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í Norræna Húsinu, Sturlugötu 5. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

### Upplestur

**17.30** Þór Stefánsson mun lesa upp úr tveimur nýjustu ljóðabókum sínum á bókmenntadagskrá í Kórnum, sal Bókasafns Kópavogs. Oddur Ingi syngur auk þess nokkur lög við ljóð úr eldri bókum Þórs. Ritlistarhópur Kópavogs stendur fyrir dagskránni og er aðgangur ókeypis og kaffiveitingar á boðstólnum.

### Málþing

**09.00** Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík stendur fyrir málstofu um stjórnunarreikningsskil og samspil stjórnunar, reikningshalds og upplýsingatækni í stofu M208. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Fyrirlestrar

**12.15** Margrét Eggertsdóttir flytur erindið Langa Edda – Goð og gyðjur í máli og myndum í Þjóðmenningarhúsinu. Um er að ræða hádegisfyrirlestur í erindaröðinni Góssið hans Árna um valin handrit úr safni Árna Magnússonar. Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir.

### Handverkskaffi

**20.00** Þorvaldur Jónasson kynnir gotneska skrautritun á handverkskaffi í Gerðubergi. Farið verður í hefðbundna stafagerð en einnig sýnd ýmis afbrigði og fléttað verður inn sögulegum þáttum. Aðgangur er ókeypis.

### Námskeið

**20.15** Námskeiðið Reykjavík: Tæknin og sagan í umsjá Stefáns Pálssonar sagnfræðings verður haldið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Á námskeiðinu verður stiklað á stóru í tæknisögu Reykjavíkur.

### Dans

**14.00** Síðdegisdans verður hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4. Stjórnendur eru Hafsteinn Sigurðsson og Ágústa Hjálmtýsdóttir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

# Norræn list í forgrunni á listamessu í New York

**Nokkrir af virtustu listamönnum Íslands koma fram á listamessunni The Armory Show sem hefst í New York í dag. Þar eru Norðurlöndin í forgrunni.**




**SCANDINAVIAN PAIN** Meðal þess sem sjá má á The Armory Show í New York er verk Ragnars Kjartanssonar, Scandinavian Pain. Myndin var tekin við uppsetningu verksins í gær, daginn fyrir opnun listamessunnar. MYND/GALLERÍ I8

Norðurlöndin verða í fókus á listamessunni The Armory Show sem hefst í New York í dag og stendur fram yfir helgi. Um er að ræða eina af tveimur stærstu listamessunum sem fram fara í Bandaríkjunum. Þangað mæta gallerí hvaðanæva að úr heiminum, stilla upp fjölbreyttum básum og kynna listamenn fyrir mögulegum kaupendum og öðru áhugafólki um list.

Gallerí i8 tekur þátt í messunni og sýnir þar ný verk eftir Ólaf Elíasson, sem unnin eru úr íslenskum rekaviði og gleri. Ragnar Kjartansson kemur einnig þar fram undir merkjum gallerísins, en verki hans, ljósaskiltinu Scandinavian Pain, hefur verið komið þar fyrir. Þá verða valin verk úr dánarbúi Birgis Andréssonar á staðnum, en Gallerí i8 hefur haft umsjón með þeim.

Meðan á listamessunni stendur verður mikið um viðburði af ýmsum toga. Á dagskránni má finna samræður Bjarkar og Ragnars Kjartanssonar, frammi fyrir áhorfendum, en þau munu meðal annars ræða hlutverk endurtekningar og ítrekunar í sköpun listamannsins. „Þetta hefur vakið talsverða athygli þarna úti. Það eru ekki nema 120 sæti í boði á viðburð og mér skilst að fólk sé farið að slást um þau," segir Þorlákur Einarsson hjá Gallerí i8. „Þetta verður örugglega mjög skemmtilegt og Björk er mjög elskuleg að taka þátt í þessu."

Fleiri íslenskir listamenn taka þátt í listamessunni. Þar á meðal er Hrafnhildur Arnardóttir, sem þekkt er undir nafninu Shoplifter, en hún verður með daglega gjörninga. Nýlistasafnið verður líka á staðnum með valin verk íslenskra listamanna. Metropolitan Ensemble flytur tónverk eftir Örn Alexander Ámundason og myndlistarkonan Katrín Sigurðardóttir verður með innsetningu í bókabúð listamessunnar, Artbook.

Einnig mun sænski sýningarstjórinn Jonatan Habib Engqvist kynna verkefnið (I)ndependent People, samstarf um hundrað norrænna listamanna og listahópa, en afrakstur þess verður til sýnis á Listahátíð í Reykjavík í maí.

Hægt er að fylgjast með The Armory Show á vefslóðinni blog.icelandicartcenter.is, þar sem fulltrúar Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar munu blogga meðan á listamessunni stendur. holmfridur@frettabladid.is



# Útigangs-Jóna og sérarnir




Bækur ★★★☆☆

**Veiðimennirnir**
Jussi Adler-Olsen
Þýðing: Hilmar Hilmarsson

**Vaka-Helgafell**

Jussi Adler Olsen er hratt rísandi stjarna í danska krimmaheiminum og eftir lestur á Veiðimönnunum er auðvelt að skilja hvers vegna. Sagan er lipurlega skrifuð, spennandi og mannleg og lögreglumaðurinn í forgrunni, Carl Mörck, er aldeilis yndislega ómögulegt eintak, eins og lífseigir skáldaðir lögreglumenn gjarnan eru.

Plott sögunnar er dálítið langsótt og í fyrstu á lesandinn erfitt með að kyngja því að þetta gæti verið danskur raunveruleiki dagsins í dag, en ef horft er framhjá því hefur sagan alla kosti sem prýða mega einn krimma: Skemmtilega absúrd lögregluteymi sem rannsakar málið, djöfullega þenkjandi glæpamenn sem einskis svífast, leyndardómsfulla konu sem lengi framan af er erfitt að átta sig á hvort er ofsótt fórnarlamb eða primus motor í hinum hrottalegu glæpum sem staðið hafa yfir áratugum saman án þess að upp kæmist.

Fyrst og síðast er það þó yfirmaður deildar Q hjá dönsku ríkislögreglunni, hinn mislyndi Carl Mörck, sem heldur lesandanum við efnið. Hér er komin persóna sem auðveldlega er hægt að sjá fyrir sér að verði viðlíka uppáhald krimmalesandi Norðurlandabúa og þeir forverar hans Wallander og Erlendur. Sérlundaður, brotinn og beyglaður, kynferðislega sveltur og eftir því uppstökkur sprettur hann ljóslifandi upp af síðum bókarinnar og kemur sér fyrir við hjartarætur lesandans, sem vart getur beðið eftir næstu sögu af eltingaleik hans við danska glæpamenn.

Aðrar persónur bókarinnar eru einnig eftirminnilegar, einkum útigangskonan Kimmie sem á sér bæði skuggalega og sára fortíð sem hlýtur að snerta hvern þann sem les. Assad aðstoðarmaður Mörcks og Rose ritari eru einnig skýrt dregnar og skemmtilegar persónur en aðeins of nálægt marggtuggnum klisjum til að vera alveg sannfærandi.

Sagan er skemmtilega skrifuð og mjög vel byggð, smáskammtalækningarnar í upplýsingaflæði eru úthugsaðar og alltaf í nákvæmlega réttu magni þannig að lesandinn er knúinn til að lesa áfram til að fá fleiri bita í púsluspilið og sjá heildarmyndina.

Þýðing Hilmars Hilmarssonar er í flesta staði prýðileg. Rennur vel og er mestan part á eðlilegu íslensku máli. Einstaka hráþýðingarglappaskot hefur þó komist í gegn, eins og þegar sagt er að maður svitni undir handleggjunum, en miðað við það sem viðgengst í þýðingum þessa dagana er auðvelt að líta fram hjá því.

**Friðrika Benónýsdóttir**

**Niðurstaða:** Vel skrifaður og spennandi krimmi með óvæntri fléttu. Carl Mörck er arftaki Wallanders og Erlendar.

# Þráðlistin á djúpar rætur í landinu

Öld fram af öld hafa Íslendingar spunnið þráð, prjónað, ofið og saumað út. Svo er enn. Sýning sem Textílfélag Íslands er með á Korpúlfsstöðum gefur mynd af þeirri breidd sem þráðlistir á Íslandi spanna um þessar mundir. Þar getur að líta prjónahönnun, fatahönnun, veflistaverk, tauþrykk og þæfingu. Einnig útsaum, pappírsverk, ljósmyndaverk og margs konar óhefðbundin þráðlistaverk unnin í blandaðri tækni. Sýnendur eru 40, eða um helmingur félaga í Textílfélagi Íslands.

Sýningin er opin frá klukkan 14 til 18 fimmtudaga til sunnudaga. Hún er í stóra salnum á 2. hæð á Korpúlfsstöðum og stendur til 25. mars. Aðgangur er ókeypis.

**- gun**



**Á KORPÚLFSSTÖÐUM** Þóra Björk Schram gerði lampana, svörtu kjólarnir í bakgrunni eru eftir Rósu Helgadóttur.
MYND/KRISTVEIG HALLDÓRSDÓTTIR










| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.40 | L |
| HAYWIRE | KL. 5.50 | 16 |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.50 - 8 - 10.15 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SAFE HOUSE | KL. 10.20 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.40 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 6 | L |
| GHOST RIDER 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 | 12 |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 10.15 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
SVARTUR Á LEIK KL. 6 - 8 - 10 16 / THIS MEANS WAR KL. 6 14
GHOST RIDER 2 3D ÓTEXTUÐ KL. 10 12 / HAYWIRE KL. 8 16

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | 8 og 10.15 |
| JOURNEY 2 3D | 6 |
| SAFE HOUSE | 8 og 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 6 ISL TAL |
| THE GREY | 10.15 |
| THE IRON LADY | 5.50 og 8 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:20 | 2D | 10 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |
| HUGO | kl. 5:20 | 2D | 10 |
| HAYWIRE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ens tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| EXTREMELY LOUD AND INCREDIBLY CLOSE | kl. 8 | 2D | 10 |
| A FEW BEST MEN | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| SHAME | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:20 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMbio.is





TRAUSTI INGÓLFSSON: SVONA FLOTT HEFUR EKKI VERIÐ GERT ÁÐUR

# Fimm trommarar taka þátt í alþjóðlegri úrslitakeppni

Úrslit alþjóðlegu trommarakeppninnar Shure Drum Mastery verða haldin á Gauki á Stöng á laugardaginn. Þar stíga á svið fimm trommarar og etja kappi fyrir framan áhorfendur, sem kjósa sigurvegarann með lófaklappinu einu saman. Hann hlýtur að launum veglegan hljóðnemapakka frá Shure.

Trausti Ingólfsson hjá Hljóðfærahúsinu-Tónabúðinni á Akureyri aðstoðar Shure við keppnina hér á landi, sem er sú fyrsta sinnar tegundar. Hann segir að um heimsviðburð sé að ræða. „Svona flott hefur ekki verið gert áður. Ýmis trommublöð og trommuframleiðendur hafa verið með keppnir en það virðist hafa þurft fyrirtæki sem er ekki að gera trommur til að gera þetta svona grand,“ segir Trausti, en Shure er hljóðnemaframleiðandi.

Keppnin hófst í október í fyrra á heimasíðunni Drum-mastery.eu. Þar gátu áhugatrommarar sett trommuundirspil sitt undir fyrirfram ákveðið lag og sett myndband á síðuna. Um 280 myndbönd voru send inn, sem var mun meira en búist var við.

Svo virðist sem Íslandi hafi alltaf verið ákvörðunarstaðurinn fyrir úrslitakvöldið. „Það var rætt við okkur í mars í fyrra um hvort við værum tilbúnir til að taka á móti þessu fólki. Þeim hjá Shure fannst mest spennandi að fara til Íslands,“ segir Trausti.

Aðeins einn Íslendingur tók þátt í keppninni og komst hann ekki í fimm manna úrslitin. Þeir sem þangað komust eru frá Austurríki, Búlgaríu, Ítalíu, Spáni og Bretlandi. Daginn fyrir úrslitakvöldið fara þeir saman í æfingabúðir með einum af dómurunum fjórum sem kusu þá áfram í úrslitin. Hann heitir Darren Ashford og hefur spilað með Black Eyed Peas, Backstreet Boys, Joss Stone og fleiri þekktum flytjendum. Tveir af hinum dómurunum, Dennis Poschwatta og Cassell, hafa spilað með Guano Apes og The Streets. Allir dómararnir verða viðstaddir úrslitakvöldið en geta ekki haft áhrif á valið á sigurvegaranum, nema með lófaklappi.


**HITAR UPP** Trommarinn Gunnlaugur Briem hitar mannskapinn upp á Gauki á Stöng á laugardagskvöld.

**280** myndbönd voru send inn í keppnina.

Gunnlaugur Briem ætlar að hita salinn upp á laugardagskvöld með trommuleik sínum. „Hann ætlar að vera með smá sýningu Hann er spilari á heimsmælikvarða og ætlar að sýna hvernig á að gera þetta.“

freyr@frettabladid.is

# Mjúk sigling með Möller

★★★★☆

**Halftime / Distance**




Steve Sampling (Stefán Ólafsson) og Introbeats (Addi Intro) eiga það sameiginlegt að hafa verið áberandi sem taktasmiðir og upptökustjórar á íslensku rappsenunni undanfarin ár. Steve var m.a. hluti af Audio Improvement og Addi er meðlimur í Forgotten Lores. Þeir hafa báðir gert upptökustjóraplötur með aðkomu margra rappara, en hér eru þeir á öðrum slóðum. Halftime og Distance eru að mestu án söngs og þær koma báðar út hjá Möller plötufyrirtækinu, sem sérhæfir sig í raftónlist.

Það er samt sem áður mikill munur á þessum tveimur plötum. Halftime er hip-hop plata, án söngs. Hún er ellefu laga og nokkuð fjölbreytt bæði hvað takta og hljóðheim varðar. Hún virkar vel sem heild og það er nóg kjöt á beinunum til þess að halda athygli hlustandans frá upphafi til enda. Þetta er frekar mjúk og þægileg tónlist og ætti að höfða til margra.

Distance er fjögurra laga danstónlistarplata. Titillagið er sungið af Braga Eiríki, en hin lögin þrjú eru án söngs. Þetta er frekar afslöppuð hústónlist, vel framreidd. Titillagið (sem einnig er án söngs, síðast á plötunni) er mjög gott, hin tvö lögin eru aðeins síðri. Það verður spennandi að fylgjast með því hvað kemur næsta frá Stefáni.

Eins og áður segir er Möller raftónlistarútgáfa. Það er gott mál að taktasmiðir úr rappheiminum fái þar inni, enda eru þessar tvær tegundir tónlistar nátengdar og hafa lengi haft áhrif hvor á aðra. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Tveir af afkastamestu taktasmiðum íslenska rappsins með öðruvísi plötur


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**MIÐVIKUDAGUR:** *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK)* 17:50, 20:00, 22:10 ■ MACHINE GUN PREACHER 17:30, 20:00, 22:30 ■ THE AWAKENING 20:00, 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 22:20 ■ THE DESCENDANTS 20:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00 ■ ELDFJALL 18:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.





**RÓLEG** Leikkonan Mila Kunis vill heldur eyða helgunum sínum heima en á skemmtistöðum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kunis fer lítið út á lífið

**Leikkonan Mila Kunis kveðst ekki stunda skemmtistaði heldur kjósi frekar að eyða kvöldum sínum heima í ró og næði. Kunis er forsíðustúlka bandaríska Harper's Bazaar og viðurkennir þetta í viðtali við blaðið.**

**„Ég fer sjaldan út á lífið. Ég kýs heldur að fá mér lítinn drykk yfir sjónvarpinu heima. Ég hef líka gaman af því að elda, ég get eldað hvað sem er úr afgöngum og mig dreymir um að vera dómari í sjónvarpsþáttunum Top Chef,“ segir leikkonan, sem bætir við að eina ástæðan fyrir því að hún stundi líkamsrækt sé sú að þá geti hún borðað meira. „Ég æfi bara því þá má ég borða og drekka eins og ég vil. Ég og vínglasið mitt erum bestu vinir.“**



**HUGSAR MÁLIÐ** Madonna fékk bónorð frá kærasta sínum, Brahim Zaibat, fyrir þremur vikum og er enn að íhuga málið. NORDICPHOTOS/GETTY

# Madonna fékk bónorð

**Madonna íhugar nú bónorð frá kærasta sínum Brahim Zaibat en þrjár vikur eru síðan hann bað tónlistarkonunnar. Frá þessu greinir slúðurmiðillinn ShowbizSpy en heimildir greina frá því að Zaibat, sem er 29 árum yngri en Madonna, hafi skellt sér á skeljarnar er þau voru í fríi á Kabbalah-miðstöð. Madonna ku vera yfir sig ástfangin af dansaranum en miðillinn greinir frá því að söngkonan sé ekki viss hvort hún vilji ganga í hjónaband í þriðja sinn á ævinni. Þetta er því erfið ákvörðun fyrir Madonnu sem áður hefur lýst því yfir að hún eigi erfitt með að vera ein og að Zaibat geri hana hamingjusama.**

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR
Í BAKKALÁRNÁM TIL 23. MARS

MYNDLIST
TÓNLIST
HÖNNUN &
ARKITEKTÚR
LEIKLIST & DANS

RAFRÆNAR UMSÓKNIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM INNTÖKUFERLI FYRIR HVERJA DEILD ERU Á WWW.LHI.IS

**Hönnunar- og arkitektúrdeild**
Arkitektúr
Fatahönnun
Grafísk hönnun
Vöruhönnun

**Leiklistar- og dansdeild**
Fræði og framkvæmd
Samtímadans

**Myndlistardeild**

**Tónlistardeild**
Hljóðfæraleikur/söngur
Kirkjutónlist
Mennt og miðlun
Tónsmíðar
Diplómanám í hljóðfæraleik

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

Umsóknarfrestur um nám á meistarastigi verður auglýstur síðar.

KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN OKKAR!

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)

525 8000
www.bilaland.is
bílaland

# sport

sport@frettabladid.is



**HAMAR OG FJÖLNIR** spila í kvöld hálfgerðan úrslitaleik í Hveragerði um hvort liðið heldur sæti sínu í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta. Fjölnir er með tveggja stiga forskot en Hamar er aftur á móti með betri stöðu í innbyrðisleikjum og kemst því upp úr fallsæti með sigri. Fjölnir getur bjargað sér endanlega frá falli með því að vinna leikinn með 21 stigi eða meira því þá getur Hamar ekki náð liðinu í tveimur síðustu umferðunum. Í kvöld mætast einnig Haukar-Keflavík og Njarðvík-Snæfell.



**SPAÐI** Balotelli er alltaf áberandi utan vallar. NORDICPHOTOS/GETTY

Mario Balotelli sár:

## Vildi spila með landsliðinu

**FÓTBOLTI** Mario Balotelli, framherji Man. City, var ekki valinn í ítalska landsliðshópinn fyrir vináttuleikinn gegn Bandaríkjunum í síðustu viku.

Cesare Prandelli landsliðsþjálfari sagðist hafa áhyggjur af andlegu ástandi leikmannsins.

„Mér leið illa yfir því að vera ekki valinn því ég er alltaf mjög stoltur af því að spila fyrir Ítalíu. Það eru ákveðnar reglur í landsliðinu sem ég skil og ber virðingu fyrir en mér fannst ég samt ekki eiga skilið að vera skilinn eftir.“

- hbg

Brasilíumaðurinn Hulk:

## Heitur fyrir Real og Barca

**FÓTBOLTI Nánast engar líkur eru á því að Hulk verði áfram hjá Porto næsta vetur. Hann hefur skapað sér nafn í Evrópuboltanum síðan hann kom til félagsins frá Tokyo Verde árið 2008.**

**Hulk hefur lengstum verið orðaður við Chelsea en einnig við stóru félögin á Spáni.**

**„Mér þykir mjög vænt um Porto en hver myndi ekki vilja spila með Barcelona? Einnig Real Madrid. Ég get ekki neitað því að ég væri til í að spila með báðum félögum,“ sagði maðurinn með ofurhetjunafnið.**

- hbg

# LEITIN AÐ HEILAGA KALEIKNUM

**Rússinn Roman Abramovich hefur eytt mörgum milljörðum í Chelsea í þeirri von að vinna hinn heilaga kaleik evrópsku knattspyrnunnar – Meistaradeildina. Hann hefur ekki haft erindi sem erfiði hingað til. Eftir að hafa komist nálægt því hefur gengi Chelsea legið niður á við og þolimæði Romans fer þverrandi.**

**FÓTBOLTI** Það var sumarið 2003 sem moldríkur Rússi, Roman Abramovich, að nafni keypti enska knattspyrnufélagið Chelsea. Hann greiddi 60 milljónir punda fyrir félagið sem þá skuldaði 80 milljónir punda.

Það voru smáaurar í augum Romans sem þurrkaði út skuldirnar og fór að eyða peningum í leikmenn eins og þeir væru að detta úr tísku. Hann eyddi heilum 110 milljónum punda í félagið fyrsta árið og er talinn hafa sett 600 milljónir punda í Chelsea síðan hann eignaðist það.

Markmið Romans voru afar einföld – að gera Chelsea að einu besta félagi heims og vinna sjálfa Meistaradeildina.



Honum tókst á skömmum tíma að gera Chelsea að einu besta liði Evrópu en hinn heilagi kaleikur í augum Romans, Meistaradeildarbikarinn, hefur látið bíða eftir sér. Næst komst Chelsea því að vinna bikarinn er það mætti Man. Utd í úrslitum í Moskvu árið 2008. Þá tapaði Chelsea í vítaspyrnukeppni.

Síðustu misseri hefur Chelsea verið að gefa eftir og þolinmæði eigandans í garð knattspyrnustjóra félagsins er engin. Þeir fá lítinn tíma til þess að byggja upp lið.

Það hefur svo sannarlega ekki verið neinn skortur á hæfileikaríkum þjálfurum hjá Chelsea í gegnum tíðina en þeir hafa samt undantekningalaust fengið að fjúka.

Roman greiddi Ítalanum Carlo Ancelotti 10 milljónir punda til þess að hætta í lok síðasta sumars. Hann ákvað í kjölfarið að taka áhættu og ráða hinn 34 ára gamla Portúgala, André Villas-Boas. Portúgalinn var áður aðstoðarmaður hjá sjálfum José Mourinho og hafði verið að gera frábæra hluti með Porto.

Svo mikla trú hafði Roman á Villas-Boas að hann greiddi Porto 13,3 milljónir punda til þess að fá hann. Trúin entist ekki lengi því 36 vikum og 40 leikjum síðar ákvað Roman að reka Portúgalann unga. Það kostaði hann 11 milljónir punda og Villas-Boas var þess utan búinn að fá 3,5 milljónir punda í laun á þessum 36 vikum.

Ævintýrið í kringum Villas-Boas kostaði Roman því að minnsta kosti 27 milljónir punda. Eftir stendur ein rjúkandi rúst og efnilegir þjálfarar eins og Brendan Rodgers hjá Swansea segjast ekki hafa nokkurn áhuga á því að fara til Chelsea. Það eitt og sér segir sína sögu um það hvernig menn líta stjórastöðuna hjá félaginu.

Brasilíumaðurinn Luiz Felipe Scolari hefur að auki líkt því við helvíti að vera knattspyrnustjóri Chelsea.

Rússinn mun þó örugglega finna hæfan og reyndan mann til þess að taka við liðinu er það gerir enn eina tilraunina að því ná heilaga kaleiknum. Takist það ekki mun Roman líkast til sveifla öxinni á nýjan leik og reyna aftur enda segja kunnugir að það sé orðin þráhyggja hjá honum að vinna Meistaradeildina.

henry@frettabladid.is



**VILL RÁÐA** Abramovich var farinn að skipta sér af æfingum hjá Villas-Boas skömmu áður en hann lét hann fjúka. NORDICPHOTOS/GETTY

### Riddarar Romans

**Abramovich keypti Chelsea árið 2003 og þá var Claudio Ranieri búinn að vera stjóri liðsins í þrjú ár. Hann entist aðeins út eina leiktíð.**

| | |
|---|---|
| Claudio Ranieri | Ráðinn í september 2000 – rekinn í maí 2005 |
| José Mourinho | Ráðinn í júní 2004 – rekinn í september 2007 |
| Avram Grant | Ráðinn í september 2007 – rekinn í maí 2008 |
| Luiz Felipe Scolari | Ráðinn í júlí 2008 – rekinn í febrúar 2009 |
| Ray Wilkins | Var tímabundið stjóri í febrúarmánuði 2009 |
| Guus Hiddink | Ráðinn tímabundið í febrúar 2009 og kláraði leiktíðina. |
| Carlo Ancelotti | Ráðinn í júní 2009 – rekinn í maí 2011 |
| André Villas-Boas | Ráðinn í júní 2011 – rekinn í mars 2012 |
| Robert Di Matteo | Ráðinn til þess að klára tímabilið |

### Rúblur Romans

**Yfirlit yfir árangur Chelsea frá því að Abramovich keypti félagið og hvernig reksturinn gekk á hverju tímabili.**

| | |
|---|---|
| 2003-04: | Enginn titill – taprekstur upp á 112 milljónir punda. |
| 2004-05: | Enskir meistarar og deildarbikarmeistarar – tap upp á 104 milljónir punda. |
| 2005-06: | Enskir meistarar – tap upp á 38 milljónir punda. |
| 2006-07: | Bikarmeistar og deildarbikarmeistarar – tap upp 29 milljónir punda. |
| 2007-08: | Enginn titill – tap upp á 11 milljónir punda. |
| 2008-09: | Bikarmeistarar – hagnaður upp á 9 milljónir punda. |
| 2009-10: | Enskir meistarar og bikarmeistarar – tap upp á 16 milljónir punda |
| 2010-11: | Enginn titill – tap upp á 72 milljónir punda. |
| 2011-12: | Er í fimmta sæti deildarinnar – tap komið upp í 47 milljónir punda. |



## ÚRSLIT Í GÆR

### *Meistaradeildin 16 liða úrslit*

**Arsenal - AC Milan** **3-0**
1-0 Laurent Koscielny (7.), 2-0 Tomás Rosicky (26.), 3-0 Robin van Persie, víti (43.). AC Milan vann samanlagt 4-3.

**Benfica - Zenit St. Petersborg** **2-0**
1-0 Maxi Pereira (45+1), 2-0 Nélson Oliveira (90.+3). Benfica vann samanlagt 4-3.

### *Enski bikarinn 16 liða úrslit*

**Birmingham - Chelsea** **0-2**
0-1 Juan Manuel Mata (54.), 0-2 Raúl Meireles (60.). Chelsea fær heimaleik á móti Leicester City í átta liða úrslitunum.

### *Iceland Express kvenna*

**KR - Valur** **78-71 (65-65, 35-36)**
**Stig KR:** Erica Prosser 28 (6 stoðs.), Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19, Hafrún Hálfdánardóttir 14, Margrét Kara Sturludóttir 12 (9 frák.), Anna María Ævarsdóttir 5.
**Stig Vals:** Lacey Katrice Simpson 19 (10 frák./5 stolnir/6 varin), Þórunn Bjarnadóttir 15, María Ben Erlingsdóttir 11 (10 frák.), Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Signý Hermannsdóttir 6, Kristrún Sigurjónsdóttir 6, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **25** | **20** | **5** | **1923-1735** | **40** |
| Njarðvík | 25 | 18 | 7 | 2064-1859 | 36 |
| **Snæfell** | **25** | **14** | **10** | **1814-1843** | **28** |
| KR | 26 | 13 | 13 | 1904-1808 | 26 |
| **Haukar** | **25** | **12** | **13** | **1824-1795** | **24** |
| Valur | 26 | 11 | 15 | 1908-1928 | 22 |
| **Fjölnir** | **25** | **7** | **18** | **1779-2054** | **14** |
| Hamar | 25 | 6 | 19 | 1736-1930 | 12 |



**18 STIG Á SÍÐUSTU 15 MÍN.** Erica Prosser var frábær í lokin þegar KR vann Val í æsispennandi leik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stolt af litlu systur sinni

**Margrét Lára Viðarsdóttir spilar ekki með íslenska kvennalandsliðinu í dag á móti Dönum í leiknum um 5. sætið í Algarve-bikarnum en gat byrjað inn á með litlu systur í sigrinum á Kína. Margrét Lára hefur áhyggjur af meiðslunum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið spilar við Dani í dag í leik um fimmta sætið í Algarvebikarnum en liðið verður án markadrottningarinnar Margrétar Láru Viðarsdóttur sem glímir við meiðsli. Fréttablaðið kannaði stöðuna á markahæsta leikmanni A-landsliða Íslands frá upphafi.

„Ég get því miður ekki gefið kost á mér í leikinn á morgun. Ég er búin að vera mjög slæm í ferðinni og er búin að gera lítið sem ekki neitt á milli leikja,“ sagði Margrét Lára eftir síðustu æfinguna fyrir leikinn.

„Við reyndum í fyrsta leiknum en ég var bara slæm og er búin að vera slæm síðan. Við vildum prófa í gær á móti Kína þar sem við vorum að prófa nýtt leikkerfi,“ sagði Margrét Lára en hún var með Hólmfríði Magnúsdóttur með sér í framlínunni í sigrinum á Kína. „Mér lýst mjög vel á það að spila 4-4-2 og ég fagna alltaf því þegar það koma fleiri fram,“ sagði Margrét Lára.

Meiðslin komu ekki í veg fyrir að Margrét Lára og systir hennar Elísa byrjuðu saman í fyrsta sinn í A-landsleik. „Það var æðislegt og rosalega gaman. Ég er hrikalega stolt af henni því hún er búin að standa sig frábærlega. Hún er að koma vel inn í þetta og nú er draumur að rætast hjá okkur. Vonandi næ ég að jafna mig sem fyrst svo að þetta geti aðeins verið byrjunin á einhverju stærra í framtíðinni,“ segir Margrét Lára.

„Mér fannst hún og Katrín ná að spila rosalega vel saman. Þær eru ólíkar og það hentar oft vel. Allur varnarleikur liðsins var mjög góður á móti Kína. Ég viðurkenni samt alveg að það koma nokkur aukaslög þegar hún fær boltann og maður verður svolítið stressaður en hún er búin að sýna það að hún ætlar að standa sig vel og maður getur því aðeins farið að slaka á,“ sagði Margrét Lára í léttum tón.

Elísa er fimm árum yngri en Margrét Lára en sló í gegn með nýliðum ÍBV í fyrrasumar. „Hún var nánast búin að velja handboltann fyrir tveimur til þremur árum þannig að þetta er búið að gerast rosalega hratt hjá henni. Hún er búin að taka miklum framförum,“ segir Margrét Lára.

„Þetta sýnir það bara að það eru ekki alltaf barnastjörnurnar sem verða bestar. Sumir leikmenn springa bara út seinna og hún er kannski gott dæmi um það en líka um hvað það skilar sér að leggja hart að sér og hafa trú og metnað,“ segir Margrét Lára. En hvað með meiðslin og framhaldið hjá henni sjálfri.

„Auðvitað hef ég áhyggjur af þessum meiðslum. Það var rosalegt sjokk fyrir mig að lenda í þessu núna því við erum að fara í mikið prógramm með Potsdam. Það er Meistaradeildin í næstu viku og mikið af leikjum fram undan. Ég var komin í hörkuform og þetta var mjög svekkjandi. Ég hef gríðarlegar áhyggjur af þessu því ég hélt að ég væri lokins að komast á gott skrið,“ sagði Margrét Lára.

ooj@frettabladid.is





**MUNAR FIMM ÁRUM Á SYSTRUNUM ÚR EYJUM** Elísa Viðarsdóttir (til vinstri) er fædd 1991 en Margrét Lára Viðarsdóttir (til hægri) er fædd árið 1986. MYND/GETTYIMAGES



**VAN PERSIE** Munaði svo litlu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meistaradeildin í gærkvöldi:

## AC Milan slapp með skrekkinn

**FÓTBOLTI** Arsenal er úr leik í Meistaradeildinni þrátt fyrir frábæran 3-0 sigur á ítalska liðinu AC Milan á Emirates-leikvanginum í gærkvöldi. AC Milan vann fyrri leikinn 4-0 og þar með 4-3 samanlagt. Arsenal skoraði þrjú mörk í frábærum fyrri hálfleik en tókst ekki að bæta við mörkum í seinni. **- óój**

Leikur við Dana um 5. sætið:

## Þær byrja í dag

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson kvennalandsliðsþjálfari hefur tilkynnt byrjunarliðið er mætir Dönum í dag í leik um 5. sætið á Algarve Cup en leikurinn hefst klukkan 11.00 að íslenskum tíma. **- óój**

**Byrjunarliðið gegn Dönum**

**Markvörður:** Þóra Björg Helgadóttir
**Hægri bakvörður:** Guðný Björk Óðinsdóttir
**Miðverðir:** Elísa Viðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir
**Vinstri bakv.:** Hallbera Guðný Gísladóttir,
**Tengiliðir:** Dóra María Lárusdóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir
**Vinstri kantur:** Greta Mjöll Samúelsdóttir
**Hægri kantur:** Hólmfríður Magnúsdóttir.
**Sóknartengiliður:** Harpa Þorsteinsdóttir
**Framherji:** Fanndís Friðriksdóttir



> Stöð 2 kl. 21.00
**Mildred Pierce**

***Kate Winslet hlaut bæði Emmy- og Golden Globe-verðlaun fyrir frammistöðu sína í titilhlutverkinu í þessari mögnuðu míníseríu. Mildred Pierce er sjálfstæð, ung kona sem þarf að standa á eigin fótum og leita sér að vinnu á kreppuárunum í Kaliforníu eftir að hún sparkar ótrúum eiginmanni sínum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HORFÐI Á ´TIL DEATH

# *Mesta snilld allra tíma*



Gamanþættirnir ´Til Death fjalla á gamansaman hátt um samskipti hjónanna Joy og Eddie sem lenda oft í kostulegum ævintýrum. Hann er þunglyndur nískupúki og hún er alkohólisti sem neitar að horfast í augu við vandann. Þið getið rétt ímyndað ykkur fjörið á þeim bænum, sérstaklega þegar þeldökki vinurinn Kenny mætir á svæðið. Já, þá er sko fjör.

Þættirnir hefjast yfirleitt á því að Eddie kemur sér í einhver bráðfyndin vandræði. Hann leitar svo ráða hjá Kenny sem kemur með einhverja ótrúlega lausn sem felur í sér að Eddie þarf að taka einhvers konar áhættu. Um miðbik þáttar springur svo allt í andlitið á greyinu honum Eddie og Joy verður ansi gröm. Áhorfendur veltast hreinlega um af hlátri, hvort sem þeir eru á staðnum eða í sófanum heima. Þættirnir eru sannarlega mestu snilldarþættir allra tíma.

Frumleiki ´Til Death liggur helst í hlutskiptum hjónanna. Hann er treggáfaður, þunglamalegur og klaufskur, en hún er nokkuð myndarleg, dugleg og eldsnögg að stökkva upp á nef sér. Þessi formúla hefur aldrei verið notuð í sjónvarpssögunni. Aldrei.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Öryggissjóður verkalýðsins **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Reisubók Gúllívers **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.25 360 gráður** (e)
**15.55 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Dansskólinn** (6:7) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (51:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (22:42)
**18.30 Gló magnaða** (45:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (96:109) (Brothers and Sisters)
**20.45 Meistaradeild í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Myndir af sorpi** (Waste Land) Myndlistarmaðurinn Vik Muniz kynnir áhorfendur fyrir fólki sem safnar endurvinnanlegum efnum á ruslahaug í útjaðri Rio de Janeiro í Brasilíu og vinnur með því listaverk úr ruslinu. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna.
**00.00 Landinn** (e) Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land.
**00.30 Kastljós** (e)
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Funny Money**
**10.00 Prince and Me II**
**12.00 Shark Bait**
**14.00 Funny Money**
**16.00 Prince and Me II**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Köld slóð**
**22.00 Gran Torino**
**00.00 Delta Farce**
**02.00 Prête-moi ta main**
**04.00 Gran Torino**
**06.00 Fired Up**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (112:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 The Big Bang Theory** (17:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (19:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (10:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Til Death** (1:18)
**13.25 The Deep End** (1:6)
**14.15 Ghost Whisperer** (8:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (15:22)
**19.40 Perfect Couples** (2:13) Gamanþáttur þar sem fylgst er með samskiptum þriggja para og öllum þeim vandamálum sem geta komið upp í samskiptum kynjanna. Pörin þrjú eiga mislöng sambönd að baki og vandamálin og gleðiefnin eru eflaust kunnugleg nokkrum. Vance og Amy rífast í tíma og ótíma en eiga þrátt fyrir það afar fjörugt samlíf.
**20.05 New Girl** (4:24)
**20.30 Kalli Berndsen-Í nýju ljósi** (10:10)
**21.00 Mildred Pierce** (1:5) Magnaðir þættir um unga móður sem stendur ein á báti í kreppunni miklu.
**22.00 Gossip Girl** (6:24)
**22.45 Pushing Daisies** (5:13)
**23.30 Alcatraz** (4:13)
**00.15 NCIS: Los Angeles** (11:24)
**01.00 Rescue Me** (3:22)
**01.45 Damages** (11:13)
**02.30 Damages** (12:13)
**03.15 Planet Terror**
**04.55 New Girl** (4:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir**
**08.40 Þorsteinn J. og gestir**
**15.05 Birmingham - Chelsea**
**16.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur.
**18.35 Þorsteinn J. og gestir**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Leverkusen** BEINT frá seinni leik liðanna í 16 liða úrslitum.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir**
**22.10 Meistaradeild Evrópu: APOEL - Lyon** Leikurinn er í beinni útsendingu á Sport 3 klukkan 19.30.
**00.00 Tottenham - Stevenage**
**01.45 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Leverkusen**
**03.35 Þorsteinn J. og gestir**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Fulham - Wolves**
**16.30 Blackburn - Aston Villa**
**18.20 QPR - Everton**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Liverpool - Arsenal**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (64:175)
**20.10 American Dad** (9:18)
**20.35 The Cleveland Show** (1:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (14:24
**22.15 Two and a Half Men** (2:24)
**22.45 White Collar** (1:16)
**23.30 Burn Notice** (9:20)
**00.15 Community** (22:25)
**00.40 The Daily Show: Global Edition**
**01.05 Malcolm In The Middle** (15:22)
**01.30 Perfect Couples** (2:13)
**01.50 American Dad** (9:18)
**02.15 The Cleveland Show** (1:21)
**02.40 The Doctors** (64:175)
**03.20 Fréttir Stöðvar 2**
**04.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (4:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (6:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (15:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (4:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**15.00 BRIT Awards 2012** Upptaka frá stærstu verðlaunahátíð Evrópu.
**16.30 7th Heaven** (14:22)
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (4:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (4:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (23:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.45 Will & Grace** (19:27) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (13:13)
**20.55 The Firm** (2:22) Þættir byggðir á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham. .
**21.45 Law & Order UK** (1:13)
**22.30 Jimmy Kimmel**
**23.15 Prime Suspect** (7:13) (e)
**00.05 HA?** (23:31) (e)
**00.55 The Walking Dead** (5:13) (e)
**01.45 The Firm** (2:22) (e)
**02.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** The Honda Classic 2012 (3:4) **11.20** Golfing World **12.10** Golfing World **13.00** The Honda Classic 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Ryder Cup Official Film 1995 **19.45** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **20.45** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **21.35** Inside the PGA Tour (10:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (9:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.40** My Family **08.40** The Inspector Lynley Mysteries **10.10** Come Dine With Me **11.00** EastEnders **11.30** Come Dine With Me **12.20** My Family **15.50** QI **16.20** QI **16.50** The Best of Top Gear **17.40** The Graham Norton Show **18.25** Come Dine With Me **19.15** QI **19.45** QI **20.15** The Graham Norton Show **21.00** QI **21.30** QI **22.00** Peep Show **22.30** Live at the Apollo **23.15** My Family **01.15** The Inspector Lynley Mysteries **02.50** QI **03.45** Peep Show **04.15** Live at the Apollo **05.05** The Weakest Link

## DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Maggies nye liv **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Dyrehospitalet **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Ved du hvem du er? **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **21.45** Liza Marklunds Paradiset **23.35** Onsdags Lotto **23.45** Nye hvide verden

## NRK 1

**12.05** Førkveld **12.45** Gå fint i band **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** VM skiskyting **14.00** NRK nyheter **14.05** VM skiskyting **16.00** V-cup langrenn **16.50** Oddasat - nyheter på samisk **17.05** Tegnspråknytt **17.10** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** VM-kveld fra Ruhpolding **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Lilyhammer **21.25** Lindmo **22.10** Kveldsnytt **22.25** Vikinglotto **22.35** Nasjonalgalleriet **23.05** Sognepresten

## SVT1

**09.00** Go'kväll **09.45** Mot Alla Odds **10.45** Livsviktigt **11.55** Hübinette **12.25** Så ska det låta **13.25** Georgy - en ploygirl **15.00** Rapport **15.05** Skidor **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den sjungande trappuppgången **21.00** Game of Thrones **21.55** Dag **22.20** Tv-cirkeln. Game of thrones **22.35** Rapport **22.40** Kulturnyheterna **22.45** Skavlan **23.45** Rapport **23.50** Dox

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

VÍSINDALEG
FRAMÞRÓUN

*Extra-Firming Day*

# Stinnari húð þökk sé Clarins

Rannsóknir Clarins hafa leitt í ljós það sem til þarf til þess að viðhalda stinnri húð.
Nýja Extra-Firming dagkremið er eina kremið frá Clarins sem er stútfullt af þykkni úr jurtum sem byggja upp og styrkja þéttleika húðarinnar.*
Andlitshúðin verður stinnari og hrukkur minna sjáanlegar.
Haltu yfirbragði húðarinnar stinnu. Minnkaðu línur. Sjáðu af hverju eitt er selt á 8 sekúndna fresti í heiminum.**
Clarins er frumkvöðull til árangurs og í 1.sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði.***

*Ex vivo próf. **Samkvæmt sölutölum, allra vara í Extra Firming línunni.
***Heimild: European Forecasts.






# CLARINS

## Clarins dagar í Lyfju 7. og 8. mars.

Glæsilegur kaupauki* að verðmæti 11.000 kr. fylgir þegar verslað er fyrir 6.900 kr. eða meira.
**20% kynningarafsláttur.**

-20%

*Líttu við og kynntu þér það allra nýjasta frá Clarins og fáðu þér prufu af kremi sem hentar þinni húðtegund.*

LYFJA
- Lifið heil

*Gildir meðan birgðir endast.

Selfoss, Grindavík, Smáratorg, Laugavegi, Lágmúla og Smáralind.

## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér yfirleitt hafragraut eða ávexti, það fer allt eftir því hversu hress ég er þegar ég vakna á morgnana.“*

Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri Truenorth.

# Keppnisskapið skilaði sér í hönnunarheiminn

„Svona er það þegar maður eyðir öllum vinnudeginum saman, þá kvikna alls konar hugmyndir,“ segir Elsa Nielsen, grafískur hönnuður, sem hannaði klukkuna Lukku ásamt Þorbjörgu Helgu Ólafsdóttur.

Hönnunin vann til verðlauna í umbúðasamkeppni á vegum prentsmiðjunnar Odda og Félags íslenskra teiknara og hlutu þær 150.000 króna inneign í prentsmiðjunni að launum.

Elsa og Þorbjörg starfa báðar sem grafískir hönnuðir á auglýsingastofunni Ennemm en þetta er þeirra fyrsta samstarfsverkefni. Stöllurnar nefndu klukkuna Lukku og er hún úr umhverfisvænum pappa og lítur út eins og lítill pappakassi sem eigandinn setur sjálfur saman ásamt klukkuverki og litaspjöldum í mörgum litum.

„Okkur langaði að hanna umbúðir sem væru jafnframt varan sjálf en ég verð að gefa manninum mínum Páli Ásgeiri Guðmundssyni hrós en það var hann sem stakk upp á því að við hönnuðum klukku,“ segir Elsa en klukkan hefur vakið mikla athygli þrátt fyrir að vera ekki komin í framleiðslu enn þá. „Við höfum verið að fá fyrirspurnir og margir sem vilja til dæmis athuga með fermingargjafir. Við erum mjög ánægðar með sigurinn og stoltar.“

Elsa Nielsen er helst þekkt fyrir að hafa látið til sín taka á badmintonvellinum þar sem hún er margfaldur Íslandsmeistari en hún er langt frá því að vera búin að leggja spaðann á hilluna. „Ég er enn þá að spila með gamla genginu enda hálf ofvirk og á erfitt með að hætta. Ég er með mikið keppnisskap og ætli það hafi ekki skilað sér inn í hönnunarheiminn líka.“ **- áp**





**LUKKU KLUKKA** Samstarfskonurnar Elsa Nielsen og Þorbjörg Helga Ólafsdóttir hönnuðu klukkuna Lukku sem bar sigur úr býtum í umbúðakeppni Odda og FÍT. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




GÖNGUGREINING

- getur m.a. hjálpað ef þú finnur fyrir:

- Þreytuverkjum og pirring í fótum
- Verkjum í hnjám
- Aumum hælum
- Beinhimnubólgu
- Verkjum í iljum
- Verkjum í baki eða mjöðmum
- Hásinavandamálum

Sjúkraþjálfari framkvæmir göngugreiningu hjá Heilsulandi



HEILSULAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík
Sími: 571-1000 | www.sportland.is

Sérfræðingar Heilsulands eru Ásmundur Arnarsson og Jónas Grani Garðarsson sjúkraþjálfarar




**VILJA MÖRG HLJÓMBORÐ** Liðsmenn Manfred Mann´s Earth Band þurfa á mörgum hljómborðum að halda á tónleikum sínum í Háskólabíói. Eyþór Gunnarsson bauðst til að útvega eitt hljómborð.

ÍVAR RAGNARSSON: ALLT HLJÓMBORÐ FRÁ NÍUNDA ÁRATUGNUM

# Leita að hljómborðum úti um allt land fyrir Manfred

Fyrirtækið Exton hefur verið önnum kafið í leit að hljómborðum að undanförnu vegna tónleika Manfred Mann´s Earth Band 16. maí. Leitin hefur náð alla leið til Seyðisfjarðar og Akureyrar en tónleikarnir verða haldnir í Háskólabíói.

„Það sem okkur fannst fyndið er að þetta eru allt hljómborð frá níunda áratugnum. Þau eru ekki einu sinni gömul og ekki einu sinni ný heldur bara einhvers staðar mitt á milli,“ segir Ívar Ragnarsson hjá Exton.

Forsprakki Manfred Mann´s Earth Band er hljómborðsleikarinn Manfred Mann, sem leggur mikla áherslu á að vera með réttu hljómborðin til taks, enda byggir progtónlist sveitarinnar mjög á þéttum hljómborðsleik.



**EYÞÓR GUNNARSSON**

Þessi sögufræga hljómsveit óskaði eftir sjö til átta hljómborðum sem þurftu öll að vera af ákveðinni tegund og árgerð. Exton var ráðið til að útvega þessi hljómborð en átti þau ekki á skrá hjá sér, enda mörg þeirra sjaldgæf hér á landi. Fyrirtækið setti þá auglýsingu á síðu íslenskra hljómborðsleikara á Facbook þar sem óskað var eftir aðstoð. Einn þeirra sem lagði fram hjálparhönd var Eyþór Gunnarsson, hljómborðsleikari Mezzoforte, sem bauðst til að útvega eitt hljóðfæri.

Ekki hefur þó enn tekist að hafa uppi á öllum hljómborðunum. Aðspurður segist Ívar ekki óttast að hann finni ekki þau sem upp á vantar. „Við höfum séð um flest allar þessar hljómsveitir sem hafa komið og við getum reddað nánast öllu,“ segir hann.

Þrátt fyrir vandræðin með hljómborðin vilja liðsmenn Manfred Manns´Earth Band sjálfir ekki láta hafa mikið fyrir sér. Engin svíta hefur verið tekin frá fyrir þá og gista þeir allir í venjulegum hótelherbergjum, Manfred Mann jafnt sem tæknimennirnir.

Miðasala á tónleikana hefst á Midi.is í dag. Meðal vinsælustu laga sem Manfred Mann hefur sent frá sér eru Do Wah Diddy Diddy, Pretty Flamingo, Mighty Quinn og Blinded By the Light. **freyr@frettabladid.is**




MAGNAÐIR MIÐVIKUDAGAR
25% afsláttur
af GSM aukahlutum
í verslunum Símans
og á siminn.is
siminn.is/vefverslun
Síminn


# Rokkarar ætla að drekka í friði

„Við ákváðum að halda þetta kvöld til að sýna fram á að það sé hægt að hlusta á Motörhead og drekka Motörhead rauðvín, án þess að hljóta skaða af,“ segir Franz Gunnarsson, en hann og félagar hans á Gamla Gauknum standa fyrir rokkarakvöldi þar sem hægt verður að fá hið umdeilda Motörhead Shiraz rauðvín og Black Death bjór.

ÁTVR hefur bannað sölu á þessum vörum, og ýmsum öðrum, og segir Franz þær litlu útskýringar sem fengist hafa á þeirri ákvörðun vera grátbroslegar. „Það er alltaf gott að hafa reglugerðir og eftirlit með hlutunum, en þetta er alveg fáránlegt,“ segir Franz.

Tilgangurinn með kvöldinu er að halda umræðunni um þessa ákvörðun gangandi. „Við erum ekki beint í neinum mótmælendahugleiðingum, heldur viljum við bara benda á fáránleikann í þessu, hlusta á góða tónlist og drekka í friði,“ segir Franz og vísar þar til áletrunarinnar Drink in Peace, eða drekkist í friði, sem er að finna á flöskum Black Death bjórsins og er ástæðan fyrir því að ÁTVR hefur bannað sölu á honum.

Rokkarakvöldið verður haldið á Gamla Gauknum í kvöld og hefst klukkan 21.00. „Við erum búnir að setja saman í flotta rokkhljómsveit með meðlimum úr HAM, Sólstöfum, Skálmöld og Dr. Spock og ætlum að bjóða upp á fría tónleika með Motörhead-lögum þar sem rokkarar geta keypt sér sitt rauðvín og smakkað á sínum bjór,“ segir Franz og hvetur alla alvöru rokkara til að klæða sig upp fyrir kvöldið, þar sem vegleg verðlaun verða veitt fyrir þann sem líkist mest Lemmy Kilmister, söngvara Motörhead. **- trs**





**FRIÐSÖM MÓTMÆLI** Franz segir kvöldið hugsað til að sýna fram á að hægt sé að hlusta á rokktónlist og drekka rokkaravín, en samt komast heill heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



TÓNLIST.IS KYNNIR MEÐ STOLTI
HANDHAFA 17 GRAMMY VERÐLAUNA
Ekki missa af þessari lifandi goðsögn
Aðeins 1.500 miðar í boði
„Maðurinn sem fann upp kúlið er greinilega tímalaus og aldurslaus… ...ótrúlegt kvöld sem lifir lengi í minningu þeirra sem voru heppnir að tryggja sér miða.“
- Franck Scheck, Hollywood Reporter. Um tónleika Tony Bennett í Metropolitan Opera House í september 2011
TONY BENNETT
Eldborg Hörpu föstudaginn 10. ágúst
Sérstakur gestur
ANTONIA BENNETT
TÓNLIST.IS FORSALAN
HEFST Í DAG KL. 10!
Áskrifendur skrá sig inn á Tónlist.is og geta keypt miða samstundis - fyrstir koma, fyrstir fá.
Áskrifendur fá einnig póst með tengli sem gerir þeim kleift að kaupa miða. Takmarkað magn miða er um að ræða.
Tónlist.is
ALMENN MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10
Í MIÐASÖLU HÖRPU, Á HARPA.IS, MIÐI.IS OG Í SÍMA 528 5050.
sena

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á logfrodur@hr.is
LÖGRÉTTA
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ísbar á árshátíð

Árshátíð Íslandsbanka fór fram í Fífunni í Kópavogi um síðustu helgi. Þemað var James Bond og vakti barinn ekki síst athygli starfsfólks bankans. Var hann eftirmynd íshallar úr Bond-myndinni Die Another Day, sem var tekin upp að hluta hér á landi. Eins og Bond sjálfur var Fífan svartklædd þetta kvöld og margir af helstu poppurum landsins stigu á svið og fluttu lög úr myndunum, svo sem Páll Rósinkranz og **Regína Ósk.** Þá mætti dansparið glæsilega Hanna Rún og Sigurður Þór á svæðið og stigu þau villtan dans sem vakti mikla athygli.



### Þurftu frá að hverfa

Stútfullt var út úr dyrum í Þjóðmenningarhúsinu í gær, annan dag réttarhaldanna yfir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, fyrir Landsdómi. Eins og fjölmiðlar hafa greint frá hafa færri komist að en vildu þessa tvo daga og var gærdagurinn svo sannarlega engin undantekning. Davíð Oddsson, ritstjóri Morgunblaðsins og fyrrverandi seðlabankastjóri, var án efa vinsælasta vitnið sem svaraði spurningum fyrir Landsdómi í gær, en meðal þeirra sem þurftu frá að hverfa þegar Davíð bar vitni voru Ólafur Arnarson hagfræðingur og Hallur Hallsson rithöfundur. **Hannes Hólmsteinn Gissurarson** prófessor fékk sæti, enda mætti hann tímanlega.

- afb, sv



## Mest lesið VÍSIR

1. Guðgeiri gert að gangast undir geðrannsókn
2. „Þú talar ekki svona við mig drengur"
3. Eins og dauðvona krabbameinssjúklingur
4. Hnökkum stolið á Selfossi
5. Einkalífeyrissjóðurinn var ólöglegur





